



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÁRBORG aðalskipulag 2010–2030

SKIPULAGSGREINARGERÐ ásamt umhverfisskýrslu

Vinnustofan Pverá ehf

arkverk@arkverk.is





Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÁRBORG

aðalskipulag 2010–2030

GREINARGERÐ

ásamt umhverfisskýrslu



GREINARGERÐ

ásamt umhverfisskýrslu

1.	INNGANGUR	9
1.1	FORMÁLI	9
1.2	ÁKVÖRÐUN UM GERÐ OG VINNA VIÐ AÐALSKIPULAG ÁRBORGAR	10
1.3	SKIPULAGSSVÆÐI OG FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	12
1.4	SKIPULAGSTÍMABIL OG HELSTU BREYTINGAR ENDURSKOÐAÐS AÐALSKIPULAGS	12
1.5	AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLÖG OG ÁÆTLANIR	14
1.5.1	Áhrif skipulagsáætlana Árborgar á aðlæg sveitarfélög	14
1.5.2	Áhrif skipulagsáætlana aðlægra sveitarfélaga á skipulagsáætlanir Árborgar	14
2.	FRUMFORSENDUR: EINKENNI, STAÐA OG FRAMTÍÐARHORFUR	15
2.1	EINKENNI SVEITARFÉLAGSINS OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR	15
2.2	ALMENNT UM AÐALSKIPULAGIÐ	15
2.3	SJÁLFBÆR PRÓUN OG STAÐARDAGSKRÁ 21	16
2.4	GAGNAÖFLUN OG SAMRÁÐ – UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR	16
3.	FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ	18
3.1	STEFNUYFIRLÝSING BÆJARSTJÓRNAR	18
4.	FORSENDUR OG STEFNA SKIPULAGSTILLÖGU	19
4.1	SAGA ÁRBORGAR	19
4.1.1	Áhrif sögulegra forsendna á aðalskipulag Árborgar	19
4.2	NÁTTÚRUFAR	19
4.2.1	Staðhættir og landslag	19
4.2.2	Jarðfræði	20
4.2.3	Veðurfar	20
4.2.4	Dýralíf	20
4.2.5	Gróðurfar, graslendi, tún, mólendi	21
4.2.6	Votlendi	21
4.2.7	Strandsvæði, ár, vötn	22
4.2.8	Áhrif náttúrufars á aðalskipulagstillögu	22
4.3	NÁTTÚRUVÁ	23
4.3.1	Almennt	23
4.3.2	Jarðskjálftar, sprungusvæði	23
4.3.3	Flóðahætta	24
4.3.4	Landbrot	24
4.3.5	Náttúrumengun, sjónmengun, hávaða- og loftmengun	26
4.3.6	Áhrif af náttúruvá og mengun á aðalskipulagstillögu	26

4.4	UMHVERFI – NÁTTÚRUVERNÐ – MINJAVERNÐ – HVERFISVERNÐ – VATNSVERNÐ	27
4.4.1	Almennt	27
4.4.2	Náttúruminjar	29
4.4.3	Minjavernd, friðlýstar minjar	29
4.4.4	Aðrar fornminjar, örnefni	30
4.4.5	Friðuð mannvirki, húsakannanir, hverfisvernd	31
4.4.6	Fuglafriðland	32
4.4.7	Vatnsvernd	32
4.4.8	Áhrif verndarsvæða á aðalskipulagstillögu	33
4.5	ÞÉTTBÝLI	34
4.5.1	Sérkenni og þróun þéttbýliskjarna	34
4.6	ÍBÚÐARSVÆÐI	35
4.6.1	Einkenni, þéttleiki, byggingarár og aldur húsa	35
4.6.2	Íbúafjöldi, aldursskipting og íbúaspá	35
4.6.3	Áhrif íbúaspár á aðalskipulagstillögu, fyrirhuguð uppbygging svæða	36
4.7	LANDBÚNAÐARSVÆÐI – BÚGARÐABYGGÐ – FRÍSTUNÐABYGGÐ	39
4.7.1	Landbúnaðarsvæði	39
4.7.2	Búgarðabyggð	39
4.7.3	Frístundabyggð	40
4.8	ÚTIVISTARSVÆÐI OG ÖNNUR OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	41
4.8.1	Almennt	41
4.8.2	Skógrækt, trjárækt, gróðursetning	41
4.8.3	Kirkjugarðar	41
4.8.4	Íþróttasvæði	42
4.8.5	Leiksvæði, sparkvellir	42
4.8.6	Skólagarðar, matjurtagarðar	42
4.8.7	Tjaldsvæði	42
4.8.8	Golf	42
4.8.9	Hesthúsabyggð	42
4.8.10	Strendur, siglingar, árbakkar, veiði o.fl.	42
4.8.11	Óbyggð svæði	42
4.9	ATHAFNA- IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI – EFNISTAKA – EFNISLOSUN	43
4.9.1	Athafna- og iðnaðarsvæði, hafnarsvæði	43
4.9.2	Efnistaka	43
4.9.3	Efnislosun	44
4.10	MIÐSVÆÐI	44
4.11	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	45
4.11.1	Svæði fyrir verslun og aðra þjónustu	45
4.12	ÞJÓNUSTUSTOFNANIR OG SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA	45
4.12.1	Opinberar stofnanir, stjórnarsýsla og löggæsla	45
4.12.2	Skólasvæði, skólar	45
4.12.3	Leikskólar	46
4.12.4	Heilsugæsla og öldrunarþjónusta	46
4.12.5	Söfn	46
4.12.6	Sundstaðir – íþróttahús	47
4.12.7	Ferðamannaþjónusta	47
4.12.8	Kirkjur, safnaðarheimili, félagsheimili	48
4.12.9	Fjölnota íþróttahús	48
4.13	ÞRÓUN ATVINNULÍFS	48

4.14	VEITUR OG SORPFÖRGUN	50
4.14.1	Vatnsveita	50
4.14.2	Fráveita	51
4.14.3	Rafveita	52
4.14.4	Jarðhiti, hitaveita	53
4.14.5	Boðveita	54
4.14.6	Sorphirða og sorpeyðing	54
4.15	SAMGÖNGUR	56
4.15.1	Almennt	56
4.15.2	Umferð og bílæign	56
4.15.3	Breytingar á þjóðvegum og aðrar helstu breytingar á samgöngukerfi	56
4.15.4	Umferðarskipulag og flokkun vega	57
4.15.5	Bílastæði	57
4.15.6	Reiðstígar	57
4.15.7	Göngu- og hjólastígar	57
4.15.8	Almenningssamgöngur, áætlunarferðir	58
4.15.9	Flug	58
4.16	EIGNARHALD	60
4.16.1	Eignarhald á landi	60
5.	UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSTILLÖGU	61
5.1	FRAMKVÆMD LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	61
5.2	FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM	61
5.3	HELSTU ÞÆTTIR AÐALSKIPULAGSTILLÖGU SEM META ÞARF	62
6.	UMHVERFISSKÝRSLA – MAT Á KOSTUM	63
6.1	SAMANTEKT	63
6.2	INNGANGUR	65
6.3	TENGL VÍÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	65
6.4	FERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	67
6.5	UMHVERFISAÐSTÆÐUR OG STEFNA SVEITARSTJÓRNAR	67
6.6	AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU OG UMHVERFISÞÆTTIR	67
6.7	ÖFLUN UPPLÝSINGA OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ	68
6.8	UMHVERFISMAT – AÐFERÐIR OG FRAMSETNING	69
6.9	SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA	69
6.10	MAT UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUPÁTTA	71
6.10.1	Mat á breyttri landnotkun	71
6.10.2	Mat á þróun byggðar	72
6.10.3	Mat á þróun atvinnusvæða	73
6.10.4	Mat á staðsetningu þjónustustofnana	74
6.10.5	Mat á samgöngubáttum	74
6.11	HEILDARNIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS	79
7.	FERLI OG SAMÞYKKT AÐALSKIPULAGS	80
8.	HEIMILDIR	82

VIÐAUKI á auglýsingatíma – nú þegar gerð fornleifaskráning í sveitarfélaginu:
Aðalskráning fornleifa í Árborg, 1, dagsett í apríl 2008

1. INNGANGUR

1.1 FORMÁLI


Skipulagsmál hafa með margvíslegum og afgerandi hætti áhrif á líðan og afkomu íbúa. Það er stefna Sveitarfélagsins Árborgar að haga landnýtingu, skipulagi byggðar, atvinnusvæða, úti- vistarsvæða og samgöngumannvirkja með þeim hætti að eðlilegt samræmi sé milli hagsmuna og velferðar fólksins, atvinnufyrirtækja, opinberrar þjónustu og annarra hagsmunaaðila. Á síðasta áratug fjölgaði íbúum Árborgar mjög og vöxtur sveitarfélagsins var mikill á öllum sviðum. Í kjölfar hrunsins í október 2008 hafa aðstæður breyst og ekki er enn séð fyrir endann á þeim afleiðingum sem þetta kann að hafa, jafnt í Árborg sem annars staðar á landinu. Við þær aðstæður er einmitt mikilvægt að staldra við og meta þau áhrif sem hin hraða uppbygging hafði og leggja línur um hvert stefnt skuli í framhaldinu. Sveitarfélagið Árborg hefur mikinn metnað til þess að hér verði sjálfbært samfélag á sem flestum sviðum og að sveitarfélagið verði áfram vænlegur kostur til búsetu og blómlegrar atvinnustarfsemi.

Eftirfarandi þættir eða stefnumið eru lýsandi fyrir þær áherslur sem sveitarfélagið hefur sett:

- Árborg er framsækið og nútímalegt sveitarfélag sem dregur til sín fjölbreytta atvinnustarfsemi og skapar ákjósanleg skilyrði til heilbrigðs lífs og kjöraðstæðna til uppvaxtar barna og ungmenna.
- Löng hefð er fyrir þjónustustarfsemi af fjölbreyttu tagi. Atvinnugreinar eins og matvælaframleiðsla, iðnaður af ýmsu tagi og þekkingar- og rannsóknarstarfsemi eru áberandi í samfélaginu. Þá er ferðaþjónusta og menningar- og listastarfsemi mjög vaxandi atvinnugrein. Mikilvægt er að hlúa að fjölbreyttri atvinnustarfsemi sem treystir enn frekar þær stoðir sem byggðarlagið þarf að búa yfir.
- Árborg eru kjöraðstæður til að skapa sjálfbært samfélag á flestum sviðum og leggur sveitarfélagið áherslu á þætti eins og almenningssamgöngur, markvissa endurvinnslu úrgangs, verndun náttúruverðmæta t.d. fuglafriðlands, árbakkans, fjörunnar og endurheimt votlendis.
- Þróun starfsemi sveitarfélagsins tekur mið af lýðræðislegu hlutverki þess með hagsmunum og þarfir íbúa að leiðarljósi. Sveitarfélagið er lýðræðislegur vettvangur sem hefur þjónustuhlutverki að gegna og hagnýtir sér þann mannauð sem býr í starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins.
- Árborg er sterkt sveitarfélag og stendur við allar sínar skuldbindingar.
- Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins. Lögð er áhersla á að gæta velferðar hennar með því að fylgja samræmdri fjölskyldustefnu og treysta fjölskylduvænt samfélag.
- Árborg er fyrirmyndar vinnuveitandi og stuðlar að góðum starfsanda og góðum vinnuaðstæðum.
- Árborg leitast við að nýta sér bestu mögulega tækni í samskiptum og viðskiptum almennt. Með bættum rafrænum samskiptum og aukinni flutningsgetu á gögnum mun þjónusta við íbúa batna. „Mín Árborg“ er einn liður í þessari viðleitni.

Stefna og áherslur einstakra málaflokka er útfærð sérstaklega á heimasíðu sveitarfélagsins, www.arborg.is. Má þar nefna málaflokka eins og fræðslumál, umhverfismál, jafnréttismál, starfsmannamál, öldrunarmál, íþróttar- og tómstundamál, forvarnir og lista- menningarmál auk heildstæðrar fjölskyldustefnu. Stefnuyfirlýsingarnar eru lifandi verkfæri sem eru í sífelldri þróun.

Bæjarstjórn Árborgar leggur ríka áherslu á að endurskoðuð aðalskipulagsáætlun fyrir Sveitarfélagið Árborg til ársins 2030 endurspegli framangreind stefnumið.



Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Árborgar

1.2 ÁKVÖRÐUN UM GERÐ OG VINNA VIÐ AÐALSKIPULAG ÁRBORGAR

Aðalskipulag Árborgar 2005-2025, sem þessi endurskoðun byggist á, var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann 15.01.2006 og staðfest af umhverfisráðherra þann 23.03.2006. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006 varð breyting á meirihluta í bæjarstjórn Árborgar. Þar sem aðalskipulagsáætlanir eiga að endurspeglar stefnumörkun sveitarstjórnar hverju sinni samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar á fundi sínum í ágúst 2006 að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og fól Vinnustofunni Þverá ehf, þeim Valdísi Bjarnadóttur arkitekt og Gunnari Inga Ragnarssyni verkfræðingi, sem voru skipulagsráðgjafar við gerð aðalskipulags Árborgar 2005-2025, að sjá um endurskoðun aðalskipulagsins.

Peirri vinnu var ekki lokið þegar aftur var myndaður nýr meirihluti bæjarstjórnar Árborgar 8. desember 2008 og breyttust þá forsendur ýmissa málaflokka nokkuð, þó stefnumörkun sé í stórum dráttum sú sama.

Vinna við aðalskipulagið er á ábyrgð skipulags- og byggingarnefndar í umboði bæjarstjórnar. Starfshópur um aðalskipulag skipaður af bæjarstjórn fer með verkefnisstjórn og samskipti við ráðgjafa við aðalskipulagsgerðina. Í starfshóp um endurskoðun aðalskipulagsins, sem skipaður var að loknum sveitarstjórnarkosningum 2006 og starfaði það ár áttu sæti:

Porvaldur Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar og formaður starfshópsins,
Stefanía Katrín Karlsdóttir bæjarstjóri,
Grímur Arnarsson bæjarfulltrúi,
Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarfulltrúi,
Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri framkvæmda- og veitusviðs,
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Gústaf Adolf Hermannsson var fundaritari hópsins.

Starfshópurinn hélt fimm bókaða fundi og var endurskoðunin vel á veg komin þegar meirihlutasamstarfi var slitið og nýr meirihluti myndaður í árslok 2006. Breyttust þá skipulagsforsendur og nýr starfshópur var myndaður. Sömu ráðgjöfum og áður var falið að vinna áfram að endurskoðuninni. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í júlí 2007. Í síðari starfshóp um endurskoðun aðalskipulagsins voru skipuð:

Porvaldur Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar og formaður starfshópsins,
Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri
Ari Thorarensen bæjarfulltrúi,
Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri framkvæmda- og veitusviðs
Ásta Stefánsdóttir bæjarritari,
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Grétar Zophaníasson var starfsmaður hópsins.
Gústaf Adolf Hermannsson var fundaritari hópsins.

Ásbjörn Blöndal hætti störfum í okt. 2007 og í hans stað kom staðgengill framkvæmdastjóra framkvæmda- og tækisviðs Jón Tryggvi Guðmundsson. Guðmundur Elíasson tók við af honum í janúar 2008.

Gústaf Adolf Hermannsson hætti einnig störfum í okt. 2007 og Gísli Davíð Sævarsson tók við starfi fundaritara.

Katrín Georgsdóttir og Soffía Sigurðardóttir fulltrúar umhverfismála komu í nefndina, Soffía í nóvember 2007 og Katrín sem sérfræðingur umhverfismála í mars 2008.

Aðalskipulagshópur hefur haldið yfir 20 formlega og bókaða fundi um endurskoðunina, auk þess hafa verið haldnir vinnu- og samráðsfundir um afmarkaða þætti og mat mismunandi valkosta og lausna. Bæjarstjórn kynnti drög að tillögu á almennum borgarafundi þann 20. janúar 2010 í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati áætlunarinnar sbr. svarbréf stofnunarinnar dagsett 5. febrúar 2010.

Tillaga að aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 var samþykkt í bæjarstjórn 11. febrúar 2010 til auglýsingar samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og síðan send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun til umsagnar sbr. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Umsagnir bárust frá umsagnaraðilum sbr. kafla 2.4 um gagnaöflun og samráð.

Athugasemdir Skipulagsstofnunar eru dagsettar 20. maí 2010 og gerir stofnunin ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 18. gr. að teknu tilliti til athugasemda.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2010 var ekki mótuð ný stefna varðandi endurskoðun aðalskipulagsins, en ákveðið að skipulags- og byggingarnefnd myndi ljúka við að endurskoða aðalskipulagið á grundvelli þeirrar vinnu sem þegar hafði farið fram og því ekki skipaður nýr vinnuhópur í stað aðalskipulagshóps. Í skipulags- og byggingarnefnd sitja:

Gunnar Egilsson formaður,
Tómas Ellert Tómasson,
Hjalti Jón Kjartansson,
Kjartan Ólason,
Íris Böðvarsdóttir.

Brugðist var við framkomnum athugasemdum umsagnaraðila sbr. kafla 2.4 um gagnaöflun og samráð - umsagnir og athugasemdir. Jafnframt var tekið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar og ákveðið í september 2010 að auglýsa tillöguna. Sjá ennfremur kafla 7 um ferli og samþykkt aðalskipulagsins.

1.3 SKIPULAGSSVÆÐI OG FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Sveitarfélagið Árborg var stofnað 7. júní 1998 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga í neðanverðum Flóa, þ.e. Selfossbæjar, Eyrarbakkahepps, Stokkseyrarhepps og Sandvíkurhepps. Fyrsta aðalskipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið í heild var staðfest 23. mars 2006, og féllu þá úr gildi Aðalskipulag Selfoss 1995–2015, Aðalskipulag Stokkseyrar 1996–2016 og Aðalskipulag Eyrarbakka 1997–2017, ásamt þeim breytingum sem á þeim höfðu verið gerðar.

Meðan endurskoðun aðalskipulags fór fram voru gerðar eftirfarandi sérstakar breytingar á aðalskipulagi Árborgar 2005-2025, sem allar hafa verið staðfestar og færðar inn á kortagrunna aðalskipulagsins:

1. Stóra Sandvík 1 B, landbúnaðarsvæði breytt í íbúðabyggð (2007)
2. Byggðarhorn, 150 ha landbúnaðarsvæði breytt í búgarðabyggð (2007)
3. Byggðarhorn nr. 22, búgarðasvæði stækkað (2007)
4. Svæði milli Eyrarbyggðar og flugvallar breytt í athafna- og iðnaðarsvæði, þar sem m.a. er gámasvæði með móttöku efna til endurvinnslu og spilliefna, og dælu- og hreinsistöð norðan flugvallar færð lítillaga til austurs, veghelgunarsvæði Eyrarbyggðar sett inn (2008)
5. Merkilandstún, verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði stækkað (2009)

1.4 SKIPULAGSTÍMABIL OG HELSTU BREYTINGAR ENDURSKOÐAÐS AÐALSKIPULAGS

Samhliða ofanskráðum aðalskipulagsbreytingum voru teknar ákvarðanir um þær breytingar sem lagðar yrðu fram í endurskoðuðu aðalskipulagi og stefnu til næstu 20 ára. Skipulagstímabilið er skilgreint árin 2010–2030.

Helstu breytingar, sem gerðar eru í endurskoðuninni eru:

Breytingar á dreifbýlisuppdrætti:

1. Búgarðabyggð er felld niður á eftirfarandi svæðum, sem breytast aftur í landbúnaðarsvæði: Sunnan Votmúlavegar við Geirakot og Eyði Sandvík, norðan Votmúlavegar við Smördali og Nýjabæ. (Búgarðabyggð norðan Eyrarbakka er felld niður og búgarðabyggð í Stokkseyrar-mýri norðan Holtsvegur er felld niður, en sunnan Holtsvegur er hún óbreytt sbr. þéttbýlisuppdrætti Eyrarbakka og Stokkseyrar) sbr. kafla 4.7.1, 4.7.2 og 6.2.
2. Völlur, fristundabyggð austan Eyrarbyggðar í landi Stóru Sandvíkur er sett inn ásamt veltengingu við Eyrarbyggðar sbr. kafla 4.7.3.
3. Undirgöng undir Eyrarbyggðar vegna reiðvegur sunnan við Tjarnarbyggðar við hreppamarkaskurð eru sett inn sbr. kafla 4.15.3.
4. Legu reiðleiða er breytt á dreifbýlisuppdrætti og þéttbýlisuppdráttum samkvæmt tillögum reiðvegahóps, sbr. þemakort og kafla 4.15.3 og 4.15.6.

Breytingar á þéttbýlisuppdrætti Selfoss:

1. Legu Suðurlandsvegur vestan Selfoss ásamt veghelgunarsvæði er lítillaga hnikað til í samræmi við hönnunartillögu Vegagerðarinnar sbr. kafla 4.15.3 og 6.5.
2. Fjölnotahús (s12) sem fyrirhugað var við flugvallarsvæði er sett sem fjölnota íþróttasvæði í miðju bæjarins sbr. kafla 4.12.6, 4.12.9 og 6.4.
3. Flugvöllurinn, sem verið hafði víkjandi, er festur í sessi, jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu Flugklúbbs Selfoss á athafnasvæði við flugvöll og svonefndum Fluggörðum, sérstakri gerð íbúðarhúsnæðis norðan flugbrauta sbr. kafla 4.6.3., 4.9.1, 4.15.9 og 6.5.
4. Akstursíþróttasvæði er staðsett vestan flugvallar með veltengingu sunnan flugvallar sbr. kafla 4.8.4.
5. Kirkjugarður er stækkaður á núverandi stað og fyrirhugaður kirkjugarður fluttur af Fossnesi í Mógil. Á Fossnesi verður opið svæði til sérstakra nota sbr. kafla 4.8.3, 4.8.11 og 6.1.
6. Vestasti hluti Suðurhóla, ásamt hringtorgi, er færður sunnar og fyrirhugað íbúðabyggð norðan vegarins stækkuð, þannig að öll íbúðabyggð verður norðan vegarins, sem eykur tengsl svæða og umferðaröryggi. Á þetta nýja svæði í landi Bjarkar er komið fyrir nýjum grunnskóla og leikskóla, sem áður voru fyrirhugaðir í Hagalandi, en stofnanasvæði þar haldið. Á þessu svæði meðfram Eyrarvegi verður blönduð byggð, verslun og þjónusta í bland við íbúðabyggð. Heimreiðin að Björk færir á Suðurhóla eftir að gatan verður lögð sbr. kafla 4.6.3, 4.12.2 og 4.12.3.

7. Svæði meðfram Eyrarvegi, við Álalæk og Víðimel er breytt úr íbúðarsvæði í blandað svæði íbúða, verslunar og þjónustu sbr. kafla 4.13.
8. Sunnan hesthúsasvæðis í landi Dísarstaða er sett inn íbúðarbyggð sbr. kafla 4.6.3 og 4.8.9.
9. Athafnasvæði norðan og sunnan nýs Suðurlandsvegur er stækkað, einnig stækkar iðnaðarsvæði sunnan Suðurlandsvegur sbr. kafla 4.9.1 og 4.13.
10. Undirgöng fyrir ökutæki og gangandi vegfarendur eru sett undir nýjan Suðurlandsveg sbr. kafla 4.15.3.
11. Íbúðar- og frístundasvæði norðan Ölfusár er breytt í frístundasvæði eingöngu sbr. kafla 4.7.3.
12. Stofnanasvæði vestan sjúkrahúss er stækkað og þar gert ráð fyrir leikskóla sbr. kafla 4.12.3.
13. Austurvegur 36, lóðinni skipt, lóð við Austurveg áfram merkt sem miðsvæði en innri lóðin merkt sem íbúðarsvæði. Austurvegur 28, Ljósheimar merking (s8) fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili er felld út sbr. þéttbýlisupprátt Selfoss. Skólavellir 3, landnotkun er breytt úr stofnanasvæði í verslun, þjónustu og íbúðir og merking (s6) tónlistarskóli fellur burt sbr. þéttbýlisupprátt Selfoss.
14. Tvær íbúðarlóðir við Úthaga og tvær við Lambhaga eru stækkaðar lítillega sbr. þéttbýlisupprátt Selfoss.
15. Lækjarmótatíppur sunnan Suðurhóla, svæðið er stækkað til norðurs og austurs, en minnkað til suðurs. Típpunarsvæðinu verður lokað á skipulagstímabilinu og nýtt svæði verður í landi Súluholts í Flóahreppi sbr. kafla 4.9.3.

Breytingar á þéttbýlisupprætti Eyrarbakka:

- a. Búgarðabyggð er felld niður norðan Eyrarbakka sbr. kafla 4.7.2 og 6.2.
- b. Stofnanalóð ætluð fyrir grunnskóla er sett austan Háeyrarvegur, norðan Hjalladælar sbr. kafla 4.12.2.
- c. Stofnanasvæði þar sem var heilsugæslu er breytt í íbúðarbyggð sbr. þéttbýlisupprátt og kafla 4.12.4.
- d. Hjalladæl 1 er breytt úr stofnanalóð í íbúðarlóð sbr. þéttbýlisupprátt Eyrarbakka.
- e. Íbúðarbyggð vestast á Eyrarbakka er felld út sbr. þéttbýlisupprátt og kafla 4.6.3.

Breytingar á þéttbýlisupprætti Stokkseyrar:

1. Búgarðabyggð norðan Stokkseyrar í Stokkseyrarmýri er minnkuð sbr. kafla 4.7.2 og 6.2.
2. Námu- og típpunarsvæði er afmarkað við núverandi grjótnámsgryfjur sbr. kafla 4.9.3.
3. Athafnasvæði sett inn sunnan Kotleysuvegar á Stokkseyri sbr. kafla 4.9.1.
4. Athafnasvæði austan Stokkseyrar fellt út, íbúðarsvæði sett í staðinn sbr. kafla 4.9.1.
5. Íbúðarsvæði vestan Stokkseyrar er stækkað sbr. þéttbýlisupprátt og kafla 4.6.3.
6. Íbúðarbyggð við Heiðarbrún á Stokkseyri er minnkuð til vesturs og norðurs sbr. þéttbýlisupprátt og kafla 4.6.3.
7. Stofnanasvæði þar sem var heilsugæsla er breytt í íbúðarbyggð sbr. þéttbýlisupprátt og kafla 4.12.4.
8. Blandaðri íbúðar- og frístundabyggð við Skjöldali austan Stokkseyrar er breytt, svæðið er minnkað til austurs og skilgreint sem frístundabyggð eingöngu sbr. kafla 4.7.3.
9. Frístundabyggð við Skipavatn er sett inn sbr. kafla 4.7.3.
10. Iðnaðarlóð að Eyrarbraut 21-23 er breytt í blandaða notkun íbúða með verslunar- og þjónustusvæði þar sem fyrirhugað er gistiheimili fyrir listamenn ásamt listasmiðju sbr. kafla 4.11.1.

1.5 AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLÖG OG ÁÆTLANIR

Norðan Ölfusár liggur Sveitarfélagið Árborg að Sveitarfélaginu Ölfusi bæði til vesturs og austurs. Sunnan og austan Ölfusár liggur Sveitarfélagið Árborg til austurs að Hraungerðishreppi og sunnar að Gaulverjabæjarhreppi, sem árið 2005 sameinuðust ásamt Villingaholtshreppi í Flóahrepp.

Skipulagsáætlanir þessara nágrannasveitarfélaga eru þær að Aðalskipulag Ölfuss 2002–2014 var staðfest 4. janúar 2005, Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003–2015 í Flóa var staðfest í mars 2006 og aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003–2015 var staðfest 16. september 2005.

1.5.1 Áhrif skipulagsáætlana Árborgar á aðlög sveitarfélög

Ekki verður séð að þær breytingar sem gerðar eru með endurskoðun aðalskipulags Árborgar hafi áhrif á samþykktar skipulagsáætlanir aðlægra sveitarfélaga, enda ekki gerðar neinar breytingar skipulagsþátta á sveitarfélagamörkum, s.s. vegakerfi, reiðleiðum, lögnum og vatnsvernd, nema legu nýs Suðurlandsvegar á mörkum Ölfuss norðan Selfoss er hnikað lítið eitt til norðurs, í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar.

1.5.2 Áhrif skipulagsáætlana aðlægra sveitarfélaga á skipulagsáætlanir Árborgar

Staðfest aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003–2015 í Flóa gerir ráð fyrir nýjum þéttbýliskjarna þétt við austurmörk Árborgar. Þessi uppbygging gæti haft veruleg áhrif á fyrirhugaða þéttingu miðbæjar og mannlíf á Selfossi. Ekki verður séð að gerð hafi verið grein fyrir hvernig þjóna eigi þessu nýja þéttbýli með tilliti til skóla, dagvistar, félags- og heilbrigðisþjónustu né heldur hvernig almennri þjónustu s.s. að- og fráveitum o.fl. verður háttað vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar á mörkum sveitarfélaganna.

Aðrar áætlanir aðlægra sveitarfélaga virðast í góðu samræmi við skipulagsáætlanir Árborgar.

2. FRUMFORSENDUR: EINKENNI, STAÐA OG FRAMTÍÐARHORFUR

Sveitarfélagið Árborg er meðal tíu fjölmennustu sveitarfélaga landsins, íbúar voru 6961 þann 1. desember 2005 en eru þann 1. desember 2009 orðnir 7810, eða mjög svipað og staðfest aðalskipulag gerði ráð fyrir. Sveitarfélagið er 15.900 ha eða 159 km² að stærð. Mikil drift hefur verið í byggingarframkvæmdum síðastliðin ár eða fram til efnahagshruns í október 2008, en forsendur á landinu öllu hafa breyst síðan þá. Sveitarfélagið nýtur þó enn nálægðar við höfuðborgarsvæðið svo og við mikinn fjölda sumarbústaða í uppsveitum Árnessýslu. Atvinnulíf er nokkuð stöðugt miðað við önnur sveitarfélög og er Árborg miðstöð þjónustu og verslunar á Suðurlandi.

Endurskoðað aðalskipulag skal vera grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð, það skal nýtast sem virkt stjórnæki við ákvarðanir og áætlanir sveitarfélagsins um nýtingu og hvers konar ráðstöfun lands. Stefnt er að því að það dragi fram hvernig nýta megi kosti og sérkenni hvers og eins þéttbýliskjarna sveitarfélagsins og dreifbýlisins til styrktar sameinaðri heild.

2.1 EINKENNI SVEITARFÉLAGSINS OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Sveitarfélagið er að mestu flatlendi, undantekning er fjallendi Ingólfsfjalls í norðurmörkum. Ölfusá rennur á um 14 km² landssvæði. Þéttbýli er að mestu neðan við 20 m hæðarlínu og er alls um 6 km², Selfoss 5 km², Stokkseyri 0,5 km² og Eyrarbakki 0,5 km². Byggð í dreifbýlinu hefur þéttst nokkuð á búgarðasvæðum, einkum Tjarnarbyggð, undanfarin ár.

Mestur hluti af landi sveitarfélagsins utan þéttbýlis er grasi gróið, móar og mýrar, grunnvatn stendur hátt en jarðvegur er ekki þykkur. Margar tjarnir eru á svæðinu og fuglalíf er fjölskrúðugt á vorin og sumrin.

Utan strandlengjunnar í suðri er nær samfelldur skerjagarður og hafnarskilyrði því erfið. Á flóði fara skerin í kaf og brýtur á þeim þegar alda vex. Sjóvarnargarðar skýla byggðinni við ströndina.

2.2 ALMENNT UM AÐALSKIPULAGIÐ

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010–2030 markar stefnu næstu 20 ára í skipulagsmálum. Því er ætlað að endurmeta þá arfir sveitarfélagsins og styrkja þá að m.t.t. byggðar- og atvinnuþátta, þar sem rík áhersla er lögð á umhverfisleg gæði, auk þess að uppfylla lagalega skipulagsskyldu. Aðalskipulagi er ætlað að vera sveitarstjórn og starfsmönnum sveitarfélagsins öflugt stjórnæki til að ná settum markmiðum og gefa íbúum og atvinnurekendum glögga yfirsýn yfir framtíðar fyrirætlanir um leið og þeir eru hvattir til þátttöku í mótun umhverfis og atvinnusköpun.

Samkvæmt 16. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 ber sveitarstjórn ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir allt land innan marka sveitarfélagsins. Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld skv. 9. gr. laganna.

Aðalskipulag samanstendur af skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdráttum, skv. 5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Skv. gr. 5.3.2. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 skulu sveitarfélagsuppdrættir aðalskipulags vera í mælikvarða 1:100.000–1:25.000.

Samkvæmt gr. 5.3.3. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 skal í þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags setja fram stefnu um landnotkun og þróun byggðar í þéttbýli. Slík kort eiga almennt að vera í mælikvarða 1:10.000.

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélags á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt skv. 17. gr. laga nr. 73/1997.

Einnig skulu tillögur kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Að lokinni kynningu skal tillaga tekin til fyrri umræðu og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga. Telji Skipulagsstofnun tillöguna ekki fullnægja

settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

Staðfesting aðalskipulags er háð samþykki ráðherra skv. 19. gr. laga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun veitir ráðherra umsögn um aðalskipulagið innan fjögurra vikna frá því hún fékk það sent. Stofnunin getur lagt til að staðfestingu aðalskipulags sé synjað eða frestað að öllu leyti eða hluta. Áður en ráðherra tekur ákvörðun í slíkum tilvikum skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

1. Uppdrættir fyrir aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010–2030 eru:

Sveitarfélagsuppdráttur sem nær yfir allt sveitarfélagið	í mælikvarða 1:50.000
þéttbýlisuppdráttur af Selfossi	í mælikvarða 1:10.000
þéttbýlisuppdráttur af Eyrarbakka	í mælikvarða 1:10.000
þéttbýlisuppdráttur af Stokkseyri	í mælikvarða 1:10.000

Sveitarfélagsuppdráttur og þéttbýlisuppdrættir, ásamt greinargerð, eru til undirritunar og staðfestingar.

Eftirfarandi séruppdrættir, þ.e. þemakort eru til nánari skýringar án staðfestingar og kallast skýringaruppdrættir:

1. Aðalskipulag Árborgar 2005-2025 aðalskipulagsuppdrættir staðfestir þann 23.03.2006.
2. Eignarhald á landi: eign sveitarfélags, ríkis eða einkaeign
3. Takmarkanir á landnotkun: náttúruvá s.s. flóðasvæði, sprungur, jarðskjálftasvæði, vernduð svæði s.s. vatnsvernd, náttúruvernd, hverfisvernd (fuglafriðland), fornminjar.
4. Útivist, tengd með göngu-, hjóla- og reidstígum: opin svæði til sérstakra nota s.s. ípróttasvæði, skógræktarsvæði, náttúruverndarsvæði, fuglafriðland, búgarðabyggð.
5. Veitur, stofnkerfi: vatnsveita, hitaveita, rafveita, fráveita og vatnsverndarsvæði.
6. Samgöngur: stofnvegir, tengivegir, göngu- og hjólastigar, reidstigar.
7. Selfoss, þéttleiki íbúðarsvæða: fjöldi fyrirhugaðra íbúa/ha.
8. Selfoss, grunnskólar, leikskólar: nálægð við íbúðasvæði.
9. Selfoss, atvinnusvæði: helstu svæði verslunar, þjónustu, stofnana, athafna og iðnaðar.

Á auglýsingatíma aðalskipulagstillögu liggur sú fornleifaskráning frammi sem þegar hefur verið unnin í sveitarfélaginu, sem viðauki með aðalskipulagstillögu.

Endurskoðun aðalskipulagsins er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem öðluðust gildi þann 30. júní 2006, sbr. kafla 5 og 6.

2.3 SJÁLFBÆR PRÓUN OG STAÐARDAGSKRÁ 21

Sveitarfélagið Árborg undirritaði Ólafsvíkuryfirlýsinguna 25. apríl 2008, en það er yfirlýsing íslenskra sveitarfélaga um framlag til sjálfbærrar þróunar. Með því að ráða sérfræðing umhverfismála til starfa á vormánuðum 2008 er Sveitarfélagið Árborg framarlega í röð þeirra sveitarfélaga á landinu sem sinna þessum málaflokki af festu, heildarsýn og þverfaglegri nálgun.

Árborg er þátttakandi í Staðardagskrá 21 og hefur markað sér víðtæka stefnu um sjálfbæra þróun, vistvænt umhverfi og önnur umhverfismál. Í aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 eru meiginhugmyndir og markmið Staðardagskrár 21 höfð að leiðarljósi.

2.4 GAGNAÖFLUN OG SAMRÁÐ – UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR

Við gerð aðalskipulags 2005–2025 voru haldnir fjöldi samráðsfunda og m.a. haldið íbúáþing. Við endurskoðun aðalskipulagsins var leitað álits og haft samráð við helstu hagsmunahópa varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Grunnupplýsingar og gögn fyrir endurskoðun aðalskipulags er fyrst og fremst að finna í greinargerð með staðfestu aðalskipulagi 2005–2025. Varðandi helstu breytingar sem gerðar eru

var haft samráð við þá sem málin snertu helst, s.s. Flugklúbb Selfoss og Flugstoðir, atvinnurekendur, reiðvegahóp hestamannafélagsins Sleipnis, sóknarnefnd vegna stækkunar og flutnings kirkjugarðs og Vegagerðina. Nýrra upplýsinga var aflað frá Hagstofu Íslands o.fl. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags voru notaðar sem leiðarljós. Starfshópur um aðalskipulagið og starfsmenn sveitarfélagsins veittu staðbundnar upplýsingar. Verkfundir skipulagsráðgjafa og starfshóps aðalskipulags Árborgar hafa tryggt upplýsingaflæði. Eftir þörfum var haft samráð við nefndir sveitarfélagsins.

Aðalskipulagstillagan var kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum borgarafundi á Hótel Selfossi þann 20. janúar 2010 sbr. kafla 7, og send Skipulagsstofnun þann 26. mars 2010.

Eftirfarandi aðilar fengu tillögu að Aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 þann 30. mars 2010 senda til kynningar og óskað var svara fyrir 23. apríl 2010:

- Húsafríðunarnefnd, svar dagsett 13. apríl 2010, EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR. Orðið er við tilmælum sbr. kafla 4.4.5 og uppdrætti.
- Sveitarfélagið Ölfus, svar dagsett 21. apríl 2010, nánari skýring sett í kafla 4.15.9.
- Fornleifavernd ríkisins, svar dagsett 23. apríl 2010, EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR.
- Siglingastofnun, svar dagsett 26. apríl 2010, orðið er við athugasemd sbr. kafla 4.3.6.
- Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti, svar dagsett 26. apríl 2010, EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR.
- Flugstoðir, svar dagsett 30. apríl 2010, EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR. Orðið er við ábendingu sbr. kafla 4.15.9.
- Flóahreppur, svar dagsett 6. maí 2010, orðið er við athugasemd sbr. kafla 1.5 og þéttbýlisuppdrátt Selfoss.
- Vegagerðin, svar dagsett 10. maí 2010, orðið er við athugasemd sbr. kafla 4.15.6, nánari skýring sett í kafla 4.15.3.
- Umhverfisstofnun, svar dagsett 25. nóv. 2010. Þar sem svar barst mjög seint var ekki unnið úr athugasemdum fyrir auglýsingu þann 9. des. 2010, en Umhverfisstofnun var svarað samhliða öðrum athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma, sbr. hér að neðan.
- Náttúruverndarráð, EKKI HAFÐI BORIST SVAR 9.12.2010, þegar tillagan var auglýst.
- Kirkjugarðaráð, EKKI HAFÐI BORIST SVAR 9.12.2010, þegar tillagan var auglýst.

Þann 10.09.2010 var tillagan auk þess send til eftirfarandi aðila og svars óskað fyrir 8.10. 2010:

- Landsnet, EKKI HAFÐI BORIST SVAR 9.12.2010, þegar tillagan var auglýst.
- Skógrækt ríkisins, svar dagsett 07. október 2010, EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR, en settar fram ábendingar.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, svar dagsett 8. okt. 2010, gerðar eru athugasemdir um fráveitumál, sem eftir er að svara þegar tillagan er auglýst, en það gert samhliða úrvinnslu athugasemda á auglýsingatíma.

Eftir að brugðist hafði verið við athugasemdum framangreindra umsagnaraðila var aðalskipulagstillagan auglýst frá 9. desember 2010 til 6. janúar 2011, með athugasemdafresti til 20. janúar 2011. Sjö athugasemdabréf bárust innan tilskilins frests, sem flest fjölluðu um legu reiðvega, og einn undirskriftalisti frá 21 íbúa við Starmóa, um vík í Ölfusá.

Skipulags- og byggingarnefnd afgreiddi svör við framkomnum athugasemdum við auglýsta tillögu og ósvörðum fyrri umsögnum, frá Skógrækt ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun, þann 27. apríl 2011. Eftirfarandi breytingar voru samþykktar: Fallist var á að breyta legu reiðleiða í og við þéttbýli Selfoss, vík í Ölfusá neðan við Fossland verður óbeytt frá staðfestu aðalskipulagi og nánari skýringu á stefnu í fráveitumálum er bætt inn í kafla 4.14.2 í greinargerð.

Tillaga að aðalskipulagi og afgreiðsla á framkomnum athugasemdum var tekin til seinni umræðu í bæjarstjórn og samþykkt samhliða þann 18. maí 2011. Öllum þeim sem gerðu athugasemdir hafa verið send svör við þeim. Sjá einnig kafla 7 um ferli og samþykkt aðalskipulags og greinargerð bæjarstjórnar með endanlegri skipulagsáætlun dags. okt. 2011, þar sem athugasemdum eru gerð skil og rökstutt hvernig við þeim hefur verið brugðist.

3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

3.1 STEFNUYFIRLÝSING BÆJARSTJÓRNAR

Í Sveitarfélaginu Árborg er níu manna bæjarstjórn og er bæjarstjóri framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Helstu nefndir sveitarfélagsins eru: Skipulags- og byggingarnefnd (áður umhverfis- og skipulagsnefnd), atvinnuþróunarnefnd, framkvæmda- og veitustjórn, félagsmálanefnd, fræðslunefnd, lista- og menningarnefnd, íþróttá- og tómstundanefnd.

Bæjarstjórn Árborgar hefur m.a. samþykkt eftirfarandi almenn markmið, sem lögð eru til grundvallar við aðalskipulagsgerðina:

Almenn markmið 1

Sveitarfélagið Árborg stefnir að því áfram að vera ávallt í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru og því eftirsótt til búsetu sem vistvænt sveitarfélag með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi.

Skipulag byggðar og umhverfis skal stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapa skilyrði til að menn og náttúra búi saman árekstralaust.

Lagt verður kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis og að rannsóknir séu gerðar á lífríkinu til þess að renna stoðum undir verndun þess.

Við allar framkvæmdir á vegum Árborgar skal þess gætt að röskun á náttúru og lífríki verði eins takmörkuð og kostur er.

Við stjórnun og rekstur sveitarfélagsins verður umhverfisvernd ætíð höfð að leiðarljósi.

Árborg skari fram úr!

Almenn markmið 2

Á öllum skólastigum er öflug áhersla lögð á að kynna nemendum nánasta umhverfi sitt og lífríki þess.

Upplýsingum um mikilvægi umhverfismála er miðlað til bæjarbúa eins og kostur er á.

Haft er virkt samráð og samstarf við félagasamtök og áhugamenn um umhverfisvernd og útivist á öllum sviðum umhverfismála í hvert sinn sem ný skipulagsvinna við umhverfisverkefni er á döfinni.

Íbúar Árborgar munu alltaf eiga auðvelt með að koma hugmyndum sínum og skoðunum varðandi umhverfi og önnur mál á framfæri.

Æska landsins - okkar framtíð!

Bygginga- og skipulagsmál

Stefna Sveitarfélagsins Árborgar er að við endurskoðun aðalskipulags verði sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi.

Gott heildarskipulag hefur jákvæð áhrif á þau þægindi sem sjálfsagt þykir að hafa í öllum byggðum: Stuttar vegalengdir í verslun og þjónustu, góða göngu- og hjólastíga, skilvirkan snjómokstur, gæði og fjölbreytni útivistasvæða.

Með góðu aðalskipulagi er reynt að taka tillit til veðurfars og ríkjandi vindátta og bæta þannig veðurfars-skilyrði í byggð.

Forsendan fyrir "grænni" Árborg er umhverfisvænt skipulag.

Gott skipulag - skemmtilegri bær!

Ítarlegar rannsóknir voru gerðar í sveitarfélaginu í tengslum við aðalskipulagsgerð 2005 – 2025, bæði á náttúru, umhverfi, lífríki og menningarminjum. Þar sem stutt er um liðið eru þær enn í fullu gildi.

4. FORSENDUR OG STEFNA SKIPULAGSTILLÖGU

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir þeim forsendum og þeirri stefnu sem lögð er til grundvallar aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010–2030 í öllum þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til.

4.1 SAGA ÁRBORGAR

Saga Árborgar var rakin mjög ítarlega í greinargerð staðfests aðalskipulags 2005 – 2025 og þar gerð grein fyrir landnámi, atvinnuháttum til forna, 19. og 20. öldinni svo og breytingum síðustu ára í sveitarfélaginu. Því er í endurskoðun þessari vísað til framangreindrar sögusamantektar en sagan ekki rakin hér, aðeins bent á mikilvægi þeirrar sameiningar sem átti sér stað að afloknum kosningum 1998 sbr. kafla 1.3.

4.1.1 Áhrif sögulegra forsendna á aðalskipulag Árborgar

Sögulegar forsendur eru mikilvægar í framtíðar uppbyggingu Árborgar. Þorpin tvö við sjávarsíðuna, dreifbýlið í fyrrum Sandvíkurhreppi og þéttbýlið á Selfossi bjóða hvert um sig íbúum sínum upp á mjög ólíkar aðstæður bæði hvað varðar atvinnuhætti og búsetuform og einmitt það gerir sveitarfélagið ákaflega sérstakt og margbreytilegt umfram mörg önnur. Meginmarkmið aðalskipulagsgerðarinnar var því að draga fram sérkenni hvers svæðis og byggja tillögugerð á þeim, heildinni til hagsbóta en jafnframt hverju svæði fyrir sig. Sveitarfélagið á ríkan þátt í atvinnusögu þjóðarinnar, s.s. siglingum, verslun, búskaparháttum (mjólkurvinnsla, sláturhús), áveitumálum og byggingarsaga þess, sérstaklega Eyrarbakka og Stokkseyrar, er einnig merkileg ásamt jarðsögu. Alla þessa þætti má nýta til atvinnuuppbyggingar til framtíðar, sérstaklega í tengslum við ferðamannþjónustu, og gerir aðalskipulagið ráð fyrir því að svo verði gert með mismunandi hætti eftir því hvort eiga í hlut þorpin með söfnum sínum, dreifbýlið með landbúnaði og búgarðabyggð eða Selfoss með ýmsum þjónustumannvirkjum.

4.2 NÁTTÚRUFAR

4.2.1 Staðhættir og landslag

Í sjálfstæðri greinargerð sem unnin var í tengslum við aðalskipulagsgerði 2005 – 2025 um náttúrufar á Árborgarsvæðinu (Dr. Páll Inslund 2004, sbr. heimildaskrá) er farið yfir fjögur meginatriði sem varða skipulag, forsendur sem náttúran setur skipulagi, skipulagsmöguleika og önnur íhugunarefni er tengjast skipulagi. Þessi fjögur atriði eru: 1) jarðfræðileg gerð og virkni Flóans, 2) náttúruauðlindir sem þar finnast, 3) náttúrufarslegar hættur sem svæðið býr við eða hugsanlega gætu haft einhver áhrif á svæðinu og 4) verndun náttúru- og mannvirkja, m.a í tengslum við sögu svæðisins og hefðir í landnotum. Hér á eftir er vikið mjög lauslega að þessum þáttum undir viðeigandi fyrisögnum án þess að vitnað sé sérstaklega í umrædda greinargerð hverju sinni.

Eitt af þeim fyrirbærum landsins, gerðar þess og staðháttar, sem skipulag verður að taka mið af, eru þær náttúruauðlindir sem þar finnast og íbúar svæðisins verða óhjákvæmilega að hagnýta sér eða sem hagnýta má. Slíkar auðlindir eru ekki allar jafn augljósar og langt frá því að vera allar jafn auðveldar í meðhöndlun. Um sumar þeirra er jafnvel deilt í tengslum við skipulag, hvernig eða hvort nota skuli. Aðrar er byggðum óhjákvæmilegt að nýta og verður því að verja þær fyrir spillingu, ofnotum og misnotum á allan hátt.

Þær auðlindir í landi Árborgar sem eru byggðarlaginu dýrmætastar eru án efa landið sjálft, grunnvatnið, jarðhitinn og gróðurinn. En á svæðinu eru fleiri auðlindir sem eru þess virði að huga vel að í tengslum við skipulagsmál. Má þar til nefna ána á vesturmörkum svæðisins, Ölfusá, jarðefni eins og mól og sand og jafnvel vindinn.

Ýmislegt í náttúru svæðisins er mjög athyglisvert, einkum í tengslum við sögu þess, og er e.t.v. ástæða til þess að íhuga verndun í því augnamiði að draga ferðamenn með lengri viðkomu inn á svæðið. Í greinargerð P.I. frá 2004 er lauslega farið yfir suma þá náttúrufarsþætti sem hafa skýrt samhengi við sögu svæðisins og sögu landnota á því og skipulagsyfirvöld eða sveitarstjórn

mættu huga sérstaklega að í tengslum við ferðamennsku. Hér má sérstaklega minna á ummerki liðinna jarðskjálfta og dæmi um það hvernig þeir leika þetta land, fyrirbæri sem tengjast rennsli Þjórsárhraunsins mikla um svæðið og skerjagarðinn sem það myndar við ströndina. Sagan og náttúran vinna gjarnan saman að myndun fyrirbæra í mannheimi. Fólk liðinna tíma hefur gert eitthvað það í eða við náttúruna sem verður áhugavert er tímar líða. Í Árborg eiga ummerki Flóaáveitunnar, atvinnubótavinnunnar í „Siberíu“ og stríðsminjar í Kaldaðarnesi sérstaklega við í þessu samhengi. Ástæða er til að huga að þessu og er jafnvel betur gert í samhengi við skipulag en eitthvað annað, ekki síst þar sem það tengist ferðamennsku sérstaklega og hún þarf eðlilega að vera skipulögð ef hún á að skila fjármagni inn á svæðið.

4.2.2 Jarðfræði


Þau náttúrufarslegu ferli sem skópu Flóann í upphafi og stjórna síðan gerð, ástandi og breytingum þessa lands kallast landrek og eldvirkni. Jarðskjálftar og jarðhiti hafa síðan sett sitt mark á landið og loks hafa jarðvegsmyndun, gróður- og vatnafar gefið því þann svip sem það hefur í nútímanum.

Flóinn er byggður úr storkubergi sem orðið hefur til í eldgosum í landreks-gosbeltunum vestan við svæðið, og kennt er við Reykjanes – Þingvelli. Þetta berg nær sums staðar upp á yfirborð en er þó víðast hvar hulið yngri lögum. Ofan á því liggja fyrst setlög, orðin til í ísaldarlok þegar miklar jökulár fluttu ógrynni af lausum efnum ofan af hálendinu og settu af sér sem sanda á leiðinni, fjörur þar sem árnar mættu hafi og sjávarbotn þar fram af. Ut yfir þessa setfyllingu rann svo eitt mesta hraun sögunnar fyrir um 8.000 árum og hefur síðan verið að safna á sig jarðvegi og gróðri. Þessar jarðlagasýrpur mynda þann grundvöll sem verið er að skipuleggja landnotin á.


Síðan land þessa skipulagssvæðis varð til hefur það aftur og aftur orðið fyrir gífurlegum jarðskjálftum, sem hafa brotið það og myndað í því fjöldann allan af sprungukerfum sem eru ekki sýnileg nema meðan þau eru ung og fersk en gera þetta land sérstaklega vandmeðfarið í skipulagslegu samhengi.

4.2.3 Veðurfar


Á Eyrarbakka er starfandi veðurathugunarstöð og segja mælingar þar til um vindáttir á syðri hluta sveitarfélagsins, en vindar á Selfossi blása með nokkuð öðrum hætti vegna nálægðar við Ingólfsfjall og Hestfjall. Á Selfossi eru NA og SA áttir ríkjandi allan ársins hring en á Eyrarbakka er nokkur munur á sumri og vetri. Á veturnum eru NA áttir þar ríkjandi en SV áttir á sumrum sbr. vindrósir. Frekar er vætusamt, sérstaklega við ströndina, og eru september til janúar vætusömstu mánuðir. Hitastig er breytilegt eins og víðast hvar á landinu



Tíðleiki vindáttá á Selfossi %
Ársmeðaltal



Tíðleiki vindáttá á Eyrarbakka %
ársmeðaltal 1986–1995



Tíðleiki vindáttá á Eyrarbakka %
sumar–vetur 1986–1985

4.2.4 Dýralíf

Fuglar er sú dýrategund í náttúrunni sem mestan svip setur á umhverfið í sveitarfélaginu og hefur til þessa verið afmarkað sérstakt fuglafriðland við Ölfusá sbr. kafla 4.4.6. Fjaran, skerjagarðurinn og votlendið hafa mikla þýðingu sem viðkomustaðir farfugla vor og haust og eru merkustu fuglasvæðin, ásamt Kaldaðarnesengjum og vötnum og tjörnum við Stokkseyri.

Selir eru algengir í skerjagarðinum og í Ölfusárósi, eitthvað er af rottum og músum og minkur er landlægur, en tófugreni fá.

Lax og silungur eru í Ölfusá og silungur og áll í lækjum og vötnum.

Meindýraeyðing

Meindýrum í Árborg skal haldið í skefjum svo að þau valdi hvorki heilsutjóni né óásættanlegum búsjfjum. Beitt skal aðferðum sem samrýmast vísindalegri þekkingu á eðli og lífsferli skaðvaldanna og kröfum um vistvæn vinnubrögð.

Ef eiturefni eru notuð skapast alltaf hættu á að þau fari út grunnvatn eða færi sig ofar í fæðukeðjuna, t.d. ef "æskilegar lífverur" komast í eitrið eða éta eitruð hræ. Þetta ber að varast.

Ávallt ber einnig að hafa í huga að dýr, sem margir telja til meindýra af því að þau geta valdið tjóni við vissar aðstæður, eru oftast en ekki mikilvægir hlekkir hinnar náttúrulegu og eðlilegu fæðukeðju.

Vísindalegar og vistvænar aðferðir við útrýmingu meindýra!

4.2.5 Gróðurfar, graslendi, tún, mólendi

Land sveitarfélagsins Árborgar er að mestu leiti hulið gróðri frá fjöru til Ingólfsfjalls. Til er í handriti gróðurkort af vesturhluta sveitarfélagsins sem gert var í tengslum við tilraunaverkefni um stafræna kortagerð árin 1992 og 1993. Svæði það sem er eftir að greina gróður á er svæðið austan við línu sem liggur frá Selfossi suður að Stokkseyri. Á næstu árum væri æskilegt að ljúka gróðurgreiningu svæðisins þannig að hægt verði að gefa út heildstætt gróðurkort af sveitarfélaginu. Í tengslum við gerð svæðisskipulags í Flóa 2011 var unnin greinargerð um tvö svæði innan sveitarfélagsins en þau eru Óseyrarnes og Flóagafshverfi og við Gamla-Hraun.

Yfir 90% af landi sveitarfélagsins er gróið. Þar af eru tún og ræktað land um 13%, annað þurrlandi um 45%, votlendi um 35%, sandar, melar og eyrar um 2–3%, vötn og lækir um 1%, Merkurhraun um 1%, hraunið undan ströndinni um 2% og byggð og vegir um 1%. Samkvæmt þessu er Flóinn að miklu leyti klæddur gróðri enda er ímynd hans að hann sé einhver grösugasta sveit landsins, þrátt fyrir votlendið.

Gróður í sveitarfélaginu skiptist í nokkur svæði eftir fjarlægð frá sjó, vatni og hæð yfir sjó. Gróður á þessum svæðum er einkennandi fyrir hvert þeirra:

Fjaran við Stokkseyri og Eyrarbakka er mjög sérstök, mikið af skerjum og pollum sem mótast af Þjórsárhrauninu og þar af leiðandi mikill fjörugróður. Þar er einnig sjávarfítjungur.

Fjörुकamburinn er hlaðinn upp af sandi úr fjörunni og er gróður þar einkennandi fyrir sendinn jarðveg svo sem melgresi. Vestan Eyrarbakka hefur verið landgræðslusvæði en það er nú uppgróið. Við Baugsstaði er einnig landgræðslusvæði og er sá hluti sem er innan Árborgar uppgróinn.

Bakkar Ölfusár eru víða sendnir og gróðurfar háð því. Víða flæðir Ölfusá upp á bakkana og rýfur gróðurþekjuna en mest er hættu á því frá Kotferju niður að Óseyri.

Mýrin nær yfir langstærstan hluta sveitarfélagsins, með einkennandi mýrargróðri. Víða eru tjarnir sem gefa mikinn fjölbreytileika í gróðurfari, sérstaklega áberandi í tjörnum norðan við Stokkseyri og við Gamla-Hraun en tjarnirnar eru innan náttúrverndarsvæðis. Víða er votlendi á undanhaldi í sveitarfélaginu en á fuglafriðlandi við Ölfusá er unnið að endurheimt votlendis en annars stað veldur aukin byggð og ræktun í landbúnaði því að land er þurrkað.

Tún og ræktun. Mikill landbúnaður er stundaður innan sveitarfélagsins þar sem ræktun túna og annarra svæða fylgir. Ræktunin er einkum á þurrum rimum og uppurrkuðum svæðum.

Ingólfsfjall. Skriður Ingólfsfjalls eru ekki mikið grónar en ofan á fjallinu er töluverður gróður, mest mosar.

Byggðin. Í þéttbýlinu á Selfossi hefur risið mikill trjágróður sem er orðinn einkennandi fyrir bæinn. Í upphafi var mest notast við greni og ösp en í seinni tíð er meiri fjölbreytni í tegundum. Í strandbyggðunum á trjágróður erfiðara uppdráttar vegna seltu en þó hefur nokkur árangur náðst í gróðursetningu trjágróðurs í seinni tíð.

4.2.6 Votlendi

Allt land Árborgar er á votlendissvæði nema Sandvíkurheiði, fjörुकamburinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, þéttbýlið á Selfossi, nokkrir bæjarhólar sem standa hærra en landið umhverfis, hlíðar Ingólfsfjalls og grágrýtisholtin vestan Ölfusár. Af þeim mikla fjölda votlendissvæða sem eru í sveitarfélaginu eru þrjú sem sérstök ástæða er til að vernda vegna fuglalífs, sjaldgæfrar

votlendisgerðar og óvenjulegs gróðurfars og dýralífs. Þessi svæði eru fjaran og skerjagarðurinn, flæðiengjar frá Óseyrarnesi að Straumnesei við Ölfusá og tjarnarsvæði milli Gamla-Hrauns og Stokkseyrar, og er mestur hluti þeirra í aðalskipulagi fuglafriðland með hverfisvernd sbr. kafla 4.4.5 og 4.4.6, sem felur m.a. í sér endurheimt votlendis þessara svæða. Jafnframt eru svæðin á náttúruminjaskrá. Miklu af votlendi Flóans hefur verið spillt með framræslu og þarf að marka frekari stefnu um endurheimt þess.

4.2.7 Strandsvæði, ár, vötn

Strandsvæði Árborgar, ár og vötn hafa alla tíð haft mikla þýðingu fyrir mannlíf sveitarfélagsins og mun svo verða áfram þó svo notkun þessara svæða sé örum breytingum háð eins og flest annað. Hafnir eru aflagðar, og fjöruhlunnindi svo sem reki og beit ekki lengur nýtt, en þess í stað eru strandsvæðin, ár og vötn mikilvæg til útivistar og fróðleiks og stuðla að margs konar tómstundaiðju. Búseta nálægt strönd, ám og vötnum er mjög eftirsótt og sveitarfélaginu mikils virði. Sjálfsagt er að nýta svæðin að vissu marki, en gæta verður ítrustu varkárni og hindra ekki aðgengi almennings að þessari dýrmætu auðlind, né spilla auðlindinni á nokkurn hátt.

Í skipulagsreglugerð nr. 420/2002 segir m.a. í grein 14.15.2 um vötn, ár og sjó:

Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.

4.2.8 Áhrif náttúrufars á aðalskipulagstillögu

Áhrif framangreindra náttúrufarslegra forsendna á skipulagstillögu eru fyrst og fremst þau að varpa ljósi á mikilvægi margbreytileika þeirrar náttúru sem er á svæði sveitarfélagsins, hvernig sú náttúra hefur verið nýtt fram til þessa, hvernig hún hefur haft áhrif á líf fólks, atvinnu- og búskaparhætti og hvernig hafa má af henni gagn og gleði í nútíð og framtíð.

Náttúrufarslegar auðlindir svæðisins, víðáttumikið landsvæði, sjór, ár, vötn, votlendi og grunnvatn, auk mjög áhugaverðrar jarðsögu (landrek, eldvirkni, jarðskjálftar, eldgos), sérstaks fuglalífs og annars dýralífs tengdu ám og vötnum, svo og fjölskrúðugt og sjaldgæft gróðurfar eru mikilsverð auðæfi sveitarfélagsins. Áhrif á aðalskipulagsgerðina eru þau að reynt er að takmarka ný byggðasvæði og skipuleggja á þeim þetta byggð, auk þess sem núverandi byggð er þétt til þess að ganga ekki um of á þessi verðmætu svæði. Gildir þetta um öll byggðasvæðin fjögur, Eyrarbakka, Stokkseyri, Selfoss og dreifbýlið, þar sem búgarðabyggð hefur verið afmörkuð. Þó má segja að samhliða þéttingu og takmörkun á dreifingu byggðarinnar sé einnig reynt að nýta gæði náttúrunnar með uppbyggingu íbúðasvæða á þann hátt að íbúar njóti nálægðar við hana eins og gert hefur verið frá örófi alda. Að búa við sjó, á eða vatn er mjög eftirsóknarvert fyrir flesta. Í aðalskipulagi eru byggingarsvæði við árbakka Ölfusár beggja vegna árinna, við sjávarkambinn á Eyrarbakka og Stokkseyri til vesturs við þorpin og við dælurnar á Stokkseyri. Á öllum þessum stöðum skal þess vandlega gætt að óhindraður aðgangur almennings sé að þessum náttúruperlum sbr. gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð.

Fuglafriðland helst óbreytt sbr. kafla 4.4.6 og það skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Hvatt er til aukinnar uppbyggingar m.t.t. ferða- og fræðslumála út frá fyrrnefndum náttúrufarslegum forsendum sbr. kafla 4.2.1.


4.3 NÁTTÚRUVÁ

4.3.1 Almenn

Náttúrfarslegar hættur sem svæðið býr við eða hugsanlega gætu haft einhver áhrif á það eru af misjöfnum toga, auk þess að vera mjög misalvarlegar. Jörðin er í sífelldri þróun og breytist víðast hvar eftir því sem tíminn líður, sums staðar lítið, annars staðar mikið. Stundum eru þetta hægfara breytingar sem engin yfirvofandi ógn fylgir en í öðrum tilvikum er um skyndilega og hraða atburði að ræða, sem gjarnan fylgir skaði, eyðilegging og jafnvel manntjón. Á Árborgarsvæðinu eru náttúrfarslegar breytingar miklar og sumar mjög hraðar og af alvarlegum toga. Því þarf vel að hyggja að þessum málum í heild og nýta til hins ítrasta þá vitneskju sem um þau er til. Í greinargerð um náttúrufar á Árborgarsvæðinu (dr. Páll Imsland, 2005) er alltarlega farið yfir þá náttúrfarsþætti sem geta framkallað ógn og hættu á svæðinu, bæði þau ferli sem ástæða er til að líta á sem mjög alvarleg og önnur sem eru minna alvarleg.

4.3.2 Jarðskjálftar, sprungusvæði

Jarðskjálftar eru einkenni á virkni landssvæðisins. Þeir eru liður í heildarþróun jarðskorpunnar í heiminum og nátengdir því landreksferli sem Ísland myndast við. Í Flóanum geta þeir valdið tjóni með styrkleika sínum og þeim áhrifum sem þeir hafa á yfirborð jarðar, en þau eru einkum nýmyndun gapandi sprungna í yfirborði, hreyfingar á börmum gamalla opinna sprungna jafnvel þó þær séu hular jarðvegi, og bylgjuhreyfingar sem fara um berggrunninn og eftir yfirborði jarðar. Skv. skýrslu P.I. eru allar þekktar eldstöðvar í töluverðri fjarlægð frá Sveitarfélaginu Árborg og ekki mikil hætta á hraun- og gjóskugosum sem gætu haft áhrif á byggð svæðisins. Á þemakorti með aðalskipulaginu eru öll þekkt sprungusvæði í sveitarfélaginu afmörkuð, en mögulegt er að sprungur eigi eftir að finnast utan afmarkaðra svæða. Merkingar á sprungusvæðum sýna ummerki jarðvegs og gætu þau stafað af jarðskjálftavirkni eða rennslisshreyfingum í hrauni. Ekki hefur verið sannreynt í öllum tilvikum hvort um sprungur eða önnur jarðfræðileg fyrirbrigði er að ræða. Á deiliskipulagsferli skal skorð úr um tilvist sprungna á viðkomandi svæði og tillit tekið til þeirra reynist þær til staðar. Sjá mynd 16 úr skýrslunni hér að neðan.



4.3.3 Flóðahætta

Árflóðin í Hvítá-Ölfusá hafa sett mark sitt á Flóann um aldir. Þau komu fyrrum vetur eftir vetur og stundum oftar en einu sinni á vetri, flæddu yfir landið og ollu ómældum erfiðleikum, einkum varðandi húsdýrabeit og samgöngur. Með batnandi veðráttu 20. aldar og fyrirhleðslum á viðkvæmustu stöðum á árbökkunum hefur heldur dregið úr flóðum, en engin leið er samt að hindra þau að fullu. Nútímavegagerð innan svæðisins hefur áhrif á náttúrulega framvindu flóða, en þó ennþá að mestu leyti á óþekktan hátt og er það visst áhyggjuefni, sem huga þarf að.


Flóðahætta er einnig af sjávarflóðum við ströndina, sjóvarnargarðar eru þeim til varnar. Settir eru lágmarkskótar á byggingar á flóðasvæðum sbr. kafla 4.6.3. Sjá einnig þemakort um takmarkanir á landnotkun.



4.3.4 Landbrot

Landbrot hefur átt sér stað á strönd Flóans frá því land byggðist. Það er hægfara niðurbrot haföldunnar á jarðvegi sem þakið hefur hraunið frá því fyrst það gréri upp. Á þennan hátt hefur skerjagarðurinn orðið til og eins sá fjörुकambur sem aldan hefur kastað upp ofan við fjöruborðið meðfram endilangri ströndinni. Stundum koma flóð af hafi (strandflóð) sem fylgja ofviðrum og eru mun afkastameiri en hafaldan er undir venjulegum kringumstæðum. Þá brotnar land mikið og sjó slær inn fyrir fjörukambinn. Þá verður tjón í þorpinum, sem venjulega er sambland af áhrifum sjávar sem flæðir um þorpin og ofviðrinu sem geysar samtímis.

Þessi flóð koma óreglulega og geta í raun verið af öllum stærðum, frá því að hafa nær engin áhrif og upp í meiriháttar skaðaflóð. Í gegnum aldirnar hafa þau komið að jafnaði með nokkurra ára millibili en þess eru dæmi að tvö og þrjú áhrifamikil flóð hafi komið sama árið.

Landbrot er töluvert á bökkum Ölfusár við Kaldaðarnes, einnig við mynni árinna, og var það mælt árið 1997. Endurtaka þarf mælingar til að sjá breytingar síðan þá og huga þarf að landvörnum á þessum stöðum í samvinnu við Landgræðsluna sbr. kafla 4.3.6.





4.3.5 Náttúrumengun, sjónmengun, hávaða- og loftmengun

Bæjarstjórn Árborgar hefur m.a. samþykkt eftirfarandi almenn markmið:

Náttúrumengun

Umhverfi Árborgar, bæði í þéttbýli og dreifbýli, skal ætíð vera hreint og óspillt.

Mengun og mengunarhætta skal fyrirbyggð eins og kostur er.

Minni hætta verður á alvarlegri mengun eins og mengun grunnvatns, sjávar og vatnadraga.

Fræðslu til almennings varðandi umgengni í náttúrunni þarf að efla.

Umhverfi Árborgar verður meira aðlaðandi til útivistar fyrir íbúa sveitarfélagsins sem og ferðamenn.

Hreinar fjörur og ár, snyrtilegir byggðakjarnar og náttúran sjálf laðar að sér fleira fólk.

Mönnum og skepnum má aldrei stafa hætta af umhverfinu - eða öfugt!

Sjónmengun

Þar sem iðnaðarhverfi og íbúðarhverfi liggja saman er sjónmengun stundum til leiðinda. Til að hindra sjónmengun er nauðsynlegt að fylgja reglugerðum stíft eftir og hvetja íbúa og atvinnurekendur í sveitarfélaginu til að hafa snyrtilegt í kringum sig.

Hávaða- og loftmengun

Stefna Árborgar er að hávaða- og loftmengun verði í lágmarki í sveitarfélaginu.

Dregið skal úr hávaða- og loftmengun eins og kostur er, t.d. með:

a) Umferð þungavinnuvéla um íbúðahverfi verður takmörkuð.

b) Flugumferð á Selfossflugvelli verður háð sérstökum reglum sem ætlað er að draga úr hávaða, mengun og öðru ónæði.

Hreint loft í hljóðlátri byggð!

4.3.6 Áhrif af náttúruvá og mengun á aðalskipulagstillögu

Svæði þar sem náttúrufarslegar hættur stöðja að s.s. jarðskjálfta- og sprungusvæði, flóða- og landbrotssvæði, hafa verið merktar inn á séruppdrætti og hafa aðalskipulagstillögu teknið mið af þessum svæðum. Helstu flóðasvæði eru vegna sjávarflóða og flóða í Ölfusá, en eins og fyrr getur eru möguleg flóð úr Hvítá og Ölfusá yfir allan flóann milli Selfoss og sjávar (sbr. greinargerð P.I. 2004). Kort hér að framan sýnir uppflæðistaði úr Ölfusá og Hvítá. Hæð lands og byggðar ásamt vegaframkvæmdum stjórnar að mestu rennsli vatnsins, en land sveitarfélagsins utan þéttbýlis er að mestu óhæðarmælt.

Alla jafna er byggð ekki skipulögð á þessum hættusvæðum, en þó er reynt að nýta þau ef kostur er. Sprungusvæði við flugvöll er t.d. nokkuð stórt svæði sem erfitt yrði að nýta fyrir venjulega samhangandi byggð en hlutar svæðisins virðast þó nýtanlegir, háð nákvæmari rannsóknum og skilyrðum. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem athafnasvæði og þarf að taka mið af legu sprungna við staðsetningu og nánari útfærslu bygginga. Setja skal lágmarkshæð gólfkóta á íbúðahús á svæðum sem mögulega eru í hættu vegna flóða sbr. kafla 4.6.3.

Við mannvirkjagerð í Árborg þarf að taka tillit til evrópska staðalsins Eurocode 8: Design provisions for Earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1:1994 er mynd sem sýnir skiptingu Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma og tafla 1 sem tilgreinir við hvaða hönnunarhröðun skal miðað í þéttbýliskjörnum. Árborgarsvæðið er allt á hönnunarhröðunarsvæði í efsta þ repi, grunnildi 0,4 g.

Landbrot er að mestu vegna sandburðar og ágangs frá sjó og Ölfusá, sbr. kafla 4.3.4. Í aðalskipulagi er lagt til að reynt verði að hefta sandburð eftir fongum og koma þannig í veg fyrir áframhaldandi landbrot. Ölfusá brýtur land úr árbökkum í fyrrum Eyrarbakka- og Sandvíkurhreppum og þarf að kanna með hvaða hætti það landbrot verður best heft, en árfarvegur er síbreytilegur og er rof háð því hvoru megin rennsli árinna er hverju sinni. Vestan Fosslands á Selfossi eru leir- og sandeyrar sem flæðir yfir í flóðum. Mikið moldrok var frá eyrunum en sjálfsáinn gróður hefur bundið moldrokið töluvert. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir

að eyrarnar haldi áfram að gróa upp og moldrok minnki og er svæðið óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi.

Við Óseyrarnes er töluvert landbrot og skarð í gamlan varnargarð við Dreppstokk. Gera þarf rannsókn á landbroti Ölfusár og skoða hversu mikilvægt er að hefta frekara landbrot og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar við stöðvun landbrotsins.

Sjóvarnargarðar eru fyrir framan Eyrarbakka og Stokkseyri og aðra byggð við ströndina og sýnir aðalskipulagið þá ásamt áætlunum Siglingastofnunar um fyrirhugaðar styrkingar og viðbætur. Vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar vestast á Eyrarbakka þarf að koma til frekari styrking á gömlum, sandorpnum sjóvarnargarði framan íbúðasvæðisins, áður en til framkvæmda þess kemur, sem gæti orðið á seinni hluta skipulagstímabilsins, en íbúðabyggð til vesturs hefur verið minnkuð frá gildandi aðalskipulagi. Svipað á við um fyrirhugaða íbúðabyggð vestast á Stokkseyri. Þar er byggðin næst sjónum óbreytt frá gildandi aðalskipulagi en íbúðabyggð aftur á móti einnig sett norðan Gaulverjabæjarvegjar. Við hönnun nýlegs sjóvarnargarðs þarna var ekki gert ráð fyrir íbúðabyggð innan hans og því þarf að styrkja garðinn ef byggð kemur á þetta svæði, sem orðið gæti seinni hluta skipulagstímabilsins.

Í aðalskipulaginu er leitast við að skipuleggja þannig að sem minnstar líkur verði á árekstrum varðandi mengunarpætti sbr. kafla 4.3.5, en fræðsla og samvinna við íbúa og þátttaka þeirra í að vernda umhverfið og draga úr mengun eins og kostur er mun þó gagnast sveitarfélaginu best. Gerð göngu- og hjólastíga getur t.d. stuðlað að minni bílaumferð og hvatt til vistvænni ferðamáta milli heimilis, skóla og annarra vinnustaða. Í aðalskipulagi er reynt að gera stígakerfi sem öruggast og beina óþarfa umferð út fyrir hverfin, svo að sem minnst truflun verði af völdum hennar. Hljóðmanir og skjólbelti með gróðri meðfram helstu umferðaræðum eru fyrirhuguð og skal nánar gerð grein fyrir slíku í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

4.4 UMHVERFI – NÁTTÚRVERND – MINJAVERND – HVERFISVERND – VATNSVERND

4.4.1 Almenn

Umhverfisstofnun ber skv. lögum nr. 90/2002 að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins var falin samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og áorðnum breytingum frá 21. desember 2001. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að skrá og hafa umsjón með náttúruminjasvæðum, undirbúa friðlýsingu svæða og gera verndaráætlanir fyrir náttúruverndarsvæði. Náttúruminjar eru annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá. Undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti, einnig önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Friðlýsing svæða stuðlar að bættu aðgengi þjóðarinnar að náttúruminum og að sjálfbærri þróun landnýtingar. Samkvæmt lögnum skal hvert sveitarfélag starfrækja náttúruverndarnefnd, sem skal koma með tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar.

Sérstök athygli er vakin á 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um vernd ákveðinna jarðmyndana og vistkerfa, svo sem eldvörp, gervigiga og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir 1000 m² eða stærri, mýrar og flóa 3 ha eða stærri, fossa, hvera og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður 100 m² eða stærri, sjávarfitjar og leirur. Þar sem aðalskipulagið gerir e.t.v. ekki fullnægjandi grein fyrir öllum þeim svæðum innan sveitarfélagsins þar sem slíkar jarðmyndanir eða vistkerfi kann að vera að finna er settur sá fyrirvari að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar um framkvæmdir þegar hætta er á að jarðmyndunum og vistkerfum skv. ofanefndri lagagrein verði raskað.

Sveitarfélagið Árborg hefur samþykkt eftirfarandi stefnu í umhverfismálum:

Árborg er framsækið og nútímalegt sveitarfélag sem nýtir þau tækifæri sem staðsetning þess gefur tilefni til. Umhverfismál í víðasta skilningi eru málaflokkur nútímans sem framsækið sveitarfélag lætur sig miklu skipta. Sveitarfélagið mun því kappkosta að varðveita fjölbreytni og hreinleika náttúrunnar með vel útbúnum aðgerðum og vönduðum vinnubrögðum. Tekið verður á umhverfismálum af mikilli festu til að vera í fararbroddi í þessum mikilvæga málaflokki, öðrum til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Stefnumið

- a) Allir starfsmenn sveitarfélagsins kunni skil á umhverfisstefnu sveitarfélagsins og markmiðum henni tengdri. Þeir verði meðvitaðir um áhrif starfa sinna á umhverfið og virkir þátttakendur í að framfylgja stefnunni, í almennu starfi sem og í pólitískum ákvörðunum.
- b) Fylgt verði lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins sem og öðrum ítarlegri kröfum sem sveitarfélagið sjálft mun setja sér.
- c) Stefnt skal að því að efla samkennd og bæta mannlíf meðal íbúa Árborgar. Íbúum verði auðveldað að njóta náttúru, sögu og menningarminja.
- d) Kappkostað verði að kaupa umhverfisvænar vörur og þjónustu frá aðilum sem hafa skýra og vottaða stefnu í þessum málaflokki. Við öll innkaup verður höfð hliðsjón af þessum þáttum og vægi þeirra metið.
- e) Sveitarfélagið mun vinna að áframhaldandi ræktun á trjágróðri til skjóls og útivistar.
- f) Sveitarfélagið mun vinna markvisst að því að minnka sorp með aukinni endurvinnslu.
- g) Auðvelda umferð gangandi og hjólandi vegfarenda þannig að þeir eigi örugga og greiða leið um sveitarfélagið.
- h) Öll fyrirtæki og stofnanir sem heyra undir sveitarfélagið Árborg setji sér markmið til að fylgja eftir stefnu sveitarfélagsins
- i) Ná almennri vakningu meðal íbúa um mikilvægi þessa málaflokks og hvetja þá til að taka höndum saman með sveitarfélaginu við að gera Árborg að umhverfisvænu sveitarfélagi.

Fræðsla um umhverfismál

Markmið umhverfisfræðslu í Sveitarfélaginu Árborg er að gera íbúana meðvitaða um hvernig þeir geta bætt líf sitt og afkomenda sinna með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitsemi og umhyggju.

Til þess þurfa íbúar sveitarfélagsins að:

- a) Kunna skil á helstu hættum sem náttúrunni stafar af daglegu lífi fólks og starfsemi fyrirtækja, svo sem hvers konar mengun og gróðurspjöllum.
- b) Þekkja hvernig draga má úr þessum hættum til að bæta skilyrði fyrir mannlíf, gróður og dýralíf og koma í veg fyrir spjöll.
- c) Vita hvernig hægt er að vernda náttúruna og njóta hennar.

Umhverfið - erum við sjálf!

Menningarminjar og náttúruvernd

Stefna Árborgar er að komandi kynslóðir í Árborg fái að njóta núverandi menningar- og náttúruminja eins ósnortinna og óspilltra sem verða má.

Menningararfurinn er eitt það dýrmætasta sem við getum fært komandi kynslóðum. Sagan er til þess að læra af henni og undirstaða fyrir frekari framvindu og þróun. Því er nauðsynlegt að skila þessum arfi í hendur kynslóðanna í upprunalegri mynd.

Með því að varðveita menningarminjar og náttúru gefum við íbúum Árborgar kost á því að fræðast og njóta, auk þess sem þær eru aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

Menningararfur og náttúruvernd haldast í hendur!

Þó svo Sveitarfélagið Árborg sé mjög flatlent býr það yfir fjölbreytilegri náttúru sem umgangast þarf með varúð. Jafnframt eru margvíslegir útivistarmöguleikar fyrir íbúa og gesti. Nýta þarf þessa möguleika eins og kostur er, bæði til fróðleiks, heilbrigðs lífennis og yndisauka. Aðalskipulagstillagan setur fram hugmyndir um að með markvissri staðsetningu íbúabyggða í tengslum við útivistarsvæði, umferð og stígagerð geti íbúar notið gæða náttúru og öruggs umhverfis í daglegu lífi. Sjá einnig kafla 4.2–4.4.8, sem skýra áhrif náttúrufarslegra forsendna á aðalskipulagstillögunu, og séruppdrátt um útivist, sem sýnir tengsl hinna ýmsu tegunda útivistarsvæða innbyrðis og við umhverfi sitt.

4.4.2 Náttúruminjar

Náttúruminjasráð Náttúruverndarráðs frá 1996 hefur ekki verið endurútfingin (jan. 2010).

Engin friðlýst svæði eru á náttúruminjasráð í landi Árborgar, en á lista undir kaflanum „aðrar náttúruminjar“ eru:

Hraunbollar, Selfossi. Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma. (748)

Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka, Stokkseyrarhreppi, Eyrarbyggahreppi, Árnassýslu. Fjörur, grunnsævi og skerjagarður frá ósi Ölfusár austur að Baugsstaðasíki. Fjölskrúðugar fjörur, sjávarfítjar og lón. Sérstætt lífríki. (750)

Kerin (Grýlupottar), Selfossi. Kerin fjögur og nánasta umhverfi á tjaldsvæði bæjarins. Sérkennilegar jarðmyndanir í Þjórsárhrauni, stærsta kerid er með hraunhvelvingu. Fræðslugildi. (774)

Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar, Sandvíkurhreppi, Eyrarbyggahreppi, Árnassýslu. Engjar og votlendi í Straumnesi og allt suður að Óseyrarnesi. Til austurs ræður ræktað land jarðanna Kaldaðarness, Hreiðurborgar og jarða í Flóagafishverfi. Fjölbreytt votlendi með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi. (775)

Vötn, tjarnir og flóð við Stokkseyri, Stokkseyri, Árnassýslu. Vötn, tjarnir og flóð norðan vegar nr. 33, frá vesturenda Hafliðakotsvatns austur á Stokkseyrarheiði. Hafliðakotsvatn og Selsvatn ásamt mýrum á milli þeirra, Skerflóð, Löngudæl, Ásgautsstaðavatn og Kakkavatn vestan í Stokkseyrarheiði. Fjölbreytilegt land með mörgum litlum vötnum og tjörnum. Gróðurfar er mjög fjölbreytt og margvíslegur vatnagróður í vötnunum. Auðugt og fjölbreytilegt fuglalíf. (776)

Gamla-Hraun og nágrenni, Eyrarbyggahreppi, Árnassýslu. Landspilda milli fjöru og vega nr. 33 og 34, vestan Hraunsár og austan Litla-Hrauns. Fjölbreytt lífríki. (777)

Í gildandi aðalskipulagi voru þessi svæði, í samráði við Umhverfisstofnun, afmörkuð nákvæmar en áður hefur verið gert, nema svæði Hraunbolla (nr. 748) og svæði Kerjanna (nr. 774). Afmörkunin er gerð m.t.t. húsa og vatna, þar sem unnið er á nákvæmari kortagrunnum en áður.

4.4.3 Minjavernd, friðlýstar minjar

Samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001 eru allar fornleifar friðaðar og má ekki spilla þeim, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á svo sem hús, tún, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, hellar, áletranir og myndir á klöppum, átrúnaðar-, þjóðsögu- og sögustaðir. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Í Árborg hafa eftirfarandi staðir verið friðlýstir skv. Fornleifaskrá, skrá um friðlýstar fornleifar frá 1990, en friðlýsing felur í sér kvöð á viðkomandi landareign. Þessar friðlýstu fornminjar eru merktar inn á aðalskipulagsupprætti með merki Fornleifaverndar ríkisins fyrir friðlýstar minjar:

Eyrarbakki, Óseyrarnes. Hin gömlu bæjarstæði Dreppstokks og Óseyrarness, sem standa nærri hvert öðru norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá. Skjal undirritað af PM 28.07.1981. Þinglýst 12.08.1981.

Eyrarbakki, Skúmsstaðir. Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu. Sbr. Árb. 1905: 13. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Stokkseyri, Skipar. Leifar Hásteins-haug, Ölvis-haug, Atla-haug og Hrafns-haug við Barnaness-vað (áður Haugavað). Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

Hellir. 1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 1819. 2. Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasvöxnum blágrýtishól. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

4.4.4 Aðrar fornminjar, örnefni

Í IV. kafla þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir m.a.:

10. grein: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

12. grein: Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

13. grein: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Vinnureglur fyrir fornleifaskráningu í aðalskipulagi eru að leitað er að vísbendingum um fornleifar í heimildum, með vettvangskönnun eru þær síðan staðsettar með GPS-tæki og á loftmynd, ásamt upplýsingum um landareign, tegund, minjagildi og annað ef þörf krefur.

Byggðasafn Árnesinga heldur utan um fornleifaskráningu í Árborg. Skráning hófst sumarið 2004 og hefur verið unnið að henni með hléum. Aðaláhersla hefur verið lögð á að ljúka skráningu á núverandi og fyrirhuguðum framkvæmdastöðum innan Árborgar. Við fornleifaskráningu á viðkomandi jörðum voru sjáanlegar fornleifar teiknaðar upp og upplýsingar heimilda og staðkunnra heimildamanna skráðar. Allir fornleifastaðir, hvort sem fornleifar eru sjáanlegar eða ekki, hafa verið hnitmældir og skráðir á þemakort aðalskipulagsins, skýringaruppdrátt um takmarkanir á landnorkun. Allar fornleifar eru auk þess skráðar í gagnagrunninn Sarp sem er menningarsögulegt gagnasafn sem heyrir undir Rekstrarfélag Sarps.

Lokið hefur verið við aðalskráningu fornleifa á Selfossi og í Sandvíkurhreppi austan Eyrarbakka-vegar. Lokið er að mestu skráningu á Stokkseyri og stefnt að því að skrá öll svæði sem samkvæmt aðalskipulagi verða skipulögð til framkvæmda á skipulagstíma. Þegar skráningu á Stokkseyri lýkur er stefnt að því að fornleifaskrá á Eyrarbakka. Endað verður í dreifbýli sveitarfélagsins. Ólokið er skráningu á eftirtöldum jörðum: Stóra-Sandvík, Litla-Sandvík, Stekkar, Kotferja, Kaldaðarnes, Flóagafli, Óseyrarnes, Refstokkur, Einars-höfn, Skúmsstaðir, Háeyri, Hraun, Skipar, Baugsstaðir, Hólar, Leiðólfsstaðir, Hæringsstaðir, Holt, Tóftir, Brattholt, Traðarholt, Miðkökkur, Ásgautsstaðir, Syðra-Sel, Efra-Sel.

Lokið er við aðalskráningu á eftirtöldum jörðum innan Árborgar: Fjall, Hellir, Fossnes, Selfoss, Dísarstaðir, Smjördalir, Ljónsstaðir, Nýibær, Austurkot, Ásakot, Votmúli, Jórvík, Byggðarhorn, Eyði-Sandvík, Geirakot og Björk. Sem dæmi um fornleifar sem skráðar hafa verið má nefna bæjarstæði, útihús, sel, túngarða, réttir, ferjustaðir, gamlar þjóðleiðir og ýmislegt fleira. Þessar fornleifar bera vitni um horfinn heim gamla íslenska bændasamfélagsins og ber nútímanum skylda til að vernda þær. Fornleifar hafa jafnframt margvísleg gildi fyrir atvinnusköpun í ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að viðhalda gömlum þjóðleiðum s.s. Álfstétt, Nesbrú, Melabrú, Hellisbrú, og benda á forna ferjustaði þeim tengda s.s. Óseyrarnesferju, Kaldaðarnesferju, Kotferju og Laugardælaferju, og nýta þessa þætti til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu. Ásavegur lá um Hólavöll, reiðleið austan Stokkseyrar þar sem uppsveitarmenn Árnessýslu fóru um þegar haldið var í kaupstað.

Eins og fyrr segir er unnið að áframhaldandi fornleifaskráningu alls sveitarfélagsins og stefnt að því að henni ljúki von bráðar. Á þeim svæðum þar sem aðalskráningu er ekki lokið skal sérstakrar varúðar gætt þegar til framkvæmda samkvæmt aðalskipulaginu kemur, og fornleifaskrá svæðin eftir þeim reglum sem gilda um fornleifaskráningu fyrir aðalskipulag. Skráningin mun síðan koma að notum við deiliskipulag viðkomandi svæðis. Sérstaklega er bent á legu göngu-, hjóla- og reiðstíga svo og legu veitna og lagna sem geta farið yfir svæði sem enn hafa ekki verið fornleifaskráð. Á Eyrarbakka og Stokkseyri má ger ráð fyrir að innan um eldri byggingar og á óbyggðum svæðum séu fornleifar undir sverðinum. Fornleifaskráning er því forsenda fjölmargra framkvæmda þar, s.s. þéttingar byggðar, nýrra byggingarsvæða, stækkunar núverandi stofnanasvæða og gerð nýrra, svo og framkvæmda við hverfisverndarsvæði og opin svæði s.s. tjaldsvæði, hesthúsasvæði, skógrækt, golfvöll og kirkjugarða. Einnig er fornleifaskráning forsenda við framkvæmd allra búgarðasvæða sveitarfélagsins. Sjá einnig kafla 2.2.

Sérstaklega er bent á eftirfarandi lagaákvæði þjóðminjalaga:

Í 9. grein segir m.a. um skilgreiningu fornleifa:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: Undir lið g) áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkju-görðum.

Í 14. grein segir: Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Merkileg örnefni eru oft tengd fornum stöðum sem auka á menningarsögulegt gildi þeirra. Sérstakt örnefnakort hefur verið unnið fyrir Árborg. Mikill fengur er af slíkum kortum og getur aðalskipulag stuðlað að aukinni notkun og viðhaldi örnefna í sveitarfélaginu en vegna smæðar aðalskipulagsuppráttu er stefnt að sérstakri útgáfu örnefnakorts utan aðalskipulagsins.

4.4.5 Friðuð mannvirki, húsakannanir, hverfisvernd

Í II. kafla laga um húsafríðun nr. 104/2001 segir m.a.:

6. grein: Öll hús sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Elstu byggingar í sveitarfélaginu Árborg eru í þorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri. Friðuð hús í sveitarfélaginu eru:

1. Húsið á Eyrarbakka, timburhús af bolhúsagerð reist 1765, friðunin nær einnig til vestari stofu að sunnan og háalofts og hlaðins stein- og torfgarðs umhverfis lóðina framanverða.
2. Assistentahúsið á Eyrarbakka, timburhús af reisivirki reist 1881.
3. Eyrarbakkakirkja reist úr timbri árið 1890.
4. Stokkseyrarkirkja reist úr timbri árið 1886.
5. Þjómsbúið að Baugsstöðum, steinhlaðinn kjallari og timburhæð reist árið 1904 var friðað þann 6. júlí 2006 af menntamálaráðherra.

Á Eyrarbakka var gerð húsakönnun árið 1989 sem sýnir fjölda merkra húsa í þorpinu. Byggingar þorpsins, sérstaklega meðfram aðalgötunni, mynda samstæða götumynd og heild sem vert er að halda í og styrkja. Smágerð byggðamynstur gefur timburhúsabyggðinni sérstök einkenni sem endurspeglar menningarsögu og sögulegt samhengi. Mikilvægt er, ekki aðeins fyrir sveitarfélagið heldur einnig landið allt, að glata ekki þessum einkennum heldur styrkja þau og vernda og nota til jákvæðrar uppbyggingar og þéttingar. Í gildandi aðalskipulagi er hverfisvernd á elsta hluta þorpsins svo og Steinskoti. Ekki er gerð breyting á hverfisverndinni í endurskoðuninni.

Á Stokkseyri er unnið að húsakönnun, kynning á fyrstu niðurstöðum var gefin út í takmörkuðu upplagi árið 2000, og síðan hefur verið unnið að framhaldsrannsóknum. Drög að samantekt lágu fyrir í október 2004 og sýna heildstæða þyrpingu gamalla húsa með varðveislugildi á afmörkuðum svæðum kringum Stokkseyrarkirkju. Á Stokkseyri er hverfisvernd á umhverfi Stokkseyrarkirkju skv. staðfestu aðalskipulagi og er ekki gerð breyting þar á.

Byggð á Selfossi er svo til öll frá síðari hluta 20. aldar, en upphaf byggðar þar var bygging brúar yfir Ölfusá árið 1891, sem reist var fyrir forgöngu Tryggva Gunnarssonar. Við hann er einnig kenndur Tryggvaskáli, eitt elsta hús bæjarins, byggður árið 1890. Flest hús á Selfossi eru nýleg og njóta ekki verndar. Æskilegt væri að gera húsakönnun á Selfossi og leggja mat á byggðina og einstök hús. Bent er á að Húsafríðunarnefnd, sem fer með málefni Húsafríðunarsjóðs, veitir styrki til að láta gera húsakannanir. Í staðfestu aðalskipulagi er hverfisvernd á elstu byggð á Selfossi þ.e. Selfossbæjunum neðan við Ölfusárbrú og Tryggvaskála, einnig á árbakkanum þar á milli með Básnum og náttúruminum og er henni ekki breytt í endurskoðuninni. Afmörkun hverfisverndarsvæða er sýnd á aðalskipulagsuppráttum.

Hverfisverndin tekur til einstakra húsa, götumynda, húsaða og heildaryfirbragðs sem skal varðveita og halda sem upprunalegustu. Sérstök aðgát skal höfð við breytingar, viðbyggingar,

nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð s.s. gerð gatna, gangstétta, girðinga og grjótgarða, og ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða umhverfi þeirra skulu teknar með tilliti til sérkenna og þess gildis sem byggingarnar hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Virða skal upprunalega gerð bygginga og halda óbreyttri efnisnotkun við frágangs- og deililausnir. Nýbyggingar skulu sniðnar að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar stærðir, form, mænisstefnu, efnisval og liti, án þess að um eftiröpun þurfi að vera að ræða. Allar breytingar svo og niðurri er háð leyfi byggingarnefndar og umsögn Húsafríðunarnefndar ríkisins þegar um er að ræða hús byggð fyrir 1918. Stuðla skal að því að þau hús sem hafa orðið fyrir miklum útlitsbreytingum verði færð í upphaflegt horf eða horf sem hæfir húsagerð og umhverfi betur. Við gerð deiliskipulags hverfisverndarsvæðanna skal setja sérstaka byggingarskilmála sem tryggja að ákvarðanir í skipulags- og byggingarmálum samræmist menningarlegum markmiðum húsverndar. Fuglafríðland er í aðalskipulagi einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði sbr. kafla 4.4.6.

4.4.6 Fuglafríðland

Fuglafríðland í Flóa hefur verið skilgreint á jörðinni Óseyrarnesi með samningi við Fuglavernd. Samningurinn kveður á um endurheimt votlendis með stíflun skurða, skipulag á umgengni og göngustígum, beitarfríðun á varptíma fugla, gerð skoðunarskýla og skilta, fræðslu og rannsóknir. Sérstakar kvaðir gilda um umferð og umgengni. Hægt er að leyfa framkvæmdir sem tengjast eðli og hlutverki svæðisins og eru í þágu almennings, en allar framkvæmdir og breytingar eru háðar samþykki sveitarstjórnar.

Annað dýralíf á svæðinu er t.d. landselir sem sjást oft í Ölfusá enda er þar lax og silungur. Í skurðum og tjörnum er mikið smádýralíf en einnig silungur og áll. Einnig eru sjaldgæfar blómaplöntur algengar á svæðinu. Mikilvægt er að styrkja fríðlandið sem slíkt um leið og það er kynnt og gert aðgengilegt bæði almenningi og sérfræðingum. Svæðið getur stuðlað mjög að heimsóknum ferðamanna til sveitarfélagsins og dvöl þeirra þar.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru mörk fuglafríðlandsins óbreytt. Nær það m.a. yfir allt strandsvæðið og helstu dælusvæðin og nánasta umhverfi þeirra. Nauðsynlegt er að endurskoða þá samninga sem til þessa hafa gilt um fríðlandið. Allt fuglafríðlandið er innan landnotkunarflokks óbyggðra svæða og jafnframt skilgreint sem hverfisverndarsvæði sbr. kafla 4.4.5. Sjá einnig undirkafla í 6.3 um endurheimt votlendis.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008, sem er ætlað að festa í sessi tiltekna aðferðafræði við svæðisbundna náttúruvernd sem uppfyllir skyldur Íslands á alþjóðavettvangi, er lagt til að stigin verði stærri skref í fríðlýsingu svæða en gert hefur verið áður. Samkvæmt áætluninni skal koma á heildstæðu neti verndaðra fuglasvæða með alþjóðlegt verndargildi. Í áætluninni er ekki getið sérstaklega um fuglafríðland í Flóa.

4.4.7 Vatnsvernd

Vatn er mikilvæg auðlind sem ber að vernda. Úrkomuvatn sígur í gegn um jarðlögin í ferskvatnslag eða ferskvatnslinsu sem flýtur ofan á þyngri jarðsjó. Um er að ræða viðkvæma auðlind sem ekki má ofnýta né menga. Ferskvatnslagið grynkar yfirleitt út við strendur þar sem jarðsjór á greiðari aðgang að grunnvatni.

Vatnsverndarsvæði eru skipulögð til þess að tryggja sem besta sjálfbæra nýtingu á vatni. Við skipulagningu vatnsverndarsvæða ber að hafa eftirfarandi atriði í huga: Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og unnt er og skynsamlegt með tilliti til þróunar byggðar. Gæði vatnsins eru látin skipta mestu máli. Sumt vatn er drykkjarhæft en annað er einungis nothæft til iðnaðar.

Vatnssvæðin hafa þann eiginleika að þau eru sameiginlegur vatnsgeymir og hægt er að ná í vatn á mörgum stöðum en þó ekki alls staðar. Þess vegna er víðlend vernd nauðsynleg. Verndin nær t.d. til vörslu efna, almennra mengunarvarna og til krafna um frárennsli. Strangari kröfur eru gerðar til starfsemi á mikilvægustu verndarsvæðunum.

Samkvæmt gr. 4.21 í skipulagsreglugerð skulu verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum skilgreind og flokkuð. Flokkun vatnsverndarsvæða er á ábyrgð sveitarstjórna og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt V. kafla reglugerðar nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, segir í gr. 13.1 um flokkun verndarsvæða: Umhverfis hvert vatnsból skal

ákvörðaða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkanna skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólins, mikilvægi þess og mengunarhættu. Auk verndunar neysluvatns og flokkunar verndarsvæða tekur reglugerð 533/2001 einnig til ráðstafana vegna verndarsvæða, staðsetningar og frágangs vatnsbóla og eftirlits með verndarsvæðum fyrir neysluvatn.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru vatnsverndarsvæði flokkuð í eftirfarandi flokka:

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. Brunnsvæði eru vatnsból fyrir Eyrarbakka við Kaldaðarnesveg, ásamt fimm vatnsbólum við rætur Ingólfsfjalls, þar af er eitt utan landamerkjá Árborgar.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvörðaða grannsvæði vatnsbólins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, t.d. sumarbústaði á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Grannsvæði er skilgreint sem svæði með 250 m radius umhverfis vatnsbólið við Kaldaðarnesveg, annað grannsvæði er skilgreint umhverfis Kotterjulindir á bökkum Ölfusár, vestan við Selfoss. Grannsvæði fyrir vatnsból í Ingólfsfjalli er svæði 100 m niður fyrir vatnsból og síðan allar fjallshlíðar upp á brún.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Ef vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirsmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja. Fjarsvæði fyrir Vatnsveitu Árborgar er land sveitarfélagsins upp á Ingólfsfjall og fjarsvæði er einnig skilgreint við Kotterju. Sjá einnig kafla 4.14.1 um vatnsveitu.

4.4.8 Áhrif verndarsvæða á aðalskipulagstillögu

Ýmis konar vernd hefur mjög víðtæk áhrif á aðalskipulagsgerð. Þó í fyrstu megi e.t.v. álíta að verndarsvæði setji skipulagsgerð ýmsar skorður má þó allt eins líta þannig á að viðkomandi svæði séu í sjálfu sér slíkur fjársjóður að þau auðgi mjög skipulagssvæðið og þá jafnframt skipulagsgerðina. Í aðalskipulaginu er litið á vernd sem jákvæðan þátt sem þurfi í flestum tilvikum að efla og auka þannig að unnt sé að hafa af mikilvæg atvinnutækifæri. Má þar nefna fuglafriðlandið sem er undir hverfisvernd, hverfisvernd á Eyrarbakka, Stokkseyri og Selfossi og náttúruverndarsvæði, sem allt getur skilað sér í auknum atvinnutækifærum, sérstaklega viðkomandi aukinni ferðaþjónustu. Vatn er ein mikilvægasta auðlind jarðarinnar. Taka verður tillit til fornminja sem einnig geta verið uppspretta fjölmargra atvinnutækifæra.

Þó svæði séu á náttúruminjaskrá þýðir ekki að óheimilt sé að nota þau og sýna á þeim landnýtingarflokka og gerir aðalskipulagið ráð fyrir að svo sé gert, enda mikilvægt að menn fái notið þeirra gæða sem náttúran býður upp á. Afmörkun svæða á náttúruminjaskrá er sýnd á aðalskipulagsuppdráttum. Lengi hefur staðið til að friðlýsa fjörur við Eyrarbakka og Stokkseyri sbr. skýrslu Umhverfisstofnunar, Náttúruverndaráætlun 2004–2008, Aðferðafræði, en það hefur ekki verið gert enn og er svæðið ekki í þeirri áætlun sem samþykkt hefur verið. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarfélagið láti friðlýsa fjörurnar við Eyrarbakka og Stokkseyri í samræmi við tillögu að náttúruverndaráætlun, þótt svæðið hafi til þessa ekki ratað inn á endanlega áætlun. Í aðalskipulagi er hverfisvernd á öllum fjörusvæðum og fuglafriðlandi.

4.5 ÞÉTTBÝLI

4.5.1 Sérkenni og þróun þéttbýliskjarna

Í Sveitarfélaginu Árborg eru í aðalskipulagi afmörkuð þrjú þéttbýlissvæði á sveitarfélagsuppdrætti, Selfoss, Eyrarbakki og Stokkseyri, og sýnd þau mörk sem þéttbýlisuppdrættir þessara staða ná yfir. Öll landnotkun innan marka þéttbýlisuppdráttanna er samþykkt og staðfest á þéttbýlisuppdráttum.

Unnið er út frá þeim megin sérkennum sem móta hin mismunandi þéttbýlissvæði sveitarfélagsins, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri, og gildir það einnig fyrir dreifbýlið, sbr. forsendukafli. Jafnframt því að reynt verði að efla innbyrðis tengsl þessara mismunandi svæða hvers fyrir sig þá verði tengsl þeirra hvert við annað eflað og þannig stuðlað að tilfinningu og ábyrgðarkennd íbúa alls sveitarfélagsins fyrir sameiginlegri heild. Í stórum dráttum eru sérkenni þéttbýliskjarnanna þriggja skilgreind á eftirfarandi hátt:

Eyrarbakki

Einkenni Eyrarbakka er nokkuð þétt og mjög sérstök eldri smáhúsabyggð meðfram aðalgötu sem liggur eftir endilöngu þorpinu. Byggðin kúrir bak við sjóvarnargarðinn og á sér ríka sögu, tengda sjósókn og verslun. Framtíðarsýn byggist á því að viðhalda og styrkja þessa heillegu og samstæðu þorpsgötu, bæði með því að laga yfirborð hennar með steinlög, sem taki upp króka og kima götunnar, og eins að þau rými sem gatan og húsin mynda saman verði dregin fram og skerpt. Götuyfirborð stuðli þannig að hægum akstri. Stækkun þorpsins verður meðfram sjónum til vesturs og eins með þéttingu og nýrri byggð norðan þorpsins og er þar í endurskoðuðu aðalskipulagi gert ráð fyrir nýjum skóla. Þar þarf að taka tillit til flóðahættu, einnig m.t.t. núverandi byggðar, því land er þar lægra en í núverandi byggð. Skýla mætti byggðinni frá norðri með lágvöxnum gróðri, en vegna viðsýnis er mikilvægt að ekki verði valdar hávaxta trjategundir.

Stokkseyri

Þó einnig séu fjölmörg eldri hús á Stokkseyri eru einkenni þéttbýlis þar með töluvert öðru svipmóti en á Eyrarbakka. Byggðin er mun gisnari og yngri. Hjarta þorpsins er kringum Stokkseyrarkirkju, þar sem sett hefur verið hverfisvernd. Reiknað er með að á hverfisverndarsvæðinu verði miðjan fegrð með stein- eða hellulög og umhverfismótun. Dæurnar á Stokkseyri setja sérstakan svip á allt umhverfi, móta það og ljá því sterk einkenni. Kajakaferðir um Löngudæl og nágrenni eru mjög áhugaverð starfsemi sem gerir almenningi kleift að kynnst þessari sérstöku náttúru. Lagt er til að sérstaklega verði tekið mið af dælunum og lögd verði ennþá meiri áhersla á þessi einkenni. Lóðir verði við og kringum dæurnar eða vötnin, frekar stórar og heimilud verði stór hús, nútímalegar „villur“ við dæurnar, þó þannig að nánasta umhverfi dælanna verði ekki skert og almenningur eigi ætíð aðgang að þeim.

Selfoss

Gríðarlegur vaxtarkippar hljóp í byggingu íbúðarhúsa á Selfossi fram til haustsins 2008, þegar efnahagslægingin skall á. Samfara uppbyggingunni varð mikil aukning í verslun og þjónustu, sérstaklega í tengslum við byggingariðnaðinn. Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að geta haft nægt framboð af lóðum til þess að svara eftirspurn, þó ekki ári vel nú sem stendur. Selfoss þarf að geta tekið við miklum hluta þeirrar uppbyggingar sem áætlaður er í sveitarfélaginu næstu árin. Undanfarið hefur vöxtur bæjarins verið til suðurs og er nýr Sunnulækjarskóli vel staðsettur miðað við þessa nýju byggð. Vaxtarmöguleikar Selfoss eru mjög takmarkaðir í aðrar áttir, fyrir utan þéttingu byggðar í eldri hluta bæjarins, og tekur aðalskipulagið mið af því.

Mikil áhersla er lögð á að efla tengsl þéttbýliskjarnanna eins og kostur er, þó sérstaklega Eyrarbakka og Stokkseyrar. Betrubætur á útivistarsvæði við Kríuna og golfvöllur við Gamla-Hraun og honum tengd mannvirki, svo sem golfskáli, gætu stuðlað að auknum samskiptum þorpsbúa. Mikilvægt er að kynna vel fjölbreytileg gæði og sérkenni þorpanna við markaðssetningu lóða. Einnig er áhersla lögð á gerð göngu- og hjólastíga milli þorpanna og Selfoss, svo og bætt reiðstígakerfi, og tengja stígarnir dreifbýlið og þéttbýlið.

4.6 ÍBÚÐARSVÆÐI

4.6.1 Einkenni, þéttleiki, byggingarár og aldur húsa


Byggðin er að mestu eins til tveggja hæða einbýlishús, flest steinsteypt eða úr timbri. Raðhús og nokkur fjölbýlishús hafa verið reist á Selfossi síðustu ár. Á Selfossi er minnstur íbúapöttleiki norðan ár og í elsta hluta bæjarins norðan Austurvegar, þar sem búa um 20–25 íbúar á ha. Þar er byggðin einnig skörðótt og töluvert um stórar lóðir þar sem mætti þetta byggðina. Sunnan Austurvegar er byggð nokkuð þéttari, 25–35 íbúar á ha, og þéttust í fullbyggðum hverfum eins og Hagahverfi, Engjahverfi og Rimahverfi með 39–45 íbúar á ha. Þéttust byggð er þó í Smáratúnshverfi, 68 íbúar á ha. Nýjustu hverfin syðst í bænum eru ekki enn fullbyggð.

Í dreifbýlinu eru nokkur myndarleg bú. Meðfram Votmúlavegi er vísir að þyrpingu búgarða-byggðar og í Tjarnarbyggð hefur þónokkur búgarðabyggð risið undanfarin ár. Á Stokkseyri er byggðin mun dreifðari en á Eyrarbakka.

Elstu húsin eru á Eyrarbakka, mörg hver nálægt 100 ára gömul. Þar er eitt elsta og eitt merkasta hús landsins, Húsið, reist 1765. Á Stokkseyri er einnig nokkur fjöldi húsa nálægt 100 ára, en þau eru dreifðari. Í dreifbýlinu eru byggingar frá mismunandi tímum, en meirihluti húsa á Selfossi er frá síðari hluta 20. aldar. Um byggingarár og aldur húsa vísast að öðru leyti til sérstakra húsakannana á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Markmið er að draga byggðasérkenni skýrt fram og byggja framtíðarsýn á þeim.


4.6.2 Íbúafjöldi, aldursskipting og íbúaspá



Spá um íbúapróun er alltaf háð fjölda óvissupátta og fer eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Íbúaaukning sveitarfélagsins hefur verið gríðarleg undanfarin ár, töluvert umfram sveitarfélög sambærilegrar stærðar á landsvísu, eða yfir 8% á ári þegar almest var. Ekki er að vænta slíkrar aukningar nema mjög stutt tímabil í einu. Hagstofan spáir nú fólksfækkun á landinu öllu næstu 2 – 3 árin, síðan hægfara fjölgun allt að 1%.

Miðað við 1% aukningu allt skipulagstímabilið yrðu íbúar í Árborg allri 9625 árið 2030.

Miðað við þær forsendur að aukning yrði 0,5% næstu ár og síðan stigvaxandi í 1% og 2% á síðari tíma skipulagstímabilsins yrði íbúafjöldi Árborgar 10.360 í lok skipulagstímabilsins. Er þá reiknað með sömu fjölgun í öllu sveitarfélaginu.



Á töflunni hér að ofan sést aldursdreifing íbúa í Árborg (í lit) miðað við landið allt (útlínur). Íbúar undir 20 ára eru yfir landsmeðaltali, en 20–55 ára nokkuð undir landsmeðaltali. Íbúar eldri en 55 ára eru um eða yfir landsmeðaltali.

4.6.3 Áhrif íbúaspár á aðalskipulagstillögu, fyrirhuguð uppbygging svæða

Í gildandi aðalskipulagi var tekið mið af þeirri gríðarlegu eftirspurn sem verið hafði árin áður eftir húsnæði í námunda við höfuðborgarsvæðið og var sett fram stærð íbúðasvæða í samræmi við ítrustu spár, 3–4% íbúaaukningu. Gert var ráð fyrir að byggðamynstur yrði áfram svipað og verið hefur. Íbúafjöldi alls sveitarfélagsins var 6961 þann 1. desember 2005 en var orðinn 7810 þann 1. desember 2009.

Á **Selfossi** voru 6574 þann 1. desember 2009. Þéttleiki byggðra hverfa á Selfossi er alla jafna yfir 35 og allt upp í 60–70 íbúar/ha.

Lögd er áhersla á þéttingu íbúðabyggðar í eldri hlutanum samfara uppbyggingu í nýjum hverfum en töluverðir möguleikar eru á þéttingu byggðar í og við miðbæ Selfoss beggja vegna Austurvegjar.

Í byrjun aðalskipulagsvinnu við gildandi aðalskipulag var gerð könnun á þéttleika núverandi íbúðahverfa á Selfossi til að geta áætlað stærð þeirra svæða sem nauðsynleg yrðu fyrir nýja byggð á skipulagstímabilinu. Gengið var út frá því að fjölgun íbúa gæti orðið a.m.k. 4000–5000. Miklu máli skipti hvort Selfossflugvöllur gæti verið áfram á sínum stað út skipulagstímabilið eða hvort hann myndi þrengja að möguleikum á vexti íbúðabyggðar. Miðað við þá meðalþéttingu sem nú er í þegar byggðum hverfum á Selfossi voru settar fram tillögur um íbúðahverfi sem gætu tekið við rúmlega 5000 manna byggð, án þess að flugvöllurinn þyrfti að víkja, og var þá ekki meðtalin þétting byggðar nema að mjög takmörkuðu leyti. Flugvöllurinn var víkjandi ef þörf reyndist á meira landrými fyrir byggð.

Í deiliskipulögðum hverfum s.s. í Hagalandi, á bökkum Ölfusár norðan sjúkrahússins og nýjasta hverfinu syðst í bænum í landi Dísarstaða, er enn mikið af lausum lóðum. Ekki eru gerðar breytingar á þessum svæðum í endurskoðuðu aðalskipulagi, enda full deiliskipulögð og lóðir byggingarhæfar.

Íbúafjöldun á Selfossi á þeim íbúðasvæði sem sýnd voru í gildandi aðalskipulagi og miðað við þéttleika 37 íbúar/ha gat orðið 4600 íbúar, auk 200 íbúa vegna þéttingar í miðbæ, samtals **4800** íbúar en samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi getur fjölgunin orðið um **5200** sbr. mynd hér að aftan. Æskilegt er að þéttleikinn fari hvergi undir 35 íbúa á ha, svo hagkvæmni náist. Öll íbúðahverfi á Selfossi samkvæmt aðalskipulagstillögu gætu því rúmað um **12–13.000 íbúa** samtals.



Myndin hér að ofan sýnir íbúðasvæði á Selfossi samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi. Sjá má núverandi fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig og áætlaða íbúaaukningu upp á rúmlega 5000 miðað við þær forsendur aðalskipulagsins að þéttleiki verði ekki undir uppgefnum íbúafjölda á hverjum reit.

Blandaðri íbúðar- og frístundabyggð norðan Ölfusár upp með ánni er í endurskoðuninni breytt í frístundabyggð eingöngu sbr. kafla 1.4, lið 11.

Reiknað er með þeirri áfangaröð byggingarsvæða að þau svæði sem byrjað er á fullbyggist áður en byrjað er á byggingu nýrra svæða, en Bjarkarstykki N4 og N5 umhverfis nýjan skóla og leikskóla byggist á undan Dísarlandi N13. Samhliða uppbyggingu nýrra svæða er reiknað með þéttingu miðsvæðis og þegar byggðra svæða.

Á **Eyrarbakka** voru um 570 íbúar á 26 ha byggðum svæðum sem gerir 22 íbúar/ha árið 2005 og er íbúafjöldi sá sami 1. desember 2009.

Áfram er lögð áhersla á þéttingu byggðar á þegar deiliskipulögðum svæðum áður en byggt verður á nýju svæði vestast í þorpínu, sem hefur verið minnkað. Til að þetta byggðina á Eyrarbakka mætti e.t.v. flytja þangað eldri hús annars staðar frá, þó háð mjög ströngum skilyrðum. Ný byggð verði í hlutföllum aðlöguð fyrirliggjandi byggð svo byggðaeinkenni þessa sérstaka þorps haldist.

Samþykkt er deiliskipulag íbúðabyggðar við Hulduhól. Íbúðabyggðin nær inn á flóðasvæði og segja deiliskipulagsskilmálar til um botnplötuþæð húsa yfir flóðalínu.

Í deiliskipulagi á Eyrarbakka skal fylgja ákvæðum í skýrslunum „Skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum. 1. áfangi“, útgefin 1992 af Skipulagi ríkisins og „Lágsvæði 2. áfangi, Skipulags- og byggingaráðstafanir og sjóvarnir“, útgefin 1995 af Vita- og hafnarmálastofnun, Skipulagi ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands.

Endurskoðað aðalskipulag gerir ráð fyrir möguleika á um 34 íbúðum í þéttingu og um 100 íbúðum á nýbyggingarsvæðum Eyrarbakka. Miðað við 2,5 íbúar/íbúð rúmast á nýbyggingarsvæðum rúmlega 330 íbúar eða u.p.b. **900 íbúar** samtals í lok skipulagstímabilsins, sem yrði u.p.b. 60% íbúafjölgun.

Á **Stokkseyri** voru um 470 íbúar á 30 ha byggðum svæðum sem gerir 16 íbúa/ha árið 2005 en íbúafjöldi er 525 þann 1. desember 2009.

Í staðfestu aðalskipulagi var sjávarlóðum bætt við vestast í þorpinu og þarf því að flytja þjóðveginn í eldri legu til þess að gera þær lóðir byggingarhæfar. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er ekki gerð breyting á þessu en íbúðarsvæði er í endurskoðuninni einnig sett norðan vegarins. Íbúðarbyggð við Heiðarbrún norðan Löngudælar er aftur á móti minnkuð til vesturs og norðurs í endurskoðuninni.

Í deiliskipulagi á Stokkseyri skal fylgja ákvæðum í skýrslunum „Skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum. 1. áfangi“, útgefin 1992 af Skipulagi ríkisins og „Lágsvæði–2. áfangi, Skipulags- og byggingaráðstafanir og sjóvarnir“, útgefin 1995 af Vita- og hafnarmálastofnun, Skipulagi ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands.

Endurskoðað aðalskipulag gerir ráð fyrir möguleika á um 63 íbúðum í þéttingu og möguleika á um 100 íbúðum á nýbyggingarsvæðum. Miðað við 2,5 íbúa/íbúð rúmast um 400 íbúar eða **925 íbúar** samtals í lok skipulagstímabilsins, sem yrði um 75% íbúafjölgun.

Í fyrrum **Sandvíkurhreppi** eða dreifbýlinu voru um 195 íbúar árið 2005 en eru 209 þann 1. desember 2009. Miðað við meðaltal 2,5 ha búgarð og 2,5 íbúa á hverjum búgarði rúmast samtals 1118 íbúar í búgarðabyggðum út frá eftirfarandi stærðum:

Svæði fyrir búgarðabyggð voru eftirfarandi stærðar og reiknað er með eftirfarandi íbúafjölda:

Byggðarhorn og meðfram Votmúlavegi	440 ha	440 íbúar
Stokkseyrarmýri norðan Stokkseyrar	40 ha	40 íbúar
Stokkseyrarsel norðvestan Stokkseyrar	63 ha	63 íbúar
Tjarnarbyggð í landi Kaldaðarness	575 ha	575 íbúar
samtals búgarðabyggð	1118 ha	1118 íbúar

Samtals gætu skipulögð svæði í fyrrum Sandvíkurhreppi út frá þessum forsendum tekið við rúmlega **1300 íbúum** samtals á skipulagstímabilinu, sem er nálægt sexföldun á núverandi íbúafjölda.

Samkvæmt ofanskráðu gætu þau íbúða-, frístunda-, búgarða- og landbúnaðarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagstillögu í öllu sveitarfélaginu rúmað u.þ.b. **15.000 íbúa samtals** miðað við gefnar forsendur.

Búgarðabyggð er komin nokkuð á veg í landi Kaldaðarness, Tjarnarbyggð út frá Eyrarbakka-vegi, en einnig í landi Byggðarhorns við Votmúlaveg. Í staðfestu aðalskipulagi var gert ráð fyrir áfangaskiptingu búgarðabyggðar og mikilvægt er að í deiliskipulagi verði gerð nánari grein fyrir áfangskiptingu. Sjá einnig kafla 4.7.2. um búgarðabyggð.

Þéttleiki íbúðasvæða

Á Selfossi er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall íbúðalóða verði á bilinu 0,3–0,45.

Á Eyrarbakka er reiknað með nýtingarhlutfalli 0,3–0,4

Á Stokkseyri er reiknað með nýtingarhlutfalli 0,2–0,35

Á búgarðasvæðum er nýtingarhlutfall ekki skilgreint í aðalskipulagstillögu en fjöldi íbúðarhúsa og önnur starfsemi er skilgreind sbr. kafla 4.7.2.

Framangreint nýtingarhlutfall er til leiðbeiningar og skilgreinist nánar í deiliskipulagi.

4.7 LANDBÚNAÐARSVÆÐI – BÚGARÐABYGGÐ – FRÍSTUNÐABYGGÐ

4.7.1 Landbúnaðarsvæði

Mestur hluti dreifbýlis í Sveitarfélaginu Árborg er landbúnaðarsvæði skv. staðfestu aðalskipulagi. Aðeins hluti svæðisins er ræktað land, en stór hluti notað sem beitarland. Mikið votlendi er á Flóasvæðinu og framræsluskurðir og skurðir Flóaáveitunnar skera svæðið. Landbúnaður hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum, hrossabúskapur hefur stóraukist og einnig það að búskapur sé stundaður í hjáverkum, ásamt annarri atvinnu.

Dreifbýlið í Flóanum hefur þann augljósa kost að vera í góðum tengslum bæði við Selfoss og höfuðborgarsvæðið og því hefur færst í vöxt að menn stundi þar búskap sem aukastarf. Ásókn hefur verið hjá landeigendum í að geta selt hluta jarða sinna til slíks búsetuforms, þar sem búskaparhættir eru nú að taka miklum breytingum. Nokkur „búgarðabyggð“ er risin í landi Byggðarhorns við Votmúlaveg og Tjarnarbyggð en margar byggingarhæfar lóðir standa þó tóm.

Við endurskoðun aðalskipulags er felld út búgarðabyggð sunnan Votmúlavegar við Geirakot og Eyði-Sandvík og norðan Votmúlavegar við Smjördali og Nýjabæ, einnig norðan Eyrarbakka og norðan Stokkseyrar í Stokkseyrarmýri. Öllum þessum svæðum er nú breytt aftur í landbúnaðarsvæði, en með sérstakri aðalskipulagsbreytingu hafði Byggðarhorni verið breytt í búgarðabyggð sbr. kafla 1.3.

Mikilsvert er að landbúnaður verði áfram stundaður í sveitarfélaginu. Á þeim landbúnaðarsvæðum sem skilgreind eru sem slík er lögð áhersla á að landbúnaður verði áfram með hefðbundnum hætti. Þar er ekki heimilað að reisa stök íbúðarhús án tengsla við búskap. Frístundahúsnæði má einungis reisa innan afmarkaðra skilgreindra svæða fyrir frístundabyggð. Skógrækt til nytja telst til landbúnaðar og er aðeins heimiluð á landbúnaðarsvæðum sbr. kafla 4.8.2. Skógrækt á 200 ha svæði eða stærra og skógrækt á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Tún falla innan landbúnaðarsvæða, þau eru einungis sýnd á uppdráttum með sérstökum lit til skýringar.

4.7.2 Búgarðabyggð

Búgarðabyggð er talin upp með landbúnaðarsvæðum, en skilgreind á uppdráttum sem blönduð byggð íbúða og opinna svæða til sérstakra nota. Skógrækt er ekki heimil á búgarðasvæðum en trjárækt og skjólmyndun í tengslum við byggð er heimil sbr. kafla 4.8.2.

Búgarðabyggð er samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi skilgreind í landi Byggðarhorns við Votmúlaveg, Tjarnarbyggð, Stokkseyrarsel og við Hofún austan Holtsvegar. Búgarðabyggð er felld niður sunnan Votmúlavegar við Geirakot og Eyði Sandvík og norðan Votmúlavegar við Smjördali og Nýjabæ, í Háeyrarmýri norðan Eyrarbakka og norðan Stokkseyrar í Stokkseyrarmýri og þessum svæðum aftur breytt í landbúnaðarsvæði.

Búgarðarnir geta veitt þéttbýlinu ýmsa þjónustu, bæði með bændu- eða búgarðagistingu svo og ræktunarmöguleikum og fræðslu um landbúnað og dýrahald fyrir alla aldurshópa.

Búgarðabyggð er skilgreind með öðrum hætti en venjulegur landbúnaður. Reiknað er með að lóðir verði 1–5 hektarar að stærð og þar megi reisa vegleg íbúðarhús og hesthús eða húsnæði fyrir ýmiss konar húsdýrahald. Þéttleiki byggðar sé þannig að eitt íbúðarhús sé á hverri lóð upp að 4 ha stærð en tvö hús geti verið á 4–5 ha lóðum. Ekki er reiknað með hefðbundnum landbúnaði með framleiðslurétti í búgarðabyggð.

Í búgarðabyggð er heimiluð ýmis atvinnustarfsemi tengd landbúnaði, s.s. ýmis konar dýrahald og ræktun, nokkurs konar frístundabúskapur með takmörkuðum fjölda húsdýra eða dýrategunda samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Stunda má fræðslustarfsemi ýmis konar eða námskeiðahald s.s. um ræktun, náttúru, og gróður og mætti í því sambandi leigja út gróðurreiti fyrir matjurtagarða eða skólagarða ásamt umsjón með þessum svæðum. Einnig getur verið aðstaða til fræðslu um meðferð og umönnun dýra, tamningar, reiðskólar og fleira.

Í búgarðabyggð er um að ræða heilsársbyggð en ekki frístundabyggð. Þjónusta við búgarðabyggð verður frá þéttbýlinu á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Hvað varðar fráveitu gilda sömu reglur og í dreifbýli sbr. kafla 4.14.2, sjá einnig kafla 4.14.1 um vatnsveitu.

Deiliskipulagning búgarðabyggðar er nauðsynleg í náinni samvinnu sveitarstjórnar og eigenda jarðanna, en eigendur munu sjá um og kosta deiliskipulagsgerð. Í deiliskipulagi búgarðabyggðar komi fram stærð lóða og fyrirhugaðra bygginga, fyrirhuguð starfsemi og notkun lóðar og bygginga, samgöngumannvirki og umferðarkerfi, veitur, kvaðir og annað það sem taka þarf fram í deiliskipulagi og bæjaryfirvöld kunna að óska eftir. Gera ætti heildar deiliskipulag af hverju búgarðasvæði fyrir sig, þar sem greinilega komi fram áfangaskipting uppbyggingar. Í deiliskipulagi skal leitast við að spilla sem minnst votlendi svæðanna, en þegar er hafin endurheimt votlendis innan fuglafriðlands í Flóa og skal gert ráð fyrir endurheimt votlendis til samræmis við það votlendi sem tapast undir fyrirhugaða búgarðabyggð.

Sjá einnig kafla 4.6.3 um áhrif íbúaspár á aðalskipulagstillögu og fyrirhugaða uppbyggingu íbúðarsvæða.

4.7.3 Frístundabyggð

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er blöndun frístundabyggðar og íbúðarbyggðar alls staðar felld niður nema á Stokkseyri sunnan Kumbaravogs þar sem fyrir er gömul byggð með þessari blöndun.

Frístundasvæði er norðan Ölfusár á Selfossi og austast á Stokkseyri eru skilgreind frístundasvæði við Skipavatn, Skjöldali og Fremra Kotleysuvatn, en afmörkun þess svæðis er breytt frá staðfestu aðalskipulagi. Einnig er Völlur, frístundabyggð austan Eyrarbyggðar í landi Stóru Sandvíkur, sett inn ásamt veltengingu við Eyrarbyggðarveg.

Stök frístundahús eru þegar komin á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu, einkum austan Stokkseyrar og í nágrenni Sandvíkur, og eru svæði kringum þessi hús skilgreind sem frístundasvæði. Ekki er heimilt að byggja frístundahús utan þeirra svæða sem sýnd eru fyrir þennan landnotkunarflokk á aðalskipulagi, t.d. á bújörðum, nema til komi aðalskipulagsbreyting.

4.8 ÚTIVISTARSVÆÐI OG ÖNNUR OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

4.8.1 Almenn

Í Sveitarfélaginu Árborg eru fjölmargir útivistarmöguleikar með sérstæðri náttúru í tengslum við Ölfusá, strandsvæðin, dælurnar og skógræktarsvæði í Hellisskógi, að ógleymdu Ingólfsfjalli. Eftirfarandi almenn markmið hafa verið sett fram:

Ræktun og útivist

Stefnt er að því að umhverfi Árborgar verði skjólsælt og fjölbreytt hvað gróður varðar og bjóði þannig upp á góða möguleika til útivistar á skjólgóðum og grónum svæðum.

Stefnt er að því að gróðurlaus svæði verði grædd upp og að öll landnýting, þar á meðal notkun beitilanda, innan marka sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar.

Með skógrækt og skjólbeltarækt eykst skjól. Því fylgir jafnara veðurfar, betri skilyrði til garðræktar, lægri húshitunarkostnaður, minni snjómokstur, fjölbreyttara dýralíf og notalegra umhverfi.

Lausaganga búfjár er ekki leyfð í Árborg

(sbr. samþykkt um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg, útg. af landbúnaðarráðuneytinu 1. ágúst 2003).

Ræktað land - unaðsleg útivist!

Opnum svæðum til sérstakra nota má skipta í eftirfarandi flokka og eru þau ólík að gerð og fjölbreytileika:

4.8.2 Skógrækt, trjárækt, gróðursetning

Núverandi skógræktarsvæði eru skilgreind á aðalskipulagsuppdrætti sem opin svæði til sérstakra nota og ætluð til útivistar. Vegna flatlendis og víðsýnis svo og vegna votlendis Flóans þarf að vanda vel val á svæðum til skógræktar, þó eðlilegt sé að veita byggðasvæðum skjól með gróðri. Skógrækt hefur verið skilgreind sem ný búgrein í landbúnaði. Á landbúnaðarsvæðum í Árborg er því sbr. kafla 4.7.1 unnt að heimila slíka skógrækt innan þeirra takmarkana sem lög og reglugerðir ákveða. Ný skógræktarsvæði eru ekki skilgreind á uppdráttum en skulu, ef til kemur, vera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins t.d. varðandi endurheimt votlendis. Skógræktaráætlun skal skilgreind í deiliskipulagi. Skógrækt á 200 ha svæði eða stærra og skógrækt á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Núverandi skógræktarsvæði eru á Selfossi norðan byggðarinnar en austan hennar er skjólbelti. Við Eyrarbakkeveg er lítill trjáræktarreitur og einnig er lítill trjáræktarreitur í landi Byggðarhorns. Á staðfestu aðalskipulagi er fyrirhugað skjólbelti ofan byggðar á Eyrarbakka. Lítil trjárækt er á Stokkseyri.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að núverandi skógræktarsvæði haldist og að trjárækt við íbúðarhús eflist á komandi árum. Gróðursetning skjólbelta við Eyrarbakka og Stokkseyri verði með þeim hætti að víðsýni verði ekki skert, við Eyrarbakka þyrfti t.d. að velja lágvaxta trjátegundir sem ekki fela byggðina frá vegi séð og skipuleggja beltin ekki sem samfellda heild meðfram vegi heldur sem þyrpingar sem gefa innsýn á byggðina.

Skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó. Skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum tilkynningarskyld og kann hún að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

4.8.3 Kirkjugarðar

Kirkjugarðar eru á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Kaldaðarnesi og er ekki reiknað með stækkun þeirra. Kirkjugarðurinn á Selfossi er orðinn of lítill og er í endurskoðuninni stækkaður á sama stað. Auk þess er framtíðar kirkjugarður skipulagður í Mógili sunnan við Hellisskóg, í samráði við sóknarnefnd Selfoskirkju, en fallið frá stækkun handan árinna við Fossnes, sjá einnig kafla 6.10 um mat umhverfis- og náttúrupáttá.

4.8.4 Íþróttasvæði

Íþróttasvæði á Selfossi er vel staðsett í miðjum bænum, í góðum tengslum við skóla og göngu-leiðir. Á Eyrarbakka og Stokkseyri eru íþróttasvæði við skólahúsnæði.

Við endurskoðun aðalskipulagsins er nýju fjölnotahúsi komið fyrir á íþróttavallarsvæðinu við hlið fjölbrautarskólans, í stað áður fyrirhugaðrar staðsetningar við flugvöll og Eyrarbakkaveg.

Svæði fyrir akstursípróttir s.s. go-cart og sem æfingaaksturssvæði fyrir unga eða óreynda öikumenn er skilgreint vestan flugbrauta með aðkomu sunnan brautanna, í stað áður austan flugvallarins.

4.8.5 Leiksvæði, sparkvellir

Leiksvæði og sparkvellir eru nú þegar í tengslum við íbúðabyggð. Áfram er gert ráð fyrir að minni leiksvæði og sparkvellir verði í nýjum íbúðarhverfum, gjarnan í tengslum við grænan ás eða græn svæði milli hverfa. Í deiliskipulagi hverfanna skal segja nánar til um staðsetningu.

4.8.6 Skólagarðar, matjurtagarðar

Ekki er gert ráð fyrir skólagörðum eða sérstökum svæðum fyrir matjurtagarða á þéttbýlisstöðunum en í búgarðabyggð má gera ráð fyrir skóla- eða matjurtagörðum til útleigu sbr. kafla 4.7.2.

4.8.7 Tjaldsvæði

Tjaldsvæði eru í öllum þéttbýliskjörnunum. Á Selfossi við íþróttasvæðið, á Eyrarbakka vestan þorpsins og á Stokkseyri miðsvæðis við Sólvelli. Ekki eru lagðar til breytingar á tjaldsvæðum sveitarfélagsins og hafa þau öll stækkunarmöguleika innan viðkomandi opins svæðis.

4.8.8 Golf

Golfvöllur í landi Laugadæla, sem rekinn er af Golfklúbbi Selfoss, er að mestu í Flóahreppi en nær inn í Árborg að hluta. Völlurinn, sem er níu holu, mun að öllum líkindum breytast við færslu Suðurlandsvegar. Á staðfestu aðalskipulagi er golfvöllur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar á marbakkanum austan, norðan og vestan við Gamla-Hraun. Enda þótt svæðið sé á náttúru-minjaskrá er mikilvægt að íbúar fái notið þeirra útivistargæða sem það hefur upp á að bjóða. Bent er á mikilvægi þess að við hönnun golfvallarins verði aðgengi almennings að sjónum og dælunum ekki skert og tekið verði fullt tillit til sérstaks gróðurs og fuglafríðlands.

4.8.9 Hesthúsabyggð

Hesthúsabyggð er í öllum þremur þéttbýlissvæðum og hefur hún alls staðar góða stækkunarmöguleika sem sýndir eru á aðalskipulagstillögu. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gerð smávægileg breyting á suðurmörkum hesthúsasvæðis við land Disarstaða.

4.8.10 Strendur, siglingar, árbakkar, veiði o.fl.

Útivistargildi strandsvæðanna og árbakka Ölfusár er mikið og veiði talsvert stunduð. Fuglalíf er mjög fjölskrúðugt á þessum svæðum. Kajakaferðir eru stundaðar í dælunum og með ströndinni. Sjá einnig kafla 4.2.7, 4.3.3, 4.3.4, 4.3.6 og 4.4.6.

4.8.11 Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og er þar ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Almenn er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, svo sem stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þó þurft að deiliskipuleggja þau. Óbyggð svæði í sveitarfélaginu Árborg eru einkum hliðar Ingólfsfjalls og stök svæði innan þéttbýlis og meðfram ströndinni. Allt fuglafríðlandið er á óbyggðu svæði sbr. kafla 4.4.6. Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru gerðar lítilsháttar breytingar innan þéttbýlis Selfoss þar sem svæði eru tekin undir íbúðabyggð, athafnasvæði og nýjan kirkjugarð sbr. kafla 1.4.

4.9 ATHAFNA- IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI – EFNISTAKA – EFNISLOSUN

4.9.1 Athafna- og iðnaðarsvæði, hafnarsvæði

Athafnasvæði á Selfossi eru aðallega á þremur stöðum. Austast í bænum á Merkilandstúni sunnan Austurvegar er blandað svæði athafna-, verslunar og þjónustu. Á athafnasvæði meðfram Eyravegi er einkum byggingariðnaður og athafnasvæði verktaka ásamt verslun og þjónustu í tengslum við þessa starfsemi. Norðan Ölfusár eru stór athafnasvæði, einkum bíla-sölur og aðstaða fólksflutningafyrirtækja. Þar hefur Vegagerðin aðstöðu sína og einnig bíla- og vélaverkstæði. Á svæðinu eru möguleikar fyrir ýmsa athafnastarfsemi í bland við verslun og þjónustu. Líkur er á að mikilvægi þessa svæðis aukist við tilflutning Suðurlandsvegar vegna góðra samgöngutengsla og gerir endurskoðað aðalskipulag ráð fyrir stækkun þessa svæðis og skilgreiningu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á hluta þess.

Með sérstakri aðalskipulagsbreytingu hefur landnotkun á Sandvíkurheiði verið breytt í athafnasvæði þar sem áður var skilgreint athafnasvæði og útivistarsvæði til sérstakra nota. Á þessu svæði eru fyrirhugaðar lóðir fyrirtæja sem þurfa mikið landrými. Einnig er þarna aðstaða Flugklúbbs Selfoss.

Nokkrar lausar lóðir eru í þorpunum á athafnasvæðum. Á Eyrarbakka er athafnasvæði í vesturhluta þorpsins. Á Stokkseyri eru athafnasvæði vestarlega í þorpinu meðfram Eyrarbraut og austast í þorpinu og við Ásgautsstaði samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Endurskoðað aðalskipulag gerir ráð fyrir að svæðið austast á Stokkseyri, við Eystri Rauðhól, verði fellt niður sem athafnasvæði og því breytt í íbúðarbyggð, en í staðinn er athafnasvæði afmarkað norðan þéttbýlisins, sunnan hesthúsahverfisins.

Iðnaðarsvæði eru áfram skilgreind á Selfossi austast í bænum við Austurveg, þar er nú stór lóð Mjólkurbús Flóamanna. Á iðnaðarsvæði norðan Ölfusár er lóð Sláturfélags Suðurlands næst Ölfusá og er fyrirhuguð stækkun á þeirri starfsemi. Nokkru norðar eru iðnaðarlóðir m.a. fyrir steypustöð, og er það svæði stækkað í endurskoðuninni, vegna fyrirhugaðrar tilfærslu Suðurlandsvegar. Lóð fyrir gámasvæði með móttöku efna til endurvinnslu og spilliefna norðan Suðurlandsvegar er í endurskoðuninni breytt í athafnasvæði þar sem lóð með þeirri starfsemi var með sérstakri aðalskipulagsbreytingu komið fyrir við flugvöll. Iðnaðarsvæði fyrir dælu- og hreinsistöð við Ölfusá var samkvæmt sömu aðalskipulagsbreytingu hliðrað lítillaga til austurs.

Engin iðnaðarsvæði eru skilgreind í þorpunum fyrir utan lóðir aðveitustöðva og skólþdælu-stöðva, en gámasvæði samkvæmt staðfestu aðalskipulagi milli þorpanna er í endurskoðuninni lagt af, þar sem ein flokkunarstöð fyrir allt sveitarfélagið hefur verið staðsett við flugvöllinn.

Hafnarsvæði eru engin í sveitarfélaginu Árborg þar sem hafnir á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa verið lagðar af.

Nýtingarhlutfall lóða á athafna- og iðnaðarsvæðum skal ákvarðast í deiliskipulagi.

4.9.2 Efnistaka

Efnistaka í landi Árborgar er aðeins við ströndina, þar er sjálfbær sandnáma neðan Eyrarbakka-vegar, nálægt mynni Ölfusár. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að sjálfbært sandnám verði þarna áfram og er þetta eina fyrirhugaða efnisnám í landi sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulags-áætlun. Áætluð efnistaka er 5–10 þúsund rúmmetrar á ári. Stöðugur sandburður Ölfusár og sjávarstrauma gera námuna sjálfbæra á þann hátt að stöðugt berst sandur í námuna í stað þess sem tekið er. Efnistakan hamlar sandburði austur með ströndinni í fjörur og sker framan Eyrarbakka. Leyfi til efnistökkunar eru endurskoðuð árlega.

Ef opnaðar verða nýjar námur innan sveitarfélagsins er brynt að Umhverfisstofnun berist áætlunir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang efnistökkustaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Efnistaka getur fallið undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Heilbrigðis-
eftirlit sveitarfélaga veita starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um
starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4.9.3 Efnislosun

Til þessa hefur eina jarðefnislosunarsvæði sveitarfélagsins verið sunnan þéttbýlis Selfoss, við
Lækjarmót. Þar fer að verða skortur á landrými. Svæðið er stækkað til norðurs og austurs, en
minnkað til suðurs. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að efnislosunarsvæðinu verði lokað á skipu-
lagstímabilinu. Losunarsvæði norðan flugvallar er einnig svo til fullnýtt og verður lokað. Á
Stokkseyri er efnislosunarsvæði afmarkað við núverandi grjótnámsgryfjur. Samið hefur verið um
efnislosun Árborgar í Súluholti í Flóahreppi, rétt austan sveitarfélagsmarka, og er ráðgert að öll
efnislosun Árborgar flytjist þangað á skipulagstímabilinu.

Heildarlosun umframefnis á Selfossi er 50–100 þúsund rúmmetrar á ári, en óverulegt magn
kemur annars staðar frá. Einkum er um mold, leir og hraungrýti að ræða, allt efni sem auðvelt er
að forma og móta land með og skal nýta slíkt efni eins og kostur er til landmótunar og gerðar
hljóðmana sem næst þeim stöðum þar sem það fellur til.

Pegar notkun svæðanna til efnislosunar er hætt tekur sá landnotkunarflokkur við sem sýndur er
undir notkunarskilgreiningu efnislosunar.

4.10 MIÐSVÆÐI

Í miðbæ Selfoss, meðfram aðalgötu bæjarins, Austurvegi, eru nú blönduð svæði verslunar,
þjónustu, stofnana og íbúða. Aðalskipulag gerir ráð fyrir styrkingu miðbæjar Selfoss sem aðal
þjónustusvæðis alls sveitarfélagsins með miðstöð stjórnsýslu, verslunar, skrifstofum, þjónustu-
og menningarstofnunum, veitingarekstri, ásamt nokkurri íbúðabyggð. Miðsvæðið er í góðum
tengslum við önnur verslunar- og athafnasvæði við Eyraveg svo og önnur helstu atvinnusvæði
sbr. kafla 4.13.

Á miðsvæði er reiknað með nýtingarhlutfalli á bilinu 1.0–2.0. Engan veginn er sjálfgefið að alls
staðar á miðsvæði verði heimilað hámarks nýtingarhlutfall. Sérhvert tilvik fyrir sig verður skoðað
út frá aðstæðum s.s. aðlögun að nálægri byggð, skuggamyndun, lausn umferðarmála,
veðurfarslegum áhrifum o.fl., sem m.a. skal gera grein fyrir í deiliskipulagi viðkomandi reits.

4.11 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

4.11.1 Svæði fyrir verslun og aðra þjónustu

Aðal verslunar- og þjónustusvæði sveitarfélagsins er á Selfossi á miðsvæði meðfram Austurvegi, svo og við Eyraveg og norðan Ölfusár meðfram Suðurlandsvegi (þjóðvegi 1). Þjónar þetta svæði bæði öllu sveitarfélaginu svo og nærsveitum. Forsendur þess að gott mannlíf geti þrífist í sveitarfélaginu í heild eru þó þær að hver þéttbýliskjarni fyrir sig hafi upp á góðan miðkjarna að þjóða þar sem menning og gott mannlíf fær þrífist.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er verslunar- og þjónustusvæði norðan Ölfusár meðfram þjóðvegi 1 stækkað samhliða fyrirhugaðri tilfærslu mismörga gatnamóta Suðurlandsvegur til norðurs. Verslunar- og þjónustusvæði meðfram Eyravegi er lengt til suðurs.

Einnig eru skilgreind verslunar- og þjónustusvæði á blönduðum svæðum, aðallega með íbúðarsvæðum, á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þar fer m.a. fram öflug listastarfsemi.

Sjá ennfremur kafla 4.13 um þróun atvinnulífs.

4.12 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR OG SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

4.12.1 Opinberar stofnanir, stjórnsýsla og löggæsla

Opinberar stofnanir sveitarfélagsins eru staðsettar í þéttbýliskjörnunum. Flestar stofnanir eru á Selfossi þar sem flestir íbúar eru. Þar er Ráðhús Árborgar með bæjarskrifstofum, framkvæmda- og veitusviði við Austurveg og sýslumannsembættið er á Selfossi. Á Eyrarbakka og Stokkseyri eru mikilvægar menningarstofnanir s.s. söfn, sundlaug á Stokkseyri og þjónusta við aldraða, auk fangelsisins á Litla-Hrauni.

Lögð er áhersla á góða þjónustu sveitarfélagsins á öllum sviðum, samhliða hagræðingu í rekstri.

Opinber innkaup

Það er stefna sveitarfélagsins Árborgar að umhverfsvænar vörur og þjónusta hafi forgang við innkaup til sveitarfélagsins og stofnana þess.

Kaupa skal þjónustu af þeim aðilum sem hlotið hafa viðurkennda umhverfsvottun þegar slíkt er í boði.

Með umhverfsvænni og samræmdri innkaupastefnu má auka hagræðingu innan sveitarfélagsins til muna, minnka sorpmagn og draga úr magni eitraðra og mengandi efna sem eru í umferð í sveitarfélaginu.

Vistvæn hugsun - viðvarandi velsæld allra kynslóða!

4.12.2 Skólasvæði, skólar

Vallaskóli varð til við sameiningu Sandvíkurskóla og Sólvallaskóla og hefur þjónað allri byggð Selfoss þar til haustið 2004 að 1. hluti nýs Sunnulækjarskóla var tekinn í notkun. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri skiptir skólahaldi þannig að 1.–5. bekkur stundar nám á Stokkseyri en 6.–10. bekkur á Eyrarbakka. Ekið er með nemendur milli staða. Líta má á barnaskóla þorpanna sem eina aðal lífæð þeirra og því mikilvægt að halda skólasterfi í báðum þorpunum. Nýbúið er að byggja nýtt skólahúsnæði á Stokkseyri í stað eldra húsnæðis. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er nýtt skólasvæði staðsett á Eyrarbakka, miðsvæðis nyrst í þorpinu.

Á Selfossi eru nú rúmlega 3000 íbúar að baki hvorum grunnskóla. Vegna fjárfisráðgjafarar íbúaaukningar þarf að reikna með nýrri grunnskólaeiningu fyrir lok skipulagstímabilsins. Í staðfestu aðalskipulagi var reiknað með nýju skólasvæði vestan Eyravegar við nýja íbúðabyggð í Fosslandi. Í endurskoðun aðalskipulagsins er þessu breytt og nýr skóli staðsettur í landi Bjarkar, stækkuðu íbúðarsvæði norðan Suðurhóla sbr. þemakort.

Fjölbrautaskóli Suðurlands er stærsta menntasetur sveitarfélagsins og mikil lyftistöng þess.

Tónlistarskóli Árnesinga hefur höfuðstöðvar á Selfossi.

sem þau eru í raun aðalsafngripirnir. Í safninu er sögu Hússins og íbúa þess gerð skil, ásamt sögu Eyrarbakka-verslunar. Jafnframt eru í safninu margir munir víða að úr Árnessýslu. Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka var formlega opnað í eigin húsnæði árið 1989. Í safninu eru munir frá Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára. Stærsti og merkasti safngripurinn er áraskipið Farsæll. Í eigu sjóminjasafnsins er beitningaskúr byggður árið 1925 á blómaskeiði vélbátaútgærðar á Eyrarbakka. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er í eigu Sveitarfélagsins Árborgar en rekið af Byggðasafni Árnesinga samkvæmt samningi þar um.

Puríðarbúð á Stokkseyri var reist af Stokkseyringafélaginu í Reykjavík árið 1949, til minningar um Puríði formann og hofna starfshætti. Byggðasafn Árnesinga annast umsjón Puríðarbúðar.

Rjómabúíð á Baugsstöðum er skammt austan við Stokkseyri. Það hefur verið opið almenningi sem safn frá árinu 1975. Tæki rjómabúsins eru upprunaleg og eru þau gangsett fyrir gesti safnsins. Sérstakt varðveislufélag rekur rjómabúíð.

Bókasafn Árborgar á Selfossi er sameign Sveitarfélagsins Árborgar og Héraðsnefndar Árnesinga. Auk þess á Flóahreppur fulla aðild að safninu. Á Eyrarbakka og Stokkseyri eru rekin útibú frá bókasafni Árborgar. Í höfuðstöðvum Bókasafns Árborgar á Selfossi fer fram margs konar menningarstarf samhliða hefðbundinni bókasafnsstarfsemi. Þar er einnig til húsa upplýsingamiðstöð Árborgar fyrir ferðamenn.

Veiðisafnið á Stokkseyri hefur verið opnað almenningi á heimili tveggja einstaklinga þar sem þeir hafa komið upp úrvali uppstoppaðra veiðidýra, ásamt skotvopnum, fuglum og munum tengdum skotveiðum.

Tónminjasetur Íslands hefur aðsetur í Hólmarastarhúsinu á Stokkseyri.

Draugasetrið er einnig í Hólmarastarhúsinu, þar er sýning tileinkuð draugum sem á fyrri tíð voru á sveimi í neðanverðum Flóa.

Söfnin í Árborg gegna mikilvægu hlutverki, bæði vegna þeirra ferðamanna sem sækja sveitarfélagið heim og til þess að fræða íbúa þess um sögu og menningu sveitarfélagsins. Stefnt er að frekari uppbyggingu safnanna, ekki síst á Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem byggðin mótar ákjósanlega umgjörð um þau.

4.12.6 Sundstaðir – íþróttahús

Sundhöll Selfoss hefur bæði inni- og útilaug, gufuböð o.fl. Á Stokkseyri er einnig vinsæl sundlaug. Lítil íþróttahús eru á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Á Selfossi er góð íþróttastaða í íþróttahúsi við Vallaskóla og nýbyggt íþróttahús er við Fjölbautaskóla Suðurlands. Við Sunnulækjarskóla er búið að reisa íþróttahús. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir staðsetningu á fjölnota íþróttahúsi á íþróttavallarsvæði á Selfossi, við hlið fjölbautaskóla og er það breyting frá staðfestu aðalskipulagi, sbr. samanburð valkosta og mat á staðsetningarkostum í kafla 6.10.4.

4.12.7 Ferðamannþjónusta

Ferðamannþjónusta er vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu. Ferðaskrifstofur eru starfræktar á Selfossi og þar er einnig upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Fjölbreytileg gistiðstaða er í boði, hótél og gistihúsabyggð, en fjölbreytt gistiðstaða og tjaldsvæði eru í öllum þéttbýliskjörnum. Vinsælir matstaðir eru í þorpunum við sjávarsíðuna og einnig á Selfossi. Ýmis afþreying er í boði, t.d. golfvöllur við Ölfusá, veiði á laxi og silungi í Ölfusá og lækjum. Boðið er upp á hestaleigu og á Stokkseyri er hægt að stunda kajakaferðir bæði í dælunum og úti á sjó, þar er einnig húsdýragarður. Náttúruskoðun s.s. fuglaskoðun er vinsæl og komið er fuglaskoðunarskýli í fuglafriðlandið. Einnig er strandlengjan þekkt fyrir fjölbreytilegt fuglalíf. Þá draga gömul hús, saga og söfn sjávarþorpanna ferðamenn til sín.

Selfoss er þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn sem dvelja í sumarhúsum í nágrenni byggðarlögum.

Fjöldi ferðamanna ekur í gegn eða dvelur stutt í sveitarfélaginu þrátt fyrir mikið framboð af afþreyingu. Mikill fjöldi ferðamanna stuðlar að auknum atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og mikilvægt er að nýta þau á jákvæðan hátt í sátt við náttúru og umhverfi.

4.12.8 Kirkjur, safnaðarheimili, félagsheimili

Stokkseyrarkirkja var byggð árið 1886, en kirkju á Stokkseyri er fyrst getið í heimildum um 1200 og er kirkjan sem nú stendur fimmta timburkirkjan sem reist hefur verið þar. Árin 1963–64 var gert við kirkjuna og þá gerðar verulegar breytingar á innri gerð hennar. Árið 2001 var kirkjan öll klædd nýju bárujárni og smíðaðir í hana nýir gluggar og útidyr með upprunalegu sniði.

Eyrbakkakirkja var byggð árið 1890, en fram að þeim tíma áttu Eyrbekkingar kirkjusókn til Stokkseyrar. Á árunum 1977–79 voru gerðar verulegar endurbætur á kirkjunni og má segja að hún hafi verið endurbyggð frá grunni. Bárujárn var fjarlæggt af útveggjum og þeir klæddir með láréttri borðaklæðningu svipaðri þeirri sem upphaflega hafði verið á kirkjunni.

Selfosskirkja var byggð á árunum 1952–56. Á árunum 1978–84 var aukið við kirkjuna forkirkju og turni og síðan safnaðarheimili.

Á Selfossi eru safnaðarheimili nokkurra trúfélaga sem notuð eru til helgi- og samkomuhalds á vegum þessara félaga. Má þar nefna safnaðarheimili Votta Jehóva, Hvítasunnumanna og Sjöundadags aðventista og eru þau við Eyraveg, Austurveg og utan Ölfusár við Miðtún. Safnaðarheimili er við Selfosskirkju eins og áður er getið.

Nokkur félagasamtök hafa komið sér upp félagsheimilum eða samkomusölum á Selfossi. Íþróttahúsin á Selfossi, Stokkeyri og Eyrbakka eru notuð jöfnum höndum til samkomuhalds.

Ekki er reiknað með nýjum kirkjum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Möguleikar eru á aukinni uppbyggingu fyrir félagsstarfsemi á stofnanasvæðum þéttbýliskjarnanna svo og í fyrirhuguðu fjölnota íþróttahúsi sbr. kafla hér að aftan.

4.12.9 Fjölnota íþróttahús

Á íþróttasvæði er gert ráð fyrir íþróttamiðstöð með fjölnota íþróttahúsi ásamt margs konar félags- og íþróttastöðu. Þetta er breyting frá staðfestu aðalskipulagi þar sem þessi starfsemi var fyrirhuguð við flugvöll.

Sjá einnig kafla 6.10.4 um mat á staðsetningarkostum í umhverfisskýrslu.

4.13 PRÓUN ATVINNULÍFS

Vísað er í kafla 4.1 og 4.1.1 um sögu Árborgar og þróun fyrri ára og ýmsa kafla í forsendum um möguleika í ferðaþjónustu, tengri byggð, náttúru, minjum o.fl. og mynd hér aftast í kaflanum.

Árborg er stærsta atvinnusvæði Suðurlands. Stór atvinnufyrirtæki eru á Selfossi bæði í iðnaði og þjónustu. Þau veita fjölda fólks atvinnu og þjónusta mun stærra svæði umhverfis sveitarfélagið. Má nefna Mjólkurbú Flóamanna, Sláturfélag Suðurlands, Fjölbautaskóla Suðurlands, Sjúkrahús Suðurlands o.fl. Atvinnufyrirtæki í þorpunum eru fá, þó má á Eyrbakka nefna Fiskiver ehf., Gallerí Gónhól, Rauðahúsið, dvalarheimili aldraðra á Sólvöllum og Fangelsið á Litla-Hrauni. Á Stokkseyri má nefna dvalarheimili aldraðra að Kumbaravogi, fiskvinnslufyrirtæki í Hólmarastarhúsi, veitingahúsið Við fjöruborðið, fjölmörg listagallerí, Drauga- og tröllasafn, Veidisafn, húsdýragarð, gistihús ofl. Í sveitarfélaginu er stefnt að því að skapa samkeppnishæfan grundvöll og eðlileg vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytilega atvinnustarfsemi og laða fyrirtæki til sveitarfélagsins í því skyni að skapa fleiri og fjölbreyttari störf fyrir þann vaxandi fjölda fólks sem kys að setjast að í Árborg.

Atvinnuþróunarnefnd Árborgar vinnur eftir þeirri meginstefnu:

að skapa samkeppnishæfan grundvöll og eðlileg vaxtarskilyrði fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í stað þess að taka með beinum hætti þátt í starfsemi fyrirtækja.

að laða fyrirtæki til sveitarfélagsins í því skyni að skapa fleiri og fjölbreyttari störf fyrir þann vaxandi fjölda fólks sem kys að setjast að í Árborg.

Markmiðum sínum hyggst sveitarfélagið ná með eftirfarandi áherslum:

Styrkja eftir föngum grunngerð sveitarfélagsins; viðskiptalegur og markaðslegur grunnur er fyrir hendi, verslun og þjónusta stendur vel. Vinnumenning er góð og stöðugleiki vinnuafis er fyrir hendi í Árborg.

Styrkja Árborgarsvæðið sem hluta af sífellt stækkandi atvinnu-, menningar- og búsetusvæði höfuð borgarinnar.

Beita sér fyrir stórbættum vegasamgöngum.

Skapa samkeppnisforskot með því að tryggja góðan aðbúnað fjölskyldunnar, ekki síst barna, aldraðra og fatlaðra og fjölbreytta menntun fyrir fólk á öllum aldri þ.m.t. fjarkennsla á æðri skólastigum. Beita sér fyrir eflingu heilbrigðisþjónustu.

Skapa samkeppnisforskot með því að byggja upp skilvirkari stjórnsýslu, einfalda afgreiðslu mála og efla upplýsingagjöf.


Sjá til þess að jafnan séu skipulagslegar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi og eðlilegt og fjölbreytt framboð af lóðum.

Markvissri kynningu á kostum og möguleikum sem sveitarfélagið býður uppá.

Helst er horft til framtíðar á sviði ferðamennsku í þorpunum, enda bjóða þau upp á fjölmörg tækifæri til aukins atvinnurekstrar á því sviði. Mikilvægt er að efla þar menningar- og listastarfsemi tengda söfnum og ferðamennsku og nýta sögu og uppbyggingu byggðarinnar í því skyni.

Í dreifbýlinu er lögð áhersla á búgarðabyggð og tengsl þessara svæða við umlykjandi náttúru, en einnig á aukin atvinnutækifæri í tengslum við stækkað og eflt fuglafriðland, merkilega jarðfræðisögu svæðisins, gróðurfar og sögu Flóaáveitunnar.

Á Selfossi er lögð mikil áhersla á uppbyggingu og þéttingu miðbæjar á þremur örmum með sterka póla í miðju og á endum armanna. Miðbærinn þjóni áfram stóru svæði umhverfis bæinn og haldi stöðu sinni sem aðal þjónustusvæði Suðurlands. Verslunar- og þjónustulóðir við Eyraveg, sem boðið hefur verið upp á á liðnum árum hafa ekki gengið út. Þó þykir rétt að halda inni möguleikum á þessari atvinnustarfsemi meðfram Eyravegi en hún er sett á blönduð svæði, annars vegar með íbúðum og hins vegar með athafnasvæðum. Þannig verður sveigjanleiki í notkun í samræmi við eftirspurn. Þessi atvinnusvæði eru í nálægð við næstu uppbyggingarsvæði íbúðabyggðar á Selfossi og næst íbúðabyggð utan þéttbýlis Selfoss og samræmast því þeirri stefnu sveitarfélagsins að stuðla að vistvænum ferðamáta. Með færslu þjóðveg 1 norður fyrir bæinn mun verslunar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnasvæði handan árinna að öllum líkindum hafa meira aðráttarafl vegna nálæggra tenginga við aðalgaðnakerfið og eru þessi svæði því stækkuð í aðalskipulagstillögu sbr. mynd hér að neðan.



4.14 VEITUR OG SORPFÖRGUN

Almennt um neyslu og orkusparnað

Neyslumynstur og lífstíll

Það er nauðsynlegt að íbúar Árborgar - og reyndar í öllum heiminum - tileinki sér neysluvenjur og lífsstíl sem tekur mið af því að ekki sé gengið á auðlindir jarðarinnar og rýrir ekki það umhverfi sem komandi kynslóðir eiga að taka við.

Hver einstaklingur óskar eftir og er ábyrgur fyrir heilsusamlegu og þrífalegu umhverfi sínu og sinnar fjölskyldu. Og þá er sama hvort það er í starfi eða leik.

Opinber umhverfisstefna án þátttöku íbúanna á heimilum og í fyrirtækjum er annars ekkert nema þlaggið eitt. Skeytingarleysi eins er skaði allra hinna.

Skilningur og virðing fyrir umhverfinu er lykill hvers og eins að heilbrigðu lífsrými í fallegu og hreinu bæjarfélagi. Um leið er það grundvöllur þeirrar framtíðar sem við óskum afkomendum okkar.

Virðing fyrir umhverfi nútímans er líka virðing fyrir börnum framtíðarinnar!

Orkusparnaður

Það er stefna sveitarfélagsins að eingöngu verði notaðir sk. "hreinir og endurnýjanlegir" orkugjafar við lýsingu og upphitun húsa í Árborg og að þekking almennings á leiðum til orkusparnaðar verði sem mest.

Þetta þýðir að nýting á raforku og heitu vatni verður eins og best er á kosið.

Heita vatnið er ekki með fullri vissu óþrjótandi auðlind. Það er dýrt að bora og leita eftir heitu vatni svo það borgar sig að fara sparlega með það vatn sem við höfum.

Sama gildir um raforkuna. Þótt mikið sé um hreinar orkulindir hérlendis eru virkjanir dýrar og hafa oft í för með sér miklar breytingar sem bitna á náttúrunni og hugsanlegum framtíðarmöguleikum komandi kynslóða.

Því er nauðsynlegt að fara sparlega með orkuna.

Spöruð orka nú er auðlind um alla framtíð!

4.14.1 Vatnsveita

Gæði neysluvatns

Stefna Árborgar er að tryggja öllum íbúum og fyrirtækjum nægilegt og hreint drykkjarvatn og fara í öllu eftir þeim lögum og reglum sem til eru um þennan málaflokk.

Vatn er ein af undirstöðunum fyrir lífi okkar hér á jörð og sjálfsagt er að allir hafi ótakmarkaðan aðgang að fersku neysluvatni. Gott neysluvatn er forsenda fyrir heilbrigðu lífi og vaxtarmöguleikum hvernar byggðar.

Vatns er þörf!

Markmið vatnsveitu Árborgar er að afhenda neysluvatn til allra notenda í sveitarfélaginu þangað sem unnt er að koma lögnum ásamt því að tryggja slökkvivatn. Vatnsveita kappkostar að tryggja gæði vatnsins þannig að fyllstu kröfum heilbrigðiseftirlits sé fullnægt.

Vatnsveita Árborgar aflar neysluvatns úr skriðum í suðurhlíðum Ingólfsfjalls. Vatn er tekið á fjórum stöðum, neysluvatn á þremur stöðum og kælivatn fyrir frystivélar SS á einum stað, en það vatn er ekki neysluhæft. Vestasta vatnsbólíð er í nágrenni við námuvinnslu í landi Kjarrs og getur það vatnsból raskast ef námuvinnsla færir nær en nú er. Sveitarfélagið Árborg á hluta af landi utan sveitarfélagsmarka ásamt vatnsbólínu. Vatnsveitan hefur miðlun í geymi sem staðsettur er í landi Fosness, austan Biskupstungnabrautar. Dreifikerfi vatnsveitunar miðlar vatni að Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýli í Árborg.

Eyrarbakki

Frá árinu 1966 til ársins 2006 nýtti vatnsveita á Eyrarbakka vatn sem sótt var í borholur sem boraðar eru í hraunið sunnan vegar að Kaldaðarnesi. Vatni var dælt upp úr hrauninu og þaðan til Eyrarbakka eftir stofnlögn sem liggur yfir mýrarnar. Vatnið er vel neysluhæft en er járnríkt sem veldur útfellingum í lögnum þannig að stundum litaðist vatn úr krönum á Eyrarbakka. Borholan við Kaldaðarnes er nú nýtt sem varavatnsból. Árið 2006 var lögð vatnslögn frá Selfossi að Stokkseyri og Eyrarbakka og markaði sú lögn mikil tímamót vatnsmálum við ströndina. Dreifikerfi innan þéttbýlisins er nokkuð þokkalegt fyrir neysluvatn en styrkja þarf einstaka staði vegna slökkvivatns.

Stokkseyri

Vatnsveita á Stokkseyri aflaði lengi vel neysluvatns norðan og austan við byggðina. Norðan við þorpið var vatn tekið úr hraunlindum. Því var hætt vegna leirburðar og útfellinga. Austarlega í þorpinu voru notaðar borholur en notkun var hætt vegna nálægðar við sjó og saltmengun af þeim völdum. Vatnsveitan á Stokkseyri tengdist vatnsveitu í nágrennasveitum þegar hún var stofnsett með því að nýta vatn úr lindum í Villingaholtshreppi, við Ruddakrök og Urriðafoss. Vatn úr þessum lindum var á mörkum þess að vera nægjanlegt auk þess sem ófullnægjandi frágangur við vatnslindir gat ollið mengun yfirborðsvatns inn í dreifikerfið. Með tilkomu stofnlagar frá Selfossi að ströndinni 2006 var tengingu við nágrennavatnsveituna lokað. Dreifikerfi innan þéttbýlis er viðunandi en slökkvivatn er á mörkum þess að vera fullnægjandi en nálægð við sjó og tjarnir kemur á móti.

Búgarðabyggð

Neysluvatni fyrir búgarðabyggðir er dreift frá núverandi stofnlögnum við Votmúlaveg og stofnlögnum meðfram Eyrarbakkavegi.

Selfoss

Dreifikerfi innan Selfoss er í þokkalegu ástandi, en nokkuð hefur borið á leka í dreifikerfinu og er stöðugt unnið að því að koma í veg fyrir hann. Á næstu árum þarf að vinna að því að endurnýja gamlar lagnir, sérstaklega járn- og pottlagnir sem eru orðnar tærðar.

Slökkvivatn

Vatnsveita Árborgar þarf að útvega ákveðið slökkvivatn á hverjum tíma. Tekist hefur að uppfylla þessi skilyrði á Selfossi en annars staðar er á mörkunum að það takist. Til að uppfylla skilyrðin eru boraðar borholur í hraunið þar sem hægt er að ná upp vatni sem nýtanlegt er sem slökkvivatn. Þetta hefur verið gert á nokkrum stöðum og gefist vel.

Stefnumörkun í aðalskipulagi

Markmið vatnsveitunar á næstu árum er að afla meira vatns við rætur Ingólfsfjalls. Mikilvægt er að auka afhendingaröryggi í þurrkatíðum og eiga umframvatn til að mæta framtíðar uppbyggingu í Árborg. Búið er að staðsetja væntanlegt vinnsluvæði og gert er ráð fyrir að ráðast í framkvæmdir á næstu árum. Sveitarfélagið Árborg á hluta af landi ásamt vatnsbóli utan sveitarfélagsmarka.

Í byrjun árs 2010 stóðu yfir samningaviðræður við Flóahrepp um öflun neysluvatns. Samningar tókust milli Árborgar og Flóahrepps og var ráðist í vatnsöflunarframkvæmdir á árinu 2010, auk þess sem dreifikerfi vatnsveitunnar var eflt og stofnlögn lögð frá Árvegi að sveitarfélagsmörkum við Suðurlandsveg. Með samningunum ber Vatnsveita Árborgar ábyrgð á vatnsöflun fyrir Flóahrepp.

4.14.2 Fráveita

Fráveitur hafa það hlutverk að taka við tvönnu konar vatni frá íbúum og landi. Regnvatnslagnir taka við regnvatni sem fellur á yfirborð, eða grunnvatni sem leitt er í lagnirnar innan byggðar. Regnvatni er hægt að hleypa óhreinsuðu í viðtaka, sjó eða á. Skóplagnir taka við menguðu vatni frá íbúum og skila því til viðtaka. Skólp þarf að hreinsa áður en því er sleppt, mismunandi mikið eftir möguleika viðtakans til að taka við því.

Fráveitur innan Sveitarfélagsins Árborgar hafa þróast með byggðinni eftir að þörf varð á fráveitum, fyrst þannig að hvert hús var með sína eigin fráveitu í viðtaka, en síðar var sameinast um fráveitulagnir og að lokum tóku sveitarfélögin við rekstri þeirra.

Fráveitur þéttbýlisstaðanna innan sveitarfélagsins hafa verið einfaldar, þ.e. regnvatn og skólp saman í lögn. Á Eyrarbakka og Stokkseyri var komið upp svokölluðum „Hollum“ sem eru holræsi sem liggja frá skurðum sem enda ofan byggðar og út fyrir fjöru. Á Selfossi voru lagðar lagnir beint í Ölfusá út frá götum sem lágu niður að ánni. Engin hreinsun hefur verið framkvæmd á skólpinu, en frá árinu 1998 hefur verið unnið eftir áætlun um sameiningu útrása og hreinsun fráveituvatns. Búið er að sameina allar útrásir sunnan Ölfusár í eina útrás, sem staðsett er vestan byggðar og neðan flugvallar. Við þessa útrás er gert ráð fyrir hreinsun og dælustöð þar sem fráveituvatni verði dælt áfram í fyrirhugaða útrás vestan Geitaness. Land er tekið frá þar sem hægt verður að hreinsa fráveituvatn. Ekki er endanlega búið að taka ákvörðun um umfang hreinsunar, hvorki hvaða aðferð verður notuð eða tímasetning hreinsunar. Norðan Ölfusár eru þrjár útrásir sem samkvæmt núverandi áætlun verða sameinaðar og dælt yfir Ölfusá í safnræsi

á suðurbakka árinna. Ekki er búið að ákveða gerð og legu þeirra lagna og verður aðalskipulagi breytt þegar sú ákvörðun liggur fyrir.

Á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur verið unnið eftir tillögum sem settar voru fram í forathugun að fráveitumálum sem unnin var árið 2000. Gert er ráð fyrir að fráveita verði tvöföld með grófhreinsun áður en fráveituvatni verði dælt í sjó fram.

Frá árinu 1998 hafa allar endurnýjanir og nýlagnir verið lagðar í aðskildum lögnum regnvatns og skólps. Markvisst er unnið að því að minnka hlutfall regnvatns í eldri lögnum til að auðvelda hreinsun fráveituvatns.

Unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólps. Stefnit er að því að hreinsa allt skólps áður en því er veitt í viðtaka. Eldri útrásir verða sameinaðar í eina útrás í hreinsi- og dælistöðvar sem verða reistar við hvern þéttbýlisstað. Í byrjun verður um síun grófra efna úr skólpinu að ræða en pláss verður tekið frá fyrir lífræna hreinsun.

Frárennismál

Unnið er að því að öllu frárennsli og skólpi frá íbúum og fyrirtækjum Árborgar sé fundinn viðunandi farvegur.

Með þessu verki tryggjum við hreinni ár, árbakka, sjó og fjörur og stuðlum að bættu og enn meira aðlaðandi umhverfi í Árborg.

Hreinar fjörunnar munu laða að sér fleira fólk og svæðið í heild sinni fær hlýlegri ásýnd.

Fráveitur og áveitur er tvennt ólíkt!

4.14.3 Rafveita

Rafmagnsöflun til kaupenda innan sveitarfélagsins fer um aðveitustöð sem staðsett er við Austurveg 66 á Selfossi. Þar er afhendingarstaður raforkunnar frá Landsneti til tveggja dreifiveitna, Hitaveitu Suðurnesja (HS) og Rafmagnsveitna ríkisins (Rarik). Stofnlínur Landsnets eru Ljósafosslína og Hellulína sem eru 66kV en einnig er 33 kV stofnlína í eigu Rarik sem liggur niður að Stóra-Hrauni og áfram til Þorlákshafnar. Þessar línur eru loftlínur nema þar sem þær koma að þéttbýlinu á Selfossi, þá eru þær lagðar í jörð eins og sýnt er á skipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir að legu Ljósafosslínu verði breytt þegar ný brú kemur yfir Ölfusá ofan Selfoss en ekki liggur fyrir ákvörðun um legu hennar þar sem hluti línunnar liggur í Hraungerðishreppi. Auk stofnlína liggur stofnstrengur HS frá aðveitustöðinni á Selfossi til Stóra-Hrauns þar sem hann greinist í tengistöð í tvo hluta, annars vegar til Eyrarbakka og hins vegar til Stokkseyrar. Öll dreifiveita HS er byggð á köplum í jörðu. Dreifiveitusvæði HS innan Árborgar er Selfoss, Laugardælir, Eyrarbakki, bæði þorp og dreifbýli, og þorpið á Stokkseyri. Rarik annast dreifingu innan Árborgar í fyrrum Sandvíkurhreppi og í dreifbýli sem áður tilheyrði Stokkseyrarhreppi, að Stokkseyrarseli undanskildu. Dreifistöð Rarik er í aðveitustöðvarhúsi en þaðan liggja einnig dreifikerfislagningar Rarik sem liggja til Hraungerðis-, Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepps og Ölfuss.

Dreifikerfi rafveitu í Sveitarfélaginu Árborg er vel í stakk búið til að taka við aukningu sem verða mun á þéttbýlisstöðunum, en ljóst er að óumflýjanleg er áframhaldandi uppbygging háspennu-kerfisins með byggingu spennistöðva til að fæða vaxandi dreifikerfi lágspennu í byggð.

Á orkusviði eru lögð fram eftirfarandi megin markmið:

Á hverjum tíma skal vera til næg hita- og raforka til að anna eftirspurn innan sveitarfélagsins.

Afhending orku til kaupenda skal vera tryggð með markvissri uppbyggingu og skipulegu viðhaldi á kerfishlutum.

Verðlag skal á hverjum tíma vera samkeppnisfært borið saman við aðra orkugjafa og önnur dreifiveitusvæði.

Varaafi skal vera til staðar með afkastagetu að lágmarki til að fullnægja brýnustu þörf.

Bilanapjónusta skal byggja á skjótu viðbragði, faglegum vinnubrögðum og fyrirmyndar umgengni um umhverfi. Við kvörtunum viðskiptavina skal brugðist án tafar á persónulegan hátt, þær meðhöndlaðar með samræmdum hætti og niðurstöður skýrðar af fagmennsku.

Allt þjónustustarf skal byggja á því viðhorfi að afgreiða þjónustuverk strax og örugglega.

4.14.4 Jarðhiti, hitaveita

Þekktur jarðhiti er á tveimur stöðum í Árborg, við Selfoss norðan Ölfusárbrúar og norðvestur af Selfosskirkju. Bæði svæðin eru á eyrum sem eru upp úr ánni þegar lítið er í henni.

Norðan við Ölfusárbrú er jarðhiti á 25–30 m breiðri og um 100 m langri spildu. Þar hafa verið boraðar fimm leitarholur. Jarðhitinn er ekki nýttur en um 60 gráðu vatn er að finna á svæðinu.

Jarðhiti er í eignarlandi norð-vestan við Selfosskirkju. Hiti finnst þar á um 100 m langri og um 30 m breiðri spildu sem liggur í NA-SV stefnu. Hiti á yfirborði er hæstur um 56 °C í steinþró í norðurenda svæðisins, svonefndri Selfosslaus. Þar var löngum þveginn þvottur fyrr á tímum og þótti góð búbot. Jarðhiti svæðisins er ekki nýttur til upphitunar.

Jarðvarmavinnsla fer fram á lághitasvæði í landi Laugardæla, bújarðar í Hraungerðishreppi, og á mörkum Laugardæla og Stóra Ármóts við Ósabotna, hvoru tveggja utan marka en í námunda við eystri mörk sveitarfélagsins. Hitaorku er veitt með heitu jarðvarmavatni til kaupenda um dælustöð að Austurvegi 67 á Selfossi. Þaðan er heitu vatni dælt áfram til íbúa á Selfossi, hluta af byggð í fyrrum Sandvíkurhreppi og til þorpanna við sjávarsíðuna, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Aðalstofnlagnir frá dælustöð eru tvær, önnur um Austurveg á Selfossi og hin, Eyralögn, um ytri byggð Selfoss í austri og suðri til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Smærri stofnlagnir eru til byggðar í Sandvík, til byggðar norð-vestan Ölfusár og um stofnlögn í Árvegi á Selfossi.

Birgðatankur sem geymir öryggisbirgðir fyrir nokkurra klukkustunda notkun er við dælustöðina að Austurvegi 67. Litlar dælustöðvar eru í dreifilögnunum til að tryggja nægan þrýsting fyrir kaupendur; tvær fyrir Sandvíkurbyggð, ein fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri og ein fyrir byggðina norð-vestan Ölfusár. Megin stofnlagnir hafa afkastagetu til að taka við aukinni byggð næstu ár en á seinni hluta skipulagstímabils er gert ráð fyrir nýrri stofnlögn frá dælustöð en lega hennar hefur ekki verið ákveðin. Ný stofnlögn mun þá væntanlega lögð í austurjaðri byggðar á Selfossi með suðurhluta hennar að Eyralögn. Hún mun taka yfir hlutverk Eyralagnar gagnvart Eyrarbakka og Stokkseyri auk þess að anna hluta af þörf nýrrar byggðar suður af Selfossi. Eldri Eyralögn mun þá alfarið nýtt til að anna vatnspörf á Selfossi.

Rannsóknir hafa farið fram á möguleikum þess að nýta jarðvarma í landi Laugarbakka í Ölfusi en þar á sveitarfélagið Árborg rannsóknar- og nýtingarrétt sem Selfossveitur hafa umsjón með. Þar er ein rannsóknarborholan nýtt fyrir heitavatnsnotkun á jörðinni. Staðsetning djúpholu liggur fyrir en með henni eru vonir bundnar við að vinna megi vatn úr jarðhitakerfinu í ríkari mæli en hingað til. Kemur þá til álita að nota vatnið til dreifingar í Selfossbyggð utan ár.

Aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir nýtingu jarðhita innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.



Veitur og stofnkerfi sbr. skýringarupprátt 5.

4.14.5 Boðveita

Á Selfossi eru stofnanir sveitarfélagsins tengdar með ljósleiðara sem er í eigu Selfossveitna. Einnig eiga Síminn og Og Vodafone ljósleiðara sem liggja gegnum sveitarfélagið. Auk þess eiga einkafyrirtæki á Selfossi ljósleiðaratengingar. Stofnlagnir ljósleiðara skulu fylgja stofnvegum, aðalgötum eða lagnasvæðum með öðrum stofnlögnum en eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppráttum.

Síminn og Og Vodafone eiga fjarskiptamöstur innan sveitarfélagsins og eru þau notuð til dreifingar á síma og sjónvarpsefni. Mastur Símans er við Austurveg á Selfossi en mastur Og Vodafone er við Votmúlaveg. Staðsetning nýrra fjarskiptamastra er heimil innan allra landnotkunarflokka og skal sýnd á deiliskipulagi viðkomandi svæðis.

Mikil þróun er í tækni tengdri dreifingu tölvu, síma og sjónvarpsefnis. Sveitarfélagið Árborg hefur ekki uppi áform um beina aðild að dreifingu slíks efnis til íbúa en vill stuðla að því að fyrirtæki á því sviði hafi möguleika á aðstöðu innan sveitarfélagsins.

4.14.6 Sorphirða og sorpeyðing

Gámasvæði fyrir sorpflokkun á Eyrarbakka, Stokkseyri og á Selfossi norðan byggðar eru lögð niður í endurskoðuðu aðalskipulagi. Með sérstakri aðalskipulagsbreytingu var við flugvöllinn gert eitt gámasvæði þar með móttöku spilliefna fyrir allt sveitarfélagið sbr. kafla 1.3 lið 4.

Sorpstöð Suðurlands bs. er rekin sameiginlega af 13 sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslu og er Sveitarfélagið Árborg eitt þeirra. Förgunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu var lokað þann 1. desember 2009 og er allt sorp úr sveitarfélaginu keyrt í Álfsnes í Reykjavík þar til nýr förgunarstaður eða önnur lausn verður fundinn á Suðurlandi. Sorpstöð Suðurlands er í samstarfi við Sorpu og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja að vinna af fullum krafti að því að finna nýjan stað fyrir alhliða úrgangsmeðhöndlun, flokkun og förgun. Staðarval liggur ekki fyrir á þessari stundu en samstarfsaðilar munu finna sameiginlega úrlausn.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands hefur samþykkt tillögu að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Áætlunin er samstarfsverkefni fjögurra sorpsamlaga sem annast úrgangsmeðhöndlun fyrir 43 sveitarfélög með alls um 232 þúsund íbúa. Samlögin eru Sorpa bs, Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf og Sorpurðun Vesturlands hf. Áætlunin hefur þegar verið samþykkt.

Almenn markmið 3 (hluti)

Stefnt er að draga úr sorpmyndun, m.a. með aukinni endurnotkun og endurvinnslu eftir því sem hagkvæmt þykir.

Lögð er áhersla á að upplýsa og fræða íbúa Árborgar um gildi endurnýtingar og endurvinnslu.

Allar stofnanir bæjarins ganga á undan með góðu fordæmi við að halda sorpmagni í lágmarki.

Ströngum reglum er fylgt varðandi meðhöndlun hættulegra efna og efna sem spillt geta náttúrunni og lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir svo að þau valdi ekki tjóni á náttúrunni.

Áætlanir auðvelda alla framkvæmd!

Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum 1

Unnið er að því að miðla upplýsingum og fræðslu til allra borgara Árborgar og þeir hvattir til að draga úr úrgangi frá heimilum. Bent er á hvernig haga megna innkaupum þannig að úrgangur verði minni en ella.

Jafnframt eru borgararnir hvattir til að flokka úrgang þannig að sem stærstur hluti hans verði endurnýttur. Leiðbeiningar eru gefnar um hvernig nýta má garðaúrgang og lífrænan heimilisúrgang til moltugerðar.

Í framtíðinni skal stuðlað að því að sorphirðugjöld hvetji til flokkunar úrgangs og að úr magni hans dragi eftir föngum.

Skil hvers kyns spilliefna mun vandlega kynnt fyrir almenningi og forráðamönnum fyrirtækja ásamt nauðsyn þess að slík efni séu flokkuð og þeim fargað á hagkvæman og hættulausan hátt.

Takmarkið er að: Magn úrgangs sem fer til urðunar verði 50% minna eftir 10 ár en það er nú.

Sorpmál eru ekkert sóðaleg!

Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum 2

Úrgangur skal flokkaður á grundvelli raunhæfra möguleika á endurnýtingu hans. Samt þarf mikla gagnrýni og vöktun á þeim möguleikum sem geta veitt sorpinu nýtt líf á umhverfisvænan og hagkvæman hátt.

Efla þarf fræðslu til almennings um förgun á sorpi og spilliefnum.

Með aukinni flokkun og endurnýtingu er stuðlað að því að hver einstaklingur verði betur meðvitaður um neyslumynstur sitt.

Draga skal úr því úrgangsmagni sem urðað er. Þar með lengist líftími urðunarstaða.

Endurnýta þarf vel þau efni sem jörðin gefur af sér s.s. járn, ál, pappír og fleira. Ekki má gleyma að flokkað sorp er hráefnisauðlind sem vert er að nýta.

Hráefnisauðlindin "SORP" - Flokkum og endurvinnnum!

4.15 SAMGÖNGUR

4.15.1 Almennt

Almenn markmið 4

Við skipulagningu umferðarmannvirkja er tekið mið af því að öll umferð verði eins greið og örugg og kostur er.

Lögð er áhersla á gott og öruggt aðgengi allra íbúa, þ.m.t. barna, aldara og fatlaðra, að svæðum og byggingum sveitarfélagsins, sérstaklega náttúru- og útivistarsvæðum og opinberum byggingum. Sérstök áhersla er lögð á að skapa góð skilyrði fyrir umferð gangandi, hjólréiðafólks og fatlaðra um bæjarlandið.

Sveitarfélagið Árborg beitir sér fyrir samstarfi nágrannasveitarfélaga um aðgerðir til að stuðla að umhverfisvænni umferð.

Samstarf - er sjálfbær þróun!

Samgöngur

Gatnakerfi Árborgar er í stöðugri endurskoðun með tilliti til öryggis og hagkvæmni. Öryggismálin hafa ávallt yfirhönd, stangist þetta tvennt á.

Gert er við allar vegskemmdir eins fljótt og verða má.

Haldið verður áfram að bæta göngu- og hjólastígakerfi í sveitarfélaginu. Stefnt skal að því að slíkt stíga-kerfi tengi saman alla þéttbýliskjarna í Árborg.

Viðhaldi og lagningu reiðvega verður framhaldið.

Minni umferð - hljóðlát umhverfi!

Samgöngur til og frá Árborg við aðra landshluta eru greiðar. Í gegnum sveitarfélagið liggja þjóðvegir, má þar fyrst nefna Suðurlandsveg eða Hringveg nr. 1, sem er stofnvegur gegnum Selfoss. Annar stofnvegur, Eyrarbakkevegur nr. 34 liggur frá brú yfir Ölfusárósa um sveitarfélagið og tengist Hringvegi í hjarta Selfoss. Biskupstungnabraut nr. 35 er einnig stofnvegur sem tengist Hringvegi í útjaðri Selfoss. Auk þessara stofnvega eru eftirfarandi þjóðvegir í bæjarfélaginu, flokkaðir sem tengivegir, og eru í umsjá Vegagerðarinnar: Votmúlavegur nr. 310, Kaldaðarnesvegur nr. 316 út frá Eyrarbakkevegi 610 metra að Litlu-Sandvík, Holtsvegur nr. 314, Laugadælavegur nr. 3020 og Gaulverjabæjarvegur nr. 33, sem tengir Stokkseyri við Eyrarbakkeveg og tengist síðan Hringvegi austan Selfoss.

Helgunarsvæði þjóðveganna eru misbreið og eru þau sýnd á aðalskipulagsuppdráttum. Helgunarsvæði hringvegur nr.1 verður 30 m hvoru megin út frá miðlínu, Eyrarbakkevegur, Biskupstungnabrautar og Gaulverjabæjarvegur 20 m en Votmúlavegar 15 m. Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m sbr. gr. 4.16.2 í skipulagsreglugerð.

Þjóðvegir, sem skiptast í stofn- og tengivegi, eru sýndir á aðalskipulagsuppdráttum og eru þeir til staðfestingar. Aðrir vegir sem sýndir eru á aðalskipulagsuppdráttum eru einungis til skýringar en ekki til staðfestingar.

4.15.2 Umferð og bílaeign

Fólksbílaeign á landinu öllu nemur yfir 660 bílum á hverja 1000 íbúa eða sem samsvarar u.þ.b. 1,5 íbúum á ökutæki. Mettun er talin vera orðin í bílaeign landsmanna og því ekki að vænta mikillar aukningar umferðar vegna aukinnar bílaeignar íbúa sveitarfélagsins, því þó bílum ætti eftir að fjölga lítillega kemur á móti að ferðum á hvern bíl mun fækka. Umferðarmagn af völdum íbúa mun því aukast í svipuðu hlutfalli og íbúafjölgun. Hins vegar má búast við aukinni umferð vegna fjölgunar ferðamanna og stöðugri aukningu sumarhúsagesta í nálægum byggðum sem sækja þjónustu í sveitarfélagið.

4.15.3 Breytingar á þjóðvegum og aðrar helstu breytingar á samgöngukerfi

Fyrirhugað er að færa Suðurlandsveg (Hringveg nr. 1) norður fyrir Selfoss og byggja þar nýja brú yfir Ölfusá. Á staðfestu aðalskipulagi Selfoss er tekið frá svæði fyrir þennan nýja veg. Vegagerðin hefur lagt fram hliðrun á hluta veglínunnar og er sú veglína tekin upp í endurskoðuðu aðalskipulagi.

Nýr Suðurstrandarvegur liggur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Ekki eru ráðgerðar neinar breytingar á Eyrarbakkegi (34) samfara tilkomu hans, en gera má ráð fyrir að nýr Suðurstrandarvegur auki umferð á Eyrarbakkegi.

Votmúlavegur (310) þarfnast endurhönnunar þar sem hann verður sveigður fram hjá bæjunum Votmúla og Austurkoti, en nú liggur vegurinn um hlöðin á þessum bæjum. Staðfest aðalskipulag sýnir tillögu að þessum breytingum, svo og um færslu Lækjarmótavegar til austurs. Á staðfestu aðalskipulagi er Gaulverjabæjarvegur vestan þorpsins á Stokkseyri fluttur í eldri legu til að rýma fyrir nýrri íbúðabyggð við sjávarsíðuna. Engar breytingar eru gerðar á þessu við endurskoðun.

Legu aðal göngu-, hjóla- og reiðstíga hefur verið endurskoðuð og hefur legu reiðstíga tekið nokkrum breytingum. Í staðfestu aðalskipulagi var gerð tillaga að göngubrú yfir Ölfusá frá miðbæ ofan núverandi brúar og gert mat á mismunandi staðsetningu göngubrúarinnar sbr. kafla 6.10.5 um mat á samgöngubáttum. Ákvörðun um nákvæma legu brúarinnar hefur ekki verið tekin.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir fótgangendur og ökutæki undir nýjan Suðurlandsveg til að tengja athafnsvæði beggja megin vegarins og tryggja aðkomu að Hellisskógi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum fyrir reiðmenn undir Eyrarbakkegi sunnan Tjarnarbyggðar móts við Stokkseyrarsel, auk gangna fyrir fótgangendur undir Suðurlandsveg og Eyrarbakkegi samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

4.15.4 Umferðarskipulag og flokkun vega

Unnin voru drög að umferðarskipulagi fyrir þéttbýliskjarnana Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri samhliða staðfestu aðalskipulagi. Markmið með umferðarskipulaginu er að bæta umferðaröryggi m.a. með því að lækka umferðarhraða í íbúðahverfum. Skilgreind eru svokölluð 30 km hverfi þar sem hámarkshraði verður 30 km/klst. Á aðal umferðargötum er almennt leyfður hámarkshraði 50 km/klst. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er gert ráð fyrir að leyfður hámarkshraði á stórum hluta gatnakerfisins verði 30 km/klst. og að aðalgatan í gegnum þorpin verði endurgerð í breytilegri breidd sem tekur tillit til óreglulegrar staðsetningar húsa við götuna.

Ekki hafa verið gerðar breytingar á þessu umferðarskipulagi við endurskoðun aðalskipulags.

Þjóðvegirnir í gegnum Selfoss og Stokkseyri og ofan Eyrarbakka eru stofnvegir og tengivegir.

4.15.5 Bílastæði

Gert er ráð fyrir að fjöldi bílastæða verði í samræmi við ákvæði í grein 3.1.4 í skipulagsreglugerð. Deiliskipulag kveður nánar á um bílastæðafjölda, staðsetningu stæða og útfærslu þeirra. Þess skal gætt í deiliskipulagi að stór bílastæðafláemi verði ekki mótandi umhverfispáttur.

4.15.6 Reiðstígar

Hesthúsabyggðir allra kjarnanna og búgarðabyggða eru tengdar með góðu neti reiðstíga, því hestaeign hefur aukist verulega síðustu ár og mun sú þróun að öllum líkindum halda áfram. Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru settar fram breyttar tillögur um legu reiðstíga, til samræmis við tillögur reiðvegahóps. Unnið verði að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð eins og kostur er, til að auka öryggi bæði hestamanna og bílaumferðar. Við lagningu nýrra reiðstíga skal þess gætt að þeir verði a.m.k. 6-8 m frá vegkanti þar sem mögulegt er. Sjá skýringaruppdrátt 4 um útivist og skýringaruppdrátt 6 um samgöngur.

4.15.7 Göngu- og hjólastígar

Almenn markmið 3 (hluti)

Gönguleiðakort með upplýsingum um örnefni, náttúru- og söguminjar, jurta- og dýralíf í Árborg verður gert svo fljótt sem auðið er.

Þétriðið net góðra göngu- og hjólastíga um sveitarfélagið er mikilvægt samfara stefnumörkun um auknið heilbrigði, hollustu og almenn lífsgæði. Stígarnir skulu vera öruggir, greiðfærir og stuðla að minni bifreiðanotkun, sérstaklega milli heimilis, skóla og vinnustaða, auk þess að stuðla að betri nýtingu þeirra fjölmörgu útivistarsvæða sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Tenging byggðakjarnanna með stíganeti er einnig afar mikilvæg og er legu helstu stíga á aðal-

skipulaguppdráttum og þemakorti, en auk þess er fjöldi gangbrauta meðfram götum inni í þéttbýlinu, sem ekki er sérstaklega dregið fram í aðalskipulaginu. Gömlu þjóðleiðirnar Álfstétt og Nesbrú/Melabru ofan Eyrarbakka, Hellisbrú norðan Selfoss og Ásavegur um Hólavöll eru að hluta nýttar sem göngu- og hjólastígar. Göngu- og hjólastígar eru að mestu óbreyttir í endurskoðuðu aðalskipulagi. Sjá skýringaruppdrátt 4 um útivist og skýringaruppdrátt 6 um samgöngur.

4.15.8 Almenningsamgöngur, áætlunarferðir

Áætlunarbílar aka milli Reykjavíkur og Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss og Þorlákshafnar og einnig til ýmissa vinsælustu staða í nágrenninu m.a. að Gullfossi og Geysi, og á sumrin í Þórsmörk og Landmannalaugar auk fleiri staða. Strætóferðir eru milli Reykjavíkur, Hveragerðis og Selfoss. Milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar er boðið upp á ókeypis almenningsamgöngur.

4.15.9 Flug


Flugvöllur er á Selfossi en þangað er ekkert áætlunarflug. Nokkuð er um leiguflug t.d. frá Vestmannaeyjum og einnig einkaflug. Þryllupallur er við sjúkrahúsið.

Í staðfestu aðalskipulagi voru báðar flugbrautir vallarins stytta til norðurs og austurs í samráði við forsvarsmenn hans til þess að stuðla að því að völlurinn gæti verið áfram á sama stað út skipulagstímabilið. Forsendur við mat á hávaða frá vellið voru að ekki var reiknað með auknum umsvifum s.s. auknu æfingaflugi á flugvellið og næturflugi. Flugvellið var afmarkað svæði en hann var víkjandi á staðfestu aðalskipulagi.

Sú breyting er gerð í endurskoðuðu aðalskipulagi að flugvöllurinn er ekki lengur víkjandi heldur festur í sessi á núverandi stað. Breytingin felur ekki í sér aukningu á flugi á vellið heldur er eingöngu verið að festa staðsetningu vallarins á núverandi stað. Búið er að setja reglur um snertilendingar, flugtíma o.fl. til að takmarka truflun frá flugi um vellið.

Öryggisvæði flugbrauta er 30 m út frá miðlinu. Hindrunarfletir til hliðar við flugbrautar rísa með halla 1:5 út frá jaðri öryggisvæðis. Hindrunarfletir við enda brautar rísa með halla 1:20 þrjátíu metrum frá enda flugbrautar. Gera skal grein fyrir öryggissvæðum og hindrunarfleti flugbrauta í deiliskipulagi aðliggjandi svæða og haga landnotkun og skilmálum í samræmi við takmarkanir af nærveru flugvallar. Sjá umfjöllun á umhverfisáhrifum í kafla 6.10.5 um mat á samgöngubáttum.

Selfossflugvöllur er einkaflugvöllur í eigu og umsjón Flugklúbbs Selfoss. Aðalskipulagsbreytingar í og við flugvöllinn hafa verið gerðar í samráði við forsvarsmenn hans.




Samgöngur í Sveitarfélaginu Árborg sbr. skýringarupprátt 6.

4.16 EIGNARHALD

4.16.1 Eignarhald á landi

Á meðfylgjandi uppdrætti sést skipting á eignarhaldi lands. Land í einkaeign er grænt, land í eigu sveitarfélagsins að fullu eða í sameign með öðrum er blátt og land í eigu ríkisins er rautt.

Eins og sjá má er mikill hluti lands innan sveitarfélagsins í einkaeign, einkum í fyrrum Sandvíkurhreppi og fyrrum Stokkseyrarhreppi. Hins vegar er mikill hluti lands á Selfossi og fyrrum Eyrarbakkahreppi í eigu sveitarfélagsins. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að sveitarfélagið sjálft eignist aukið land innan sveitarfélagsins. Eignarhaldið getur í sumum tilvikum haft áhrif á landnotkunina en allt land er skipulagsskylt óháð því hver á það.



Eignarhald á landi í janúar 2010 innan Sveitarfélagsins Árborgar sbr.skýringarupprátt 2.

5. UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSTILLÖGU

5.1 FRAMKVÆMD LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í 1. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir m.a.:

„Markmið laga þessara er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar...“

Lög um mat á umhverfisáhrifum eiga einkum við um einstakar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Í 5. gr. laganna og í 1. viðauka við lögina eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru matsskyldar og í 6. gr. laganna og 2. viðauka eru tilgreindar framkvæmdir sem skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Í 7. grein er fjallað um aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar. Ekki hefur til þessa farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmda í Sveitarfélaginu Árborg en Vegagerðin hefur látið vinna frummatsskýrslu vegna breyttrar legu Suðurlandsvegur, sem komin er út.

Miðað við aðalskipulag er aðalreglan sú, að þegar aðilar sækja um að reisa mannvirki sem er eða mun verða úrskurðað matsskyldt, er aðalskipulagið kannað og gengið úr skugga um hvort erindið sé í samræmi við það, eða hvort ástæða sé til að breyta aðalskipulaginu. Aðferðafræði matsgerðar og málsmeðferð er skýrð í 3. og 4. kafla reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum og leiðbeiningum um umhverfismat áætlana, útgefnum hjá Skipulagsstofnun í september 2003.

5.2 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Auk mats á umhverfisáhrifum sjálfs aðalskipulagsins má reikna með að ýmsar framkvæmdir samkvæmt aðalskipulaginu verði háðar sérstöku mati á umhverfisáhrifum þegar að framkvæmdum kemur. Ekki er t.d. vitað hvers konar atvinnustarfsemi kemur á þau iðnaðarsvæði sem í boði eru.

1. viðauki laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum fjallar um framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Meðal þeirra má nefna stofnbrautir í þéttbýli, nýja vegi utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og endurbyggingu vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd. Einnig förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð og aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári, svo og skólphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

2. viðauki laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum fjallar um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati, eftir umfangi, eðli og staðsetningu. Skal þá metið í hverju tilviki hvort mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram. Í flokki landbúnaðar, skógræktar og fiskeldis má nefna framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha. Einnig framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað og vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

Í flokki matvælaíðnaðar má nefna vinnslu á olíu og fitu úr jurtum og dýrum, pökkun og niðursuðu á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira, framleiðslu á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira, svo og sláturhús.

Grunnvirki á verndarsvæðum skulu einnig metin í hverju tilviki svo og mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir, förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður og förgun sláturúrgangs tilheyra þessum flokki.

Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eru einnig nefndar undir þessum lið.

3. viðauki laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum fjallar um viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka, eftir eðli, staðsetningu og eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Samkvæmt ofanskráðu má t.d. reikna með sérstöku mati á umhverfisáhrifum framkvæmda á nýjum Suðurlandsvegi, búgarðabyggðum samhliða deiliskipulagi, jarðefnislosunarsvæðum samhliða deiliskipulagi, skólphreinsistöðvum matvælafyrirtækja og bæjarfélagsins svo og stækkun sláturhúss og annars matvinnsluiðnaðar.

Framangreindar tilvísanir eru ekki tæmandi. Ávallt skal ganga úr skugga um hvort fyrirhuguð framkvæmd sé samkvæmt aðalskipulagi og hvort hún sé e.t.v. háð mati á umhverfisáhrifum. Slíkar framkvæmdir eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar.

Breytt lög um umhverfismat tóku gildi 1. október 2005.

5.3 HELSTU ÞÆTTIR AÐALSKIPULAGSTILLÖGU SEM META ÞARF

Evrópusambandið samþykkti árið 2001 tilskipun um umhverfismat áætlaða og var við gerð staðfests aðalskipulag Árborgar farið eftir þeirri tilskipun. Umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags er gert samkvæmt lögum nr. 105/2006. Markmið þeirra er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skal leggja mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Mikilvægt er að umhverfisáhrif séu metin á vinnslustigi skipulagsgerðar, þ.e. áður en ákvörðun um tillögur er tekin, og var það markvisst gert við gerð staðfests aðalskipulags Árborgar 2005–2025. Sömu aðferð hefur verið beitt við endurskoðun aðalskipulagsins, þar hafa umhverfisáhrif allra helstu breytinga verið metin fyrir ákvarðanatöku og frummat gert.

Í staðfestu aðalskipulagi var gert mat á umhverfisáhrifum eftirfarandi þátta:

- **Þróun íbúðabyggðar og atvinnusvæða**, stækkun og mat á framtíðarþróun.
- **Landbúnaðarsvæði**, breyting í búgarðabyggð m.t.t. verndunar náttúru.
- **Endurskoðun verndarsvæða**, (nýting náttúruverndarsvæða, hverfisvernd).
- **Selfosskirkjugarður**, nýr garður norðan Ölfusár, aðrir valkostir á stækkun kirkjugarðs.
- **Staðsetning fjölnotahúss**, samanburður valkosta og mat.
- **Færsla Suðurlandsvegjar**, samanburður á tveimur nyrðri kostum burt séð frá kostnaði.
- **Staðsetning göngubrúar yfir Ölfusá**, mismunandi valkostir m.t.t. nýrrar brúar.
- **Selfossflugvöllur**, áframhaldandi vera á sama stað eða flutningur vallar.

Til að gera umhverfismatið augljósara og framsetningu þess skipulegru voru framangreindir þættir auk nokkurra til viðbótar settir upp í samanburðartöflur og mat lagt á hvern og einn úr frá sömu forsendum sbr. kafla 6 og 6.1–6.5. Niðurstöður matsins endurspegluðust í þeim ákvörðunum sem teknar voru í aðalskipulagsgerðinni gegnum allt ferli vinnunnar.

Nokkrir fyrrgreindra þátta eru endurmetnir í endurskoðuðu aðalskipulagi. Samkvæmt lögum 105/2006 skal haft samráð við við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Það samráð byggist á þeim ákvarðanatökum sem settar hafa verið fram í endurskoðuninni. Eftirfarandi umhverfisskýrsla hefur verið endurskoðuð og haft samráð við Skipulagsstofnun, en tekið verður fyllsta tillit til ábendinga sem fram kunna að koma á síðari stigum.

6. UMHVERFISSKÝRSLA – MAT Á KOSTUM

6.1 SAMANTEKT

Með staðfestu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005–2025 var stefnt að þeirri framtíðarsýn og meginmarkmiði að Árborg verði leiðandi sveitarfélag sem búi öllum íbúum sínum sem best skilyrði til þess að lifa heilbrigðu og farsælu lífi í tengslum og góðri sátt við náttúru og umhverfi. Sú stefna er áfram í fullu gildi.

Við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulags Árborgar eru öll almenn stefnumið aðalskipulagsins metin. Þeir þættir sem öðrum fremur eru taldir geta valdið áhrifum á umhverfið eru náttúruþættir, þróun byggðar, þróun atvinnusvæða þ.m.t. athafnasvæða, staðsetning þjónustustofnana og samgöngur.

Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd áætlunarinnar eru metnir í átta flokkum og settir fram í töflu, ásamt undirflokkum og þeim viðmiðum sem gilda um hvern umhverfisþátt. Við matið var tekið tillit til þeirra umhverfisverndarmarkmiða og umhverfissjónarmiða sem sett eru fram í viðmiðum og stefnuskjölum.

Engin friðlýst svæði eru á náttúruminjasrá í landi Árborgar. Skipulagið samræmist þeim áætlunum stjórnvalda sem til hliðsjónar voru. Samráð við stofnanir og hagsmunaaðila, stýrihóp og nefndir bæjarins var fyrst og fremst nýtt á vinnslustigi aðalskipulagsins.

Helstu stefnumið, valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir á mati þeirra þátta sem metnir voru:

Nýr kirkjugarður norðan Ölfusár, í Fossnesi eða Mógili

Staðsetning í Mógili telst nú æskilegri þar sem nálægð við sláturhús á Fossnesi telst mjög neikvæð. Almenn sátt virðist ríkja um þessa staðsetningu í Mógili. Fossnesið er áfram skilgreint sem útivistarsvæði. Líklegt er að við færslu Suðurlandsvegur norður fyrir þéttbýlið batni umferðaröryggi á núverandi Ölfusárbrú.

Þróun íbúðabyggðar á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri

Almennt eru jákvæð áhrif af þéttingu byggðar á þéttbýlisstöðunum, enda tekið mið af umhverfislegum aðstæðum hvers svæðis. T.d. er ekki gert ráð fyrir mjög þéttri byggð á Stokkseyri þar sem staðsetning byggðar mótast mjög af dælusvæðunum, en stefnt er að þéttari byggð á Eyrarbakka og Selfossi. Á Selfossi er lögð áhersla á þéttingu í og við miðbæ en megin byggðapróun nýrra svæða er áfram til suðurs vegna núverandi landamerkjia og nálægðar við þjónustu.

Búgarðabyggð, mat mismunandi svæða

Fjöldi og stærð svokallaðrar búgarðabyggðar er orðin það mikil að fyrirsjáanlegt er að svæðin verði mjög strjálbýl og af þeim hljótist mikill samfélagslegur kostnaður. Önnur búgarðasvæði en við Votmúlaveg og Byggðarhorn, Tjarnarmýri, Vestra Stokkseyarsel og norðan Stokkseyrar, sem ekki hefur verið byrjað á hafa verið felld niður og svæðunum breytt aftur í landbúnaðarsvæði sbr. kafla 1.4. Umhverfisáhrif þessara breytinga eru talin jákvæð.

Þróun atvinnusvæða

Stefna um góð tengsl atvinnusvæða við ytra vegakerfi, stuttar vegalengdir og gönguleiðir milli atvinnusvæða og íbúðabyggðar og miðlæg atvinnusvæði verslunar, þjónustu og menningar er til þess fallin að milda neikvæð umhverfisáhrif af stækkun núverandi atvinnusvæða. Uppbygging nýrra atvinnusvæða er talin valda neikvæðari umhverfiáhrifum en stækkun þeirra sem fyrir eru.

Færsla Suðurlandsvegur, samanburður á veglínunum

Margvísleg rök hníga að því að styttri veglínan sé heppilegri, bæði fyrir Sveitarfélagið Árborg svo og alla aðra notendur. Báðar veglínur fara yfir óbyggð svæði og hafa því neikvæð áhrif á gróður, dýralíf og landslag. Í samanburði við önnur jákvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif má telja þessi neikvæðu áhrif óveruleg. Skipulagsyfirlönd í Árborg mæla með færslu gatnamótanna í samræmi við hönnun Vegagerðarinnar um breytta veglínun.

Selfossflugvöllur

Stefnumið staðfests aðalskipulags voru að flugvöllurinn yrði á núverandi stað meðan ekki er þörf á landinu undir íbúðabyggð. Með stækkun íbúðabyggðar á Björkustykki er fyrirsjáanlegt að ekki verður þörf á landi flugvallarins til langrar framtíðar. Með festingu vallarins er óvissu eytt og uppbygging starfssemi vegna flugumferðar getur orðið markviss og aukið umsvif við völinn.

Svonefndir fluggarðar og akstursípróttasvæði við flugvöll henta vel í slíku nábyli og ættu að nást fram jákvæð samlegðaráhrif með fyrirhugaðri landnotkun. Gera ætti kröfu um mótvægisáðgerðir gegn hávaða á þeim svæðum sem fyrir mestu ónæði verða, s.s. með takmörkuðum opnunartíma akstursípróttasvæðis og flugvallar, byggingu hljóðmana, gróðursetningu og aukinni hljóðeinangrun bygginga.

Heildarniðurstöður umhverfismats

Flestar þær breytingar sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi eru þess eðlis að umhverfisáhrif þeirra eru ekki afgerandi mikil, hvorki afgerandi jákvæð eða afgerandi neikvæð. Þó má segja að áhrif endurskoðaðs aðalskipulags séu í aðalatriðum jákvæð fyrir samfélagið, enda er það markmið endurskoðunarinnar að ná fram jákvæðri uppbyggingu og framförum í samfélaginu. Umhverfisáhrifin voru í flestum tilvikum metin í stórum dráttum um leið og ákvarðanir um breytingar voru teknar, en niðurstöður í lokin teknar saman í umhverfisskýrslu þessari. Ekki er talið að neinir umhverfisþættir verði fyrir verulegum áhrifum vegna þeirra breytinga sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2010–2030.

6.2 INNGANGUR

Umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006 er fastur liður í vinnu við endurskoðun aðalskipulags. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið skipulagsáætlunarinnar er gefið í kafla 3 í greinargerðinni. Á öllu vinnslustigi endurskoðunar aðalskipulagsins var umhverfismat einstakra þátta haft að leiðarljósi við ákvarðanatöku.

Með umhverfismatinu er reynt að greina áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til á umhverfisþætti sem eiga við hverju sinni, með hliðsjón af stefnuskjölum og viðmiðum stjórnvalda og samþykktri stefnu sveitarstjórnar Árborgar.

Með umhverfisskýrslunni er reynt að tryggja að ákvarðanir um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gegnsæ. Í henni er gerð grein fyrir endurmati valkosta og hvort setja þurfi sérstök ákvæði í deiliskipulagi eða með vöktunaráætlun þannig að draga megi úr umhverfisáhrifum.

6.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Sveitarfélagið hefur enn ekki markað sér skýra stefnu í votlendismálum. Hins vegar hefur verið til staðar samningur við Fuglaverndarfélag Íslands um fuglafriðlandið norður af Eyrarbakka. Í þeim samningi er kveðið á um endurheimt votlendis þó ekki séu tilteknir nákvæmlega hvaða skurðir eða hversu mikið votlendi er áætlað að endurheimta. Fuglaverndarfélag Íslands og Sveitarfélagið Árborg eru í samvinnu um að vinna framkvæmdaráætlun um svæðið.

Árið 2009 var gerður samningur við ábúendur á Stokkseyrarseli um endurheimt votlendis á landsvæði í eigu ríkisins og þremur skikum í eigu sveitarfélagsins. Umhverfisnefnd fagnaði frumkvæðinu og leggur til vinnu sérfræðings í umhverfismálum í þetta tiltekna verkefni.

Í eftirfarandi töflu eru taldar upp aðrar áætlanir sem tengjast aðalskipulagi Árborgar:

Skipulagsáætlun	Staða áætlunar	Samræmi
Svæðisskipulag	Ekki er til svæðisskipulag, ekkert slíkt í vinnslu	
Aðalskipulag		
Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002–2014.	Staðfest í janúar 2005	Já
Aðalskipulag Hraungerðishrepps	Staðfest í mars 2006	Já
Aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003–2015	Staðfest í september 2005	Já
Aðrar áætlanir		
Náttúruverndaráætlun 2009–2013	Í gildi	Já
Samgönguáætlun 2007–2010	Í gildi	Já
Staðardagskrá 21	Í gildi	Já
Velferð til framtíðar. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020	Í gildi	Já
Endurheimt votlendis 1996–2006	Útrunnin	Já
Kerfisáætlun Landsnets	Í gildi, fimm ára áætlun 2010–2014	Já

Náttúruverndaráætlun

Við Eyrarbakka og Stokkseyri eru skilgreind víðáttumikil náttúruverndarsvæði og fuglafriðlönd í samræmi við Náttúruverndaráætlun.

Í náttúruverndaráætlun er svæðinu lýst svo: „Fjölskrúðugar fjörur með ríkjandi klóþangi, sjávarfitjum vöxnum sjávarfitjungi og fjölskrúðugum strandgróðri. Lón, mörg lítil vötn og tjarnir. Gróðurfar er mjög fjölbreytt, m.a. margvíslegur vatnagróður. Sérstætt lífríki, auðugt og fjölbreytilegt fuglalíf. Mikil umferð vaðfugla vor og haust. Á svæðinu eru m.a. álftrir í fjaðrafelli og vetrarstöðvar sendlings.“

Engin friðlýst svæði eru á náttúru-minjaskrá í landi Árborgar, en í skránni undir „aðrar náttúru-minjar“ taldar upp sex minjar sem falla innan skipulagðs náttúruverndarsvæðis og fuglafríðlands: Hraunbollar á Selfossi (748), Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka (750), Kerin (Grýlupottar) Selfossi (774), Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar (775), Vötn, tjarnir og flóð við Stokkseyri (776), og Gamla-Hraun og nágrenni (777). Í gildandi aðalskipulagi voru þessi svæði, í samráði við Umhverfisstofnun, afmörkuð nákvæmar en áður hefur verið gert og er í endurskoðuðu aðalskipulagi ekki gerð breyting þar á. Sjá nánar kafla 4.4.2.

Samgönguáætlun

Endurskoðun aðalskipulagsins er unnin í samræmi við gildandi Samgönguáætlun 2007–2010. Meðan á endurskoðun stóð var vinnu við næstu fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009 til 2012 sem og tólf ára samgönguáætlunar árunna 2011 til 2022 ólokið.

Samgönguáætlun 2003–2014 leggur áherslu á fjögur meginmarkmið:

- Markmið um hreyfanleika í samgöngukerfinu
- Markmið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna
- Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Markmið um öryggi í samgöngum

Markmið samgönguáætlunar 2007-2010 um þróun í samgöngum eru fimm:

- Greiðari samgöngur
- Hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur
- Umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Öryggi
- Jákvæða byggðapróun

Sjá kafla 4.15 Samgöngur. Þar eru tilgreind almenn markmið sem eru í samræmi við samgönguáætlun, m.a.:

- Við skipulagningu umferðarmannvirkja er tekið mið af því að öll umferð verði eins greið og örugg og kostur er.
- Lögð er áhersla á gott og öruggt aðgengi allra íbúa að svæðum og byggingum sveitarfélagsins, sérstaklega náttúru- og útivistarsvæðum og opinberum byggingum.
- Sérstök áhersla er lögð á að skapa góð skilyrði fyrir umferð gangandi, hjólréiðafólks og fatlaðra um bæjarlandið.
- Sveitarfélagið Árborg beitir sér fyrir samstarfi nágrannasveitarfélaga um aðgerðir til að stuðla að umhverfisvænni umferð.
- Fyrirhuguð færsla Suðurlandsvegur norður fyrir Selfoss er unnin í góðu samráði við Vegagerðina. Hluta veglínunnar sem unnið er eftir í endurskoðuðu aðalskipulagi er hliðrað m.t.t. hönnunar Vegagerðarinnar. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir fótgangendur og ökutæki undir nýjan Suðurlandsveg til að tengja athafnsvæði beggja megin vegarins og tryggja aðkomu að Hellisskógi.
- Nýr Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er til þess fallinn að stytta vegalendir, auka öryggi og hagkvæmni vegakerfisins.
- Þjóðvegirnir í gegnum Selfoss og Stokkseyri og ofan Eyrarbakka eru stofnvegir og tengivegir.
- Strætó BS heldur úti almenningsamgöngum milli Reykjavíkur og Selfoss og auk þess Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss og Þorlákshafnar og einnig til ýmissa vinsælustu staða í nágrenninu m.a. að Gullfossi og Geysi, og á sumrin í Þórsmörk og Landmannalaugar, auk fleiri staða. Strætóferðir eru milli Reykjavíkur, Hveragerðis og Selfoss. Milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar er boðið upp á ókeypis almenningsamgöngur.

Staðardagskrá 21 og stefnumörkun um sjálfbæra þróun

Árborg er þátttakandi í Staðardagsrá 21 og hefur undirritað Ólafsvíkuryflirlýsinguna og ráðið til starfa sérfræðing í umhverfismálum sbr. kafla 2.3. Með því er þess gætt að sveitarfélagið vinni eftir aðferðarfræði Sd21 á öllum stigum. Á það við alla umhverfisstefnu sveitarfélagsins s.s. um samningagerð, sorphirðu, leikskóla- og skólamál o.s.frv. Umhverfismálin verði þverfagleg, gagnsæ og sett fram með íbúalýðræði að leiðarljósi. Sveitarfélagið Árborg stefnir að því að verða í fremstu röð sveitarfélaga í slíkri vinnu.

Endurheimt votlendis

Tillögur nefndar um endurheimt votlendis eru að votlendissvæðum verði ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til. Mótaðar verði skýrar reglur um endurheimt votlendis. Endurheimt votlendis verði meiri en nemur árlegri röskun á votlendi. Skoðaðir verði möguleikar á að nota

endurheimt votlendis sem aðgerð til að mæta skuldbindingum þjóðarinnar gagnvart Kyoto-bókuninni (grein 3.7). Stjórnvöld beiti sér fyrir því að endurheimt votlendis verði einn af valkostum landeigenda hvað varðar grænar greiðslur í landbúnaði.

Minnkun búgarðabyggðar frá staðfestu aðalskipulagi stuðlar að möguleikum á endurheimt votlendis, en marka þarf stefnu um endurheimt þess skýrar. Verið er að endurheimta votlendi í fuglafriðlandinu sbr. kafla 4.4.6 og er stefnt að gerð deiliskipulags þess svæðis sem nánar skilgreini stefnu um endurheimt votlendisins.

Kerfisáætlun Landsnets

Meginmarkmið Landsnets eru: Að mæta þörfum viðskiptavina. Sjá til þess að geta kerfisins sé nægjanleg til þess að standa undir þeim lágmarkskröfum sem til þess eru gerðar og að taka tillit til hagkvæmni og þeirra þjóðhagslegu sjónarmiða sem fram koma í raforkulögum.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru ekki settar fram neinar þær áætlanir sem krefjast mikilla breytinga á veitukerfum.

6.4 FERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Samráð við stofnanir og hagsmunaaðila, stýrihóp og nefndir bæjarins sbr. kafla 2.4 var fyrst og fremst nýtt á vinnslustigi aðalskipulagsins til að meta umhverfisáhrif þeirra breytinga sem verið var að fjalla um og taka ákvörðun um hvernig þær breytingar yrðu settar fram í tillögu að aðalskipulagi. Umhverfisskýrsla fjallar nánar um helstu ákvarðanir og metur þær með tilliti til annarra valkosta sem fjallað var um við ákvarðanatöku í skipulagsferlinu.

6.5 UMHVERFISAÐSTÆÐUR OG STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

Með staðfestu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005–2025 var stefnt að þeirri framtíðarsýn og meginmarkmiði að Árborg verði leiðandi sveitarfélag sem búi öllum íbúum sínum sem best skilyrði til þess að lifa heilbrigðu og farsælu lífi í tengslum og góðri sátt við náttúru og umhverfi. Við endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið farið yfir allar megin forsendur og skilgreiningu meginmarkmiða í hverjum málaflokki fyrir sig. Heildarsýn hefur ekki breyst og ekki er gerð stefnubreyting frá staðfestu aðalskipulagi, en áherslur hafa breyst varðandi nokkra flokka aðalskipulagsgerðarinnar, sem varða umhverfismatið, en þeir eru í grófum dráttum:

- umhverfi og náttúra (þemakort útivist) – breytt staðsetning á nýjum kirkjugarði, í Mógil)
- þróun byggðar (þemakort þéttleiki íbúðasvæða) – áfram stækkun íbúðabyggðar til suðurs, minnkun búgarðabyggðar)
- þróun atvinnusvæða (þemakort atvinnusvæði) – stækkun núverandi svæða á sama stað
- þjónustustofnanir, samfélagsþjónusta s.s. fræðslu- og menningarmál, heilbrigðismál
- (þemakort grunnskólar, leikskólar) – tilfærsla skólasvæða og fjölnota íþróttahúss
- tækni og samgöngur (þemakort veitur, þemakort samgöngur) – lítilsháttar breytt lega Suðurlandsvegur, undirgöng, flugvöllur festur í sessi.

Ennfremur vísast til samantektar á breytingum sem gerðar hafa verið sbr. kafla 1.4.

Hér á eftir er lagt mat á þá meginþætti sem breyst hafa við endurskoðun aðalskipulagsins og lagt mat á valkost frá staðfestu aðalskipulagi.

6.6 AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU OG UMHVERFISPÆTTIR

Einkennum sveitarfélagsins og umhverfisaðstæðum er lýst í kafla 2.1. Í kafla 4 er lýst náttúru-farslegum og samfélagslegum þáttum, sem geta orðið fyrir áhrifum með tilkomu skipulagsins. Umhverfismatið byggir á þeim grunnupplýsingum sem í þessum köflum koma fram.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum:

1. Viðmiðum í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og alþjóðlegum skuldbindingum.
2. Greiningu á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti.

3. Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulags Árborgar eru öll almenn stefnumið aðalskipulagsins metin. Þeir þættir sem vegna umfangs síns og varanleika eru öðrum fremur taldir geta valdið áhrifum á umhverfi og náttúru eru:

- Próun byggðar (sbr. kafla 6.10.2)
- Próun atvinnusvæða þ.m.t. athafnasvæða (sbr. kafla 6.10.3)
- Staðsetning þjónustustofnana (sbr. kafla 6.10.4)
- Samgöngur (sbr. kafla 6.10.5)

6.7 ÖFLUN UPPLÝSINGA OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ

Yfirlit um umhverfispætti, stefnuskjöl og viðmið sem nýtt eru til hliðsjónar við umhverfismat áætlunarinnar:

Umhverfispáttur	Stefnuskjöl og viðmið
Lífriki	
Gróður Dýr	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd (sjá 1. gr. og 37. gr.) Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Kafli um “aðrar náttúruminjar” Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
Vistgerðir og /eða búsvæði	Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007). Skipulagið er unnið í anda sjálfbærrar þróunar eins og hún er sett fram í skýrslunni.
Jarðmyndanir	
Jarðmyndanir Jarðvegur Jarðhiti	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, (kaflar V og VI og 37. gr.) Lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu m.s.br. Einkum IV kafli til IX. Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Náttúruverndaráætlun 2009–2013. Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007)
Vatn og sjór	
Yfirborðsvatn Grunnvatn Sjór og strandsvæði	Vatnalög nr. 20/2006 og nr 15/1923. Ýmsar greinar. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. M.a. V og VI kafli. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda m.s.br. Reglugerð nr. 796/1999 með breytingu nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns. Einkum 2. og 4. gr. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007)
Andrúmsloft og veðurfar	
	Lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007) Stefnumörkun í loftslagsmálum (2007)
Samfélag	
Atvinna Samgöngur Útivist Byggðamynstur Þjónusta	Skipulags og byggingarlög nr. 73/1997 Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, 47/2001 Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í 3. kafla er fjallað um almannarétt, umgengni og útivist. Jarðalög nr. 81/2004 Vegalög nr. 80/2007 Byggðaáætlun 2006–2009 (áætlun fyrir árin 2010 - 2013 er í vinnslu) Ferðamálaáætlun 2006–2015. Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007)

Heilsa og öryggi

Mengun Náttúruvá	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einkum III og V kafli. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgagns Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
	Lög um sjóvarnir nr. 28/1997. Ýmsar greinar um varnarmannvirki. Reglugerð nr. 798/1999 og 450/2009 um fráveitur og skólp Reglugerð um hafnarmál nr. 626/2004 Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007)
Náttúru og menningarminjar	
	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, kaflar 7 og 8. Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004–2008 Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar Þjóðminjalög nr. 107/2001. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007) Þjóðminjalög nr. 107/2001.
Landslag	
	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Ýmis ákvæði um friðlýsingu o.fl. Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi (2007)

6.8 UMhverfismat – Aðferðir og Framsetning

Umhverfismatið er unnið samhliða skipulagsvinnunni af Vinnustofnunni Pverá, með þátttöku starfshóps um aðalskipulag sbr. kafla 1.2 og ýmissa hagsmunahópa sbr. kafla 2.4, sem og starfsmönnum og nefndum sveitarfélagsins. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Lagt var mat á fyrirfram skilgreinda þætti. Farið var í vettvangsferðir og aðstæður kannaðar eftir þörfum. Ekki var talin þörf á sérsakri rannsóknarvinnu, talningum eða sýnatöku, þar sem mikið af nýlegum og aðgengilegum gögnum lágu til grundvallar nýlega staðfestu og gildandi aðalskipulagi. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis, sem fjallað er um í kafla 4 í greinargerð aðalskipulags. Sérstaklega skal bent á kafla 4.2 um náttúruvarnir, kafla 4.3 um náttúruvá og kafla 4.4 um umhverfi, náttúruvernd, minjavernd, hverfisvernd og vatnsvernd.

Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd áætlunarinnar eru metnir í eftirfarandi átta flokkum: Lífríki, jarðmyndanir, vatn og sjór, andrúmsloft og veðurfar, samfélag, heilsa og öryggi, náttúru- og menningarminjar, landslag. Flokkarnir átta eru settir fram í framangreindri töflu í kafla 6.7, ásamt undirflokkum og þeim viðmiðum sem gilda um hvern umhverfisþátt. Flokkunin er byggð á tillögu í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisþátta.

Við matið var tekið tillit til þeirra umhverfisverndarmarkmiða og umhverfissjónarmiða sem sett eru fram í framangreindum viðmiðum og stefnuskjölum. Sjá t.d. tengls við aðrar áætlanir og hvernig komið er á móts við umhverfissjónarmið þeirra í kafla 6.3. Við matið voru framangreind gögn höfð til hliðsjónar við mat á vægi áhrifa hvers þátta umhverfismatsins.

6.9 SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA

Áhrifin af stefnumiðum skipulagsáætlunarinnar eru metin og þeim gefið vægi með því að bera saman einkenni áhrifanna og viðmið sem gilda um hvern umhverfisþátt. Niðurstaða matsins er því ákveðin vægiseinkunn fyrir hvern umhverfisþátt. Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu um vægi áhrifa hér að aftan. Taflan er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	Skýring
Verulega jákvæð ++	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/ áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/ eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg 0	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð -	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð --	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun. Áhrifin er erfitt að meta eða upplifun fólks af áhrifunum er mjög persónubundin. Óvissunni verður ekki eytt nema með svo umfangsmiklum rannsóknnum að skipulagsbreytingin réttlæti þær ekki.

6.10 MAT UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUPÁTTA

6.10.1 Mat á breyttri landnotkun

Kirkjugarður Selfoss

Sóknarnefnd Selfoskirkju hefur í nokkur ár eindregið óskað eftir stækkun kirkjugarðs og var tekin ákvörðun um stækkunin á Fossnesi gegnt núverandi garði í staðfestu aðalskipulagi. Þá þótti stækkun kirkjugarðs þar sem hann er nú ekki möguleg, en samningar hafa síðan þá tekist um nokkra stækkun garðsins á núverandi stað. Nálægð fyrirhugaðrar stækkunar kirkjugarðs á Fossnesi við hlið Sláturfélags Suðurlands hefur ekki þótt heppileg og var því leitað annarrar staðsetningar. Nálægt svæði í Mógili varð fyrir valinu, en það svæði er í góðum tengslum við aðal útivistarsvæði Selfyssinga, í Hellisskógi, en svæðið á Fossnesi veður áfram opið svæði til sérstakra nota, en nú sem útivistarsvæði. Í staðfestu aðalskipulagi voru báðir þessir kostir metnir og þótti þá staðsetning í Fossnesi ákjósanlegri kostur, sérstaklega m.t.t. nálægðar og sjónrænna tengsla við núverandi kirkjugarð og kirkju. Síðan þá hefur aukið neikvætt vægi verið lagt á nálægð við sláturfélagið og sóknarnefnd óskað eftir staðsetningu í Mógili. Samanburður á markmiðum hvað varðar ósk sóknarnefndar snýst því við í matinu, sem að öðru leyti er óbreytt.

Kirkjugarður í Fossnesi er óbreytt landnotkun miðað við gildandi aðalskipulag og er því túlkað sem núllkostur.

Nýr kirkjugarður norðan Ölfusár, í Fossnesi eða Mógili sbr. kafla 4.8.3.

Áhrif á:	garður í Fossnesi	garður í Mógili	skýring
íbúa	–	–	í báðum tilvikum norðan Ölfusár, kirkja sunnan ár
heilsu	?	?	huglægt mat, erfitt að meta, skyntúlkun fólks af nábyli við kirkjugarða er ákaflega mismunandi
efnisleg verðmæti íbúa	o	o	
gróður og dýralíf	+	+	bæði svæðin styrkjast sem útivistarsvæði
landslag	–	+	breyting í Fossnesi meiri en í Mógili
minjar	?	?	ekki er vitað af minjum á svæðunum
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	o	o	
útivist	+	+	gæti aukið útivist á báðum svæðum
yfirbragð byggðar	+	+	breytt ásýnd lands, aukinn gróður
umferð, öryggismál	–	–	Ölfusá farartálmi milli kirkju og garðs
atvinnulíf, efnahag	o	o	
samfélag	+	o	sýnileg tengsl kirkju, núverandi og nýs garðs
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	o	samvinna við nágrannasveitarfélag góður kostur
samanburður við markmið	–	+	samræmist óskum sóknarnefndar
Valkostir og niðurstaða:			
Staðsetning í Mógili telst nú æskilegri þar sem nálægð við sláturhús á Fossnesi telst mjög neikvæð. Almenn sátt virðist ríkja um þessa staðsetningu í Mógili. Fossnesið er áfram skilgreint sem útivistarsvæði. Líklegt er að við færslu Suðurlandsvegur norður fyrir þéttbýlið batni umferðaröryggi á núverandi Ölfusárbrú. Óvissa er um hvaða áhrif t.d. nábyli við kirkjugarð hefur á heilsu íbúa í nágrenni garðsins. Einnig er óvíst hvaða áhrif staðsetning garðsins hafi á gesti hans, slíkt þyrfti nánari rannsóknar við en vægi þess þáttar gefur varla tilefni til frekari rannsókna. Ganga þarf úr skugga um hvort minjar séu á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast og gera þá videigandi ráðstafanir. Staðsetning kirkjugarðs hefur varanleg áhrif á landnotkun svæðisins til lengri tíma en þau áhrif eru afturkræf og geta jafnvel haft jákvæð áhrif á næringargildi jarðvegs, enda sé þess gætt að urðun ólfrænna umbúða sé haldið í lágmarki.			

6.10.2 Mat á þróun byggðar

Engin veruleg stefnubreyting er gerð hvað varðar þróun íbúðabyggðar en áherslubreytingar eru með stækkun eða minnkun einstakra svæða.

Þróun íbúðabyggðar á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri sbr. kafla 4.6.3.

Áhrif á:	dreifðari byggð	þétting og takmörkuð útbreiðsla	skýring
íbúa	–	+	styttri vegalendir styrkja nærbjónustu
heilsu	?	?	frekar háð öðrum og fleiri þáttum
efnisleg verðmæti íbúa	–	+	hærrí rekstrarkostnaður í dreifðri byggð
gróður og dýralíf	+/-	+/-	breytist, fjölbreyttari gróður í þéttari byggð
landslag	o	+	öll ný byggð breytir ásýnd landslags
minjar	?	?	háð staðsetningu minja og byggðar
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	–	+	möguleg breyting, minni í þéttari byggð
útivist	o	o	háð fleiri þáttum s.s. aðgengi og útfærslu
yfirbragð byggðar	o	o	mismunandi yfirbragð, háð útfærslu
umferð, öryggismál	–	+	minni akstur í þéttari byggð
atvinnulíf, efnahag	o	+	meiri fjárbinding í innviðum dreifðrar byggðar
samfélag	–	++	minni samfélagskostn. – aukin félagsleg samskipti
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	o	óveruleg áhrif
samanburður við markmið	–	+	samræmist markmiðum sveitarstjórnar

Stefnumið, valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir:

Almennt eru jákvæð áhrif af þéttingu byggðar á þéttbýlisstöðunum, enda tekið mið af umhverfislegum aðstæðum hvers svæðis. T.d. er ekki gert ráð fyrir mjög þéttari byggð á Stokkseyri þar sem staðsetning byggðar mótast mjög af dælusvæðunum, en stefnt er að þéttari byggð á Eyrarbakka og Selfossi. Á Selfossi er lögð áhersla á þéttingu í og við miðbæ en megin byggðapróun nýrra svæða er áfram til suðurs vegna núverandi landamerkjá og nálægðar við þjónustu. Íbúðasvæði eru stækkuð þar sem flugvöllur Selfoss er festur í sessi. Reiknað er með að syðsta og austasta svæðið (merkt N13 á uppdrætti í kafla 4.6.3) sunnan hesthúsahverfis komi ekki til framkvæmda fyrr en önnur íbúðasvæði eru fullbyggð. Þegar að uppbyggingu þess kemur mun það hamla tengslum hesthúsasvæðis við aðal útreiðarsvæði hesamanna til suðurs. Mótvægisáðgerðir fela m.a. í sér að hverfið verður óhjákvæmilega umlukið reiðvegum. Ný byggð skal taka mið af og tillit til núverandi byggðar, landslags, sögu, útsýnis og tengsla við umhverfið. Umdeilt er hvaða áhrif þéttleiki byggðar hefur á heilsu íbúa og er því mismunandi hvaða búsetuform fólk velur sér. Sveitarstjórn þarf stöðugt að fylgjast með umræðum og afstöðu fólks til búsetuforms og bjóða upp á mismunandi valkosti. Umhverfisáhrif byggðapróunar eru langvarandi og óafturkræf nema með umtalsverðum tilkostnaði. Ganga þarf úr skugga um hvort minjar séu á fyrirhuguðum byggingarsvæðum áður en framkvæmdir hefjast og gera þá viðeigandi ráðstafanir.

Þróun búgarðabyggðar í dreifbýli (m.t.t. verndunar náttúru) sbr. kafla 4.7.2.

Í staðfestu aðalskipulagi var mat lagt á þróun íbúðabyggðar í dreifbýli m.t.t. verndunar náttúru. Bornir voru saman valkostir óbreyttrara dreifðrar byggðar í dreifbýli og þéttingu byggðarinnar með búgördum. Niðurstöður þess mats voru eftirfarandi: Stefnt er að þéttingu byggðar í dreifbýlinu með búgarðabyggð, en búgarðabyggðin er þrátt fyrir þéttingu mjög dreifð miðað við hefðbundið þéttbýli. Stærð og fjöldi búgarðasvæða getur valdið því að æskileg þétting náist ekki og ábati verði ekki í samræmi við kostnað vegna lagna- og gatnagerðar. Í heildar deiliskipulagi þarf að festa eðlilega áfangaskiptingu, helst út frá byggð sem fyrir er, svo ekki verði gengið á ósnortna náttúru frekar en þörf krefur.

Frá því að aðalskipulag 2005–2025 var staðfest hafa landeigendur í Byggðarhorni sótt um breytingu landbúnaðarsvæða í búgarðabyggð og var það samþykkt með sérstökum aðalskipulagsbreytingum sbr. kafla 1.3. Við endurskoðun þótti því rétt að minnka önnur búgarðasvæði eða fella þau niður til að sveitarfélagið þyrfti ekki að leggja í kostnað við tengingar og þjónustu fjölda svæða í einu sbr. kafla 1.4.

Búgarðabyggð er í endurskoðuðu aðalskipulagi felld niður sunnan Votmúlavegar við Geirakot og Eyði Sandvík og norðan Votmúlavegar við Smördali og Nýjabæ, ásamt búgarðabyggð norðan Eyrarbakka og í Stokkseyrarmýri norðan Holltsvegar. Öllum þessum svæðum er aftur breytt í landbúnaðarsvæði. Búgarðabyggð er felld út þar sem markmið er að byrja ekki á nýjum

svæðum fyrr en þau sem fyrir eru hafa náð ákveðnum þéttleika, m.a. vegna núverandi efnahagsástands og fyrirsjáanlegs samdráttar á húsnæðismarkaði.

Breytt mat byggist aðallega á því að búgarðabyggð við Kaldaðarnes er þegar orðin nokkur og því áfram æskilegt að núverandi svæði stækki áður en byrjað verður á nýjum svæðum.

Fyrirnefndar breytingar eru gerðar í samráði við eigendur, en sveitarfélagið fer sjálf með eignarhald mikils hluta þessara svæða.

Staðfest búgarðabyggð óbreytt er óbreytt landnotkun miðað við gildandi aðalskipulag og er því túlkað sem núllkostur.

Búgarðabyggð, mat mismunandi svæða sbr. kafla 4.7.2.

Áhrif á:	staðfest búgarða byggð óbreytt	staðfestum búgarða-svæðum fækkað	skýring
íbúa	–	+	styttri vegalendir styrkja nærpjónustu
heilsu	o	o	óveruleg áhrif
efnisleg verðmæti íbúa	–	+	hagkvæmni í færri svæðum
gróður og dýralíf	–	+	færri svæði, minni áhrif
landslag	–	+	færri svæði, minni áhrif
minjar	o	o	háð staðsetningu byggðar og minja
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	o	+	færri svæði, hagkvæmari stýring áhrifa
útivist	+/-	+/-	háð öðrum þáttum
yfirbragð byggðar	–	+	færri svæði, minni áhrif
umferð, öryggismál	–	+	færri svæði, styttri vegalegndir, minni akstur
atvinnulíf, efnahag	–	+	mikil fjárbinding í innviðum dreifðar byggðar
samfélag	o	+	minni samfélagskostn. – aukin félagsleg samskipti í þéttari byggð
átætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	o	óveruleg áhrif
samanburður við markmið	–	+	samræmist markmiðum sveitarstjórnar

Stefnumið, valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir:
Mikil ásókn hefur á undanförunum árum verið í að breyta landnotkun úr hefðbundnu landbúnaðarsvæði í svokallaða búgarðabyggð. Fjöldi og stærð þessara svæða er orðin það mikil að fyrirsjáanlegt er að svæðin verði mjög strjálbýl og af þeim hljótist mikill samfélagslegur kostnaður. Búgarðabyggð við Votmúlaveg tengist byggð sem þegar er komin og hefur hvað minnst umhverfisáhrif og líklega minnstan kostnað í för með sér. Búgarðar í landi Kaldaðarness hafa nú þegar brotið nýtt og óbyggt land, landið liggur vel við vegtengingum, mitt á milli þorpanna og Selfoss, sama á við um Stokkseyrarsel. Markaðssetning Tjarnarbyggðar við Kaldaðarnes hefur verið óflug. Önnur búgarðasvæði sem ekki hefur verið byrjað á hafa verið felld niður eða minnkuð og svæðunum breytt aftur í landbúnaðarsvæði. Eftir að framkvæmdir eru hafnar eru áhrif byggðarinnar langvarandi og geta verið svo til óafturkræf ef umfangið er mikið. Gert er ráð fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem fer undir búgarðabyggð í fuglafriðlandi í Flóa. Umhverfisáhrif þessara breytinga eru almennt metin jákvæð.

6.10.3 Mat á þróun atvinnusvæða

Þróun atvinnusvæða sbr. kafla 4.13.

Bornir eru saman tveir kostir, uppbygging nýrra svæða utan núverandi þéttbýlis og stækkun núverandi atvinnusvæða.

Áhrif á:	ný svæði utan þéttbýlis	núverandi svæði stækkuð	skýring
íbúa	+/-	+/-	háð starfsemi og truflandi þáttum
heilsu	o	o	
efnisleg verðmæti íbúa	–	+	samþjöppun æskilegri en dreifing
gróður og dýralíf	–	+	minni skerðing náttúrulegra svæða
landslag	–	+	minni röskun við stækkun svæða

minjar	?	?	háð staðsetningu
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	–	+	ný svæði hafa meiri áhrif en stækkun
útvist	?	?	háð fleiri þáttum s.s. aðgengi og útfærslu
yfirbragð byggðar	+/-	+/-	háð útfærslu, hönnun og umgengni
umferð, öryggismál	–	+	lengri vegalengdir skapa meiri akstur
atvinnulíf, efnahag	?	?	háð tegund atvinnustarfsemi
samfélag	–	+	minni röskun ef vegir og lagnir eru fyrir hendi
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	o	óveruleg áhrif
samanburður við markmið	o	+	samræmist markmiðum sveitarstjórnar

Stefnumið, valkostir og niðurstöður:

Stefnt er að góðum tengslum atvinnusvæða við ytra vegakerfi, þannig að utanaðkomandi umferð verði ekki gegnum íbúðasvæði. Jafnframt er lögð áhersla á stuttar vegalengdir og gönguleiðir milli atvinnusvæða og íbúðabyggðar sem stuðlar að vistvænum samöngum. Iðnaðarsvæði eru því aðallega í útjaðri byggðar og eru stækkuð þar í endurskoðuðu aðalskipulagi, en atvinnusvæði verslunar, þjónustu og menningar eru miðlæg. Þessi stefna er til þess fallin að milda neikvæð umhverfisáhrif af stækkun núverandi atvinnusvæða. Ganga þarf úr skugga um hvort minjar séu á fyrirhuguðum byggingarsvæðum áður en framkvæmdir hefjast og gera þá viðeigandi ráðstafanir. Mikilvægt er að útfærsla og skipulagning atvinnusvæða sé aðlöguð þeirri starfsemi og því umhverfi sem starfsemin byggist upp í. Þannig eru möguleikar til útvistar háðir útfærslu uppbyggingar atvinnusvæða. Staðarval atvinnustarfsemi fer eftir eðli og umfangi hennar. Staðarvali atvinnusvæða er ætað að hafa langvarandi áhrif þannig að haldbær vissa sé fyrir því hvar atvinnumannvirki megi rísa. Ákvörðun um uppbyggingu er óafturkræf en þó getur landnotkun breyst til langs tíma innan hins byggða umhverfis, eftir því hvernig atvinnulíf og mannlíf á svæðinu þróast. Óvíst er oft hvaða ný atvinnustarfsemi muni hugsanlega koma á stækkuð svæði og framtíðaráhrif á atvinnulíf og efnahag því óviss.

6.10.4 Mat á staðsetningu þjónustustofnana

Staðsetning fjölípróttahúss, samanburður valkosta og mat

Í staðfestu aðalskipulagi voru settar fram 5 mismunandi staðsetningar fjölnotahúss og þær bornar saman og metnar. Sú breyting hefur orðið síðan að ekki hefur náðst samkomulag við önnur sveitarfélög um sameiginlega byggingu fjölnotahúss til ýmissa nota. Húsið verður því mun minna en fyrri áform stóðu til og er nú túlkað sem fjölnota ípróttahús, til ípróttaiðkunar fyrst og fremst. Áhrif þessarar breyttu notkunar höfðu þau áhrif á staðarval að fallið var frá staðsetningu við flugvöll, sem varð fyrir valinu við samanburð 6 mismunandi valkosta á grundvelli eftirfarandi niðurstöðu fyrra mats: Fyrirhuguð bygging verður mjög stór og þarfnast mikils landsvæðis, bæði fyrir bygginguna sjálfa, nauðsynleg bílastæði og fyrirhuga ípróttaaðstöðu utanhúss. Framkvæmdin verður því alltaf áberandi og kemur til með að breyta umhverfinu mjög mikið. Við endanlegt val staðsetningar vega þyngst þróunarmöguleikar svæðis og vegatengsl, bæði innan sveitarfélagsins og við nágrennasveitarfélög

Svæðið við flugvöllinn (núllkostur) var því tekið undir athafna- og iðnaðarsvæði (gámasvæði) með sérstakri aðalskipulagsbreytingu sbr. kafla 1.3 lið 4.

Breyttar forsendur varðandi stærð og hlutverk hússins gera það að verkum að aðrar staðsetningar í fyrra mati voru í endurskoðuðu aðalskipulagi metnar ekki koma til greina þar sem augljóst væri vegna breyttra forsendna að húsinu yrði valinn staður á miðlægu ípróttasvæði Selfoss, í góðum tengslum við helstu skóla, sundlaug og aðra ípróttaaðstöðu. Umferðartengsl verða allt önnur þar sem utanaðkomandi bílaumferð verður mun minni með breyttri notkun hússins og áhersla er lögð á vistvænan ferðamáta íbúanna s.s. á hjóli og gangandi umferð. Óþarft þykir því að leggja mat á aðra staðsetningarkosti.

6.10.5 Mat á samgöngubáttum

Færsla Suðurlandsvegjar, samanburður valkosta og mat

Á undanförunum árum hefur umferð á Suðurlandsvegi um Selfoss aukist verulega (Hringvegi, þjóðvegi nr. 1). Þar sem Ölfusárbrú er eina tenging sveitarfélagsins milli bæjarhluta Selfoss norðan og sunnan ár eru oft veruleg óþægindi af mikilli umferð og kvartað um tafir. Lengi hefur verið rætt um aðra legu vegar, framhjá bænum og á staðfestu aðalskipulagi Árborgar er gert ráð fyrir nýjum Suðurlandsvegi norðan bæjarins. Sú veglína hefur allt frá árinu 1970 verið sýnd á aðalskipulagsuppráttum sveitarfélagsins í samráði við Vegagerðina og hefur síðan þá verið tekið tillit til þessarar veglínu.

Gerðar hafa verið umferðarkannanir sem sýna að um 40% umferðar á Hringvegi norðan Selfoss á upphaf og endi á Selfossi, en austan Selfoss um 30%. Ljóst er því að mikil umferð verður áfram um Selfoss þrátt fyrir færslu vegarins.


Við gerð staðfests aðalskipulags Árborgar 2005–2025 voru skoðaðir tveir megin möguleikar á legu þjóðvegjarins, annars vegar fyrir sunnan Selfoss, hins vegar norðan bæjarins, þar sem nokkrar mismunandi veglínur komu til álita og voru metnar í umhverfismati.

Niðurstaða þeirra athugana og mats var sú að lega þjóðvegjar nr. 1 sunnan Selfoss myndi setja veginn í meiri nálægð við miðju sveitarfélagsins og þannig geta stuðlað að betri innbyrðis tengslum og dreifingu umferðar til strandbyggðar og dreifbýlis. Sú staðsetning gæti þó einnig haft heftandi áhrif á þróun Selfossbyggðar til suðurs og vegurinn þannig orðið ákveðin hindrun á innbyrðis tengsl byggðakjarnanna og skorið þá hvora frá öðrum. Vegurinn yrði fjögurra akreina með mismögum gatnamótum og þveraði heildstætt votlendislandslag. Veigamikil rök móti færslu vegjarins suður fyrir Selfoss eru einnig að þjóðvegurinn myndi lengjast töluvert sem er þjóðhagslega óhagkvæmt og getur Vegagerðin ekki fallist á þá legu.

Færsla þjóðvegjar 1 norður fyrir Selfoss hefur aftur á móti í för með sér styttingu þjóðvegjarins fyrir þá sem ekki eiga erindi inn í bæinn.

Vegagerðin hefur nú látið hanna tvær leiðir norðan Selfoss sem eru í framkvæmdamatsferli. Syðri leiðin er að mestu í samræmi við staðfest aðalskipulag, yfir miðja Efri-Laugardælaeyju, en mismög gatnamót við Biskupstungnabraut eru færð norðar. Nyrðri veglínin er ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag og þverar Ölfusá nálægt fyrrum ferjustað Laugardælaferju. Sú veglína hefur þegar verið metin í staðfestu aðalskipulagi og því ekki endurmetin nú.

Gerður er samanburður á legu Suðurlandsvegjar í staðfestu aðalskipulagi (núllkosti) og þeirri breytingu að mismög gatnamót við Biskupstungnabraut færast norðar.



Legu Suðurlandsvegjar samkvæmt staðfestu aðalskipulagi 2005–2025



Legu Suðurlandsvegjar samkvæmt aðalskipulagstillögu 2010–2030

Færsla Suðurlandsvegjar, samanburður á veglínunum.

Áhrif á:	staðfest veglína	breytt veglína	skýring
íbúa	+	+	létta báðar gegnumumferð um miðbæ
heilsu	o	o	breyting vegstæðisins er óveruleg
efnisleg verðmæti íbúa	o	+	stærra samfelt athafnasvæði
gróður og dýralíf	–	–	möguleg skerðing á náttúrulegum svæðum
landslag	–	–	breyting á náttúrulegu landslagi
minjar	o	o	sömu áhrif í báðum tilvikum
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	o	o	sömu áhrif í báðum tilvikum
útivist	o	o	sama afstaða til Hellisskógar
yfirbragð byggðar	o	o	háð útfærslu t.d. misægra gatnamóta
umferð, öryggismál	+	++	breytt leið er beinni og styttri
atvinnulíf, efnahag	+	++	stærra samfelt athafnasvæði sunnan vegar
samfélag	+	+	sömu áhrif í báðum tilvikum
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	–	breytt veglína er ekki í samræmi við aðalskipulagsupprátt Ölfuss, staðfest 4. janúar 2005.
samanburður við markmið	+	+	samræmast báðar markmiðum sveitarstjórnar

Valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir:

Breytt veglína er styttri en staðfest veglína. Margvísleg og mikilvæg samfélagsleg rök hníga að því að stysta leiðin sé heppilegust, bæði fyrir Sveitarfélagið Árborg svo og alla aðra notendur og hafa þau rök margfeldis-áhrif. Breytt veglína setur mögulega stækkun athafnasvæða sunnan vegar í betri tengsl við aðra starfsemi. Vegna stækkunar athafnasvæðis norðan vegar er bætt við undirgöngum fyrir bíla og fótgangendur til að tengja svæðin sitt hvoru megin Suðurlandsvegjar betur. Við það batnar einnig aðgengi að Hellisskógi. Ný veglína Suðurlandsvegjar fer í báðum tilvikum yfir óbyggt svæði og hefur því neikvæð áhrif á gróður, dýralíf og landslag. Í samanburði við önnur jákvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif má telja þessi neikvæðu áhrif óveruleg. Áhrif beggja veglína eru þó langvarandi og óafturkræf. Einnig má gera ráð fyrir hávaða frá umferðinni, sem bregðast má við með t.d. gerð hljóðmana, takmörkun umferðarhraða og aukinnar kröfu um sérstaka hljóðvörn í nýbyggingum næst veginum.

Eftir samanburð á ofangreindum möguleikum mæla skipulagsyfirvöld í Árborg með færslu gatnamótanna í samræmi við hönnun Vegagerðarinnar um breytta veglínunni og er sú lína sýnd í aðalskipulagstillögu 2010–2030.

Staðsetning göngubrúar yfir Ölfusá, mismunandi valkostir sbr. kafla 4.15.3.

Áhrif á:	syðri leið norðan við Ölfusárbrú	nyrðri leið yfir Jórúklett	skýring
íbúa	+	+	
heilsu	+	+	
efnisleg verðmæti íbúa	o	o	
gróður og dýralíf	+	–	möguleg áhrif á gróður á Jórúkletti
landslag	+	–	skerðir Jórúklett
minjar	–	o	möguleg áhrif á umhverfi hraunbolla við Ölfusárbrú
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	o	o	
útivist	+	+	gæti aukið útivist v. bættra göngutengsla
yfirbragð byggðar	o	–	nyrðri leið breytir sjónrænum tengslum byggðar
umferð, öryggismál	+	+	eykur mjög umferðaröryggi
atvinnulíf, efnahag	o	–	dýr framkvæmd, sérstaklega leiðin yfir Jórúklett
samfélag	+	+	
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	o	

samanburður við markmið	+	+	Samræmist markmiðum um bætt tengsl svæða
<p>Valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir: Nyrðri göngubrúin yfir Jórúklett er mun lengri og að öllum líkindum mun dýrari framkvæmd en sú syðri. Hún hefur auk þess í för með sér mun meira inngrip í náttúruna og er þannig óafturkræfari en syðri leiðin. Andstaða hefur verið við breikkun Ölfusárbrúar til að bæta göngu- og hjólastíga sbr. kafla 4.15.7 og gerir aðalskipulagið því ráð fyrir gerð nýrrar göngubrúar ofan við Ölfusárbrú og mögulega tengd henni, án þess að nákvæm lega sé staðsett. Við hönnun þarf að taka tillit til ásýndar á núverandi Ölfusárbrú og mögulegra minja, m.a. hraunbolla austan syðri brúarenda.</p>			

Undirgöng

Ný undirgöng fyrir gangandi og akandi eru fyrirhuguð undir nýjan Suðurlandsveg sbr. kafla 4.15.3 og fyrir reiðmenn undir Eyrarbakkaveg sunnan Tjarnarbyggðar móts við Stokkseyrarsel. Einnig eru undirgöng fyrirhuguð samkvæmt staðfestu aðalskipulagi undir Eyrarbakkaveg sunnan Gagnheiðar og undir Suðurlandsveg norðan Ölfusárbrúar. Áhrif nýrra undirganga eru jákvæð vegna bættis öryggis vegfarenda, bættra samgangna, styttingar vegalengda og hvata til aukinnar hreyfingar og almennrar útiveru. Gera verður undirgöng með þeim hætti að þau falli sem best að landslagi og umhverfisáðstæðum á hverjum stað, svo neikvæð umhverfisáhrif á náttúru, s.s. landslag og gróður, verði í lágmarki.

Selfosflugvöllur

Staðsetning og afmörkun á landi Selfosflugvallar hefur mikil áhrif á framtíð íbúðabyggðar á Selfossi. Forsvarsmenn flugvallarins hafa lengi lagt mikla áherslu á afmarkað athafnarými til framtíðar fyrir ýmsa starfsemi tengda flugrekstri. Í staðfestu aðalskipulagi voru flugbrautir til norðurs og vesturs stytta til þess að stuðla að möguleikum á áframhaldandi staðsetningu á núverandi svæði. Bæjarstjórn Árborgar hefur samþykkt viljayfirlýsingu um að flugvöllurinn yrði festur í sessi á núverandi stað. Ekki er reiknað með auknum umsvifum s.s. auknu æfingaflogi á flugvöllinum og næturflug verður ekki heimilað. Ekki er talin þörf á að nýta land það sem flugvöllurinn nær yfir til byggðar eftir að flugbrautir hafa verið stytta og eftir að land í Björkustykki hefur verið tekið undir íbúðabyggð. Flugvöllurinn er því ekki lengur víkjandi og gert er ráð fyrir aðstöðu hans nýr á aðlægu athafnasvæði. Gert er ráð fyrir að hávaði frá flugvöllinum verði innan leyfilegra marka í aðliggjandi íbúðahverfum og hefur hljóðvist verið metin miðað við núverandi notkun flugvallarins, styttri flugbrautir, fjölda flugtaka og lendingu og að næturflug verði ekki heimilað.

Könnun var gerð á hljóðstigi við Selfosflugvöll í júní 2005 miðað við ofangreindar forsendur og ríkjandi vindáttir fyrir sex umferðarmestu mánuði yfir sumartímann. Ekki eru til skráðar hreyfingar um völlinn en gert er ráð fyrir að ársumferð sé 4000 hreyfingar og þar af 3000 hreyfingar yfir sumartímann. Hljóðstig er reiknað sem „day and night level“ og meðalhljóðstig í tveggja metra hæð yfir landi.

Ekki eru til viðmið í reglugerðum fyrir hljóðstig við flugvelli en fyrir bílaumferð er miðað við að jafngildishljóðstig (Leq) sé innan við 55 dB(A) fyrir skipulag nýrra íbúðasvæða og svæða fyrir sjúkrastofnanir. Á myndinni hér á eftir eru það öll svæði utan gula flatarins.

Öll íbúðasvæði í endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar eru utan þessara marka, nema sérstakir „fluggarðar“ norðan flugvallarins, sem staðsettir hafa verið í nánú samráði við Flugklúbb Selfoss og Flugstoðir. Fluggarðar eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir ákafa flugáhugamenn, sem vilja nota flugskýli á svipaðan máta og bílskúr. Við deiliskipulagningu fluggarða verður að setja sérstakar kröfur um frágang húsa vegna fyrirsjáanlegs hávaða frá flugvöllinum og e.t.v. fleiri takmarkanir um notkun húsanna.

Jákvæð samlegðaráhrif ættu að nást með nálægð akstursípróttasvæðis við flugvöll, þar sem bregðast má sameiginlega við hávaða frá báðum þessum hávaðavöldum í útjaðri þéttbýlisins. Einnig gæti rúmgóð og aðgengileg geymsluaðstaða fyrir umrædd farartæki e.t.v. verið sameiginleg eða undir sameiginlegu eftirliti.



Athafnasvæði er að hluta inni á svæði með hljóðstig yfir 55 dB(A) og var tekið tillit til þess við staðsetningu bygginga við deiliskipulag svæðisins.

Selfosflugvöllur, staðsetning flugvallar víkjandi (núllkostur) eða völlur festur í sessi sbr. kafla 4.15.9.

Áhrif á:	staðsetning flugvallar víkjandi	Flugvöllur festur í sessi	skýring
íbúa	+	-	mögulegur hávaði
heilsu	+	-	möguleg áhrif hávaða og annarrar truflunar
efnisleg verðmæti íbúa	-	+	verðmæti gætu farið forgörðum með víkjandi velli
gróður og dýralíf	o	o	möguleg skerðing á náttúrulegum svæðum
landslag	-	+	engin breyting á ósnortnu landslagi
minjar	?	+	háð nýrri staðsetningu
sjó, ár, vötn, vatnabúskap	o	o	
útivist	?	+/- ?	staðsetning getur takmarkað útivist
yfirbragð byggðar	+	-	flutningur gæfi aukna samfellu í byggð
umferð, öryggismál	o	o	
atvinnulíf, efnahag	?	?	flutningur gæti aukið starfsemi vallar
samfélag	+	-	flutningur gæfi aukna samfellu í byggð
áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga	o	+	samkeppni við nágrennasveitarfélög
samanburður við markmið	-	+	samræmist markmiðum sveitarstjórnar

Stefnumið, valkostir, niðurstöður og mótvægisáðgerðir:

Markmið staðfests aðalskipulags voru að flugvöllurinn yrði á núverandi stað meðan ekki er þörf á landinu undir íbúðabyggð. Völlurinn var því víkjandi. Með stækkun íbúðabyggðar á Björkustykki er fyrirjáanlegt að ekki verður þörf á landi flugvallarins til langrar framtíðar. Með festingu vallarins er óvissu eytt og uppbygging starfssemi vegna flugumferðar getur orðið markviss og aukið umsvif við völlinn. Svonefndir fluggarðar og akstursípróttasvæði við flugvöll henta vel í slíku nábýli og ættu að nást fram jákvæð samlegðaráhrif með fyrirhugaðri landnotkun. Nýjar ákvarðanir um að festa flugvöllinn í sessi á núverandi stað hafa þau áhrif að uppbygging hans og framkvæmdir tengdar honum geta orðið markvissari og með auknum gæðum en áhrif til lengri framtíðar eru afturkræf. Gera ætti kröfu um mótvægisáðgerðir gegn hávaða á þeim svæðum sem fyrir mestu ónæði verða, s.s. með takmörkuðum opnunartíma akstursípróttasvæðis og flugvallar, byggingu hljóðmana, gróðursetningu og aukinni hljóðeinangrun bygginga.

6.11 HEILDARNIÐURSTAÐA UMhverfismats

Flestar þær breytingar sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi eru þess eðlis að umhverfisáhrif þeirra eru ekki afgerandi mikil, hvorki afgerandi jákvæð eða afgerandi neikvæð. Þó má segja að áhrif endurskoðaðs aðalskipulags séu í aðalatriðum jákvæð fyrir samfélagið, enda er það markmið endurskoðunarinnar að efla jákvæða uppbyggingu og framfarir í samfélaginu. Umhverfisáhrifin voru í flestum tilvikum metin í stórum dráttum um leið og ákvarðanir um breytingar voru teknar en niðurstöður í lokin teknar saman í umhverfisskýrslu þessari. Ekki er talið að neinir umhverfispættir verði fyrir verulegum áhrifum vegna þeirra breytinga sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2010–2030. Ef líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum vegna framkvæmda áætlunarinnar, t.d. á flóðasvæðum eða sprungusvæðum, getur verið ástæða til vöktunar. Skal hún þá ákveðin í deiliskipulagsvinnu og/eða í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Umhverfisáhrif framkvæmda eru þó vissulega oft háð umgengni á verk tíma og er lögð rík áhersla á að allar framkvæmdir verði gerðar í eins mikilli sátt við umhverfið og mögulegt er, í samræmi við metnaðarfulla stefnu stjórnvalda í náttúruverndarmálum.

7. FERLI OG SAMÞYKKT AÐALSKIPULAGS

Tillaga að aðalskipulagi kynnt á almennum borgarafundi á Hótel Selfossi þann 20. janúar 2010

Tillaga að aðalskipulagi samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn þann 11. febrúar 2010

Tillaga að aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til athugunar þann 26. mars 2010

Tillaga að aðalskipulagi send umsagnaraðilum þann 30. mars 2010

Skipulagsstofnun veitir heimild til auglýsingar þann 20. maí 2010

Tillaga að aðalskipulagi auglýst í 4 vikur frá 9. desember 2010 til 6. janúar 2011, með athugasemdafresti til 20. janúar 2011

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar á framkomnum athugasemdum þann 27. apríl 2011

Tillaga að aðalskipulagi tekin til seinni umræðu í bæjarstjórn og samþykkt þann 18. maí 2011

Tillaga að greinargerð bæjarstjórnar með endanlegri skipulagsáætlun samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 18. október 2011

Greinargerð bæjarstjórnar með endanlegri skipulagsáætlun samþykkt þann 9. nóv. 2011


Samþykkt tillaga að aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til afgreiðslu þann 10. nóv. 2011

Samþykkt tillaga að aðalskipulagi staðfest af umhverfisráðherra þann 9. jan. 2012

Auglýsing um afgreiðslu og gildistöku aðalskipulags Árborgar 2010–2030 25. jan. 2012

Sjá ennfremur kafla 1.2 um ákvörðun um gerð og vinnu við aðalskipulag Árborgar og kafla 2.4 um gagnaöflun og samráð – umsagnir og athugasemdir, svo og greinargerð bæjarstjórnar með endanlegri skipulagsáætlun dags. október 2011.



Aðalskipulag Árborgar 2010–2030 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann 18. maí 2011


Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Árborgar


Aðalskipulag Árborgar 2010–2030 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 23. nóvember 2011


Guðrún Haua Gunnarsdóttir


Aðalskipulag Árborgar 2010–2030 var staðfest af umhverfisráðherra þann 9. jan 2012


Þorgerður Þorgerðsdóttir


Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Sveitarfélagið Árborg á hönnunarhrðasvæði 0,40 g, sbr. kafla 4.3.6.

Sjá ennfremur uppdrætti aðalskipulags sbr. kafla 2.2 í greinargerð, almennt um aðalskipulagið.

8. HEIMILDIR

Lög og reglugerðir:

- Stjórnartíðindi A. *Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, 135/1997, 58/1999, 117/1999, 4/2000, 168/2000, 170/2000, 74/2001, 188/2001, 74/2005, 149/2006.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um losun gróðurhúsalofttegunda nr.65/2007.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 74/2005.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, 140/2001, 104/2006, 66/2007, 31/2009.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu 57/1998 m.s.br.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um sjóvarnir nr. 287/1997.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um umhverfisstofnun nr. 90/2002, 164/2002, 167/2007.*
- Stjórnartíðindi A. *Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 m.s.br.*
- Stjórnartíðindi A. *Hafnalög nr. 61/2003, 11/2006, 28/2007, 145/2007, 88/2010*
- Stjórnartíðindi A. *Jarðalög nr. 81/2004, 158/2006.*
- Stjórnartíðindi A. *Vatnalög nr. 15/1923, 20/2006*
- Stjórnartíðindi A. *Vegalög nr. 45/1994, 80/2007.*
- Stjórnartíðindi A. *Þjóðminjalög nr. 107/2001.*
- Stjórnartíðindi B. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, 47/2001.*
- Stjórnartíðindi B. *Mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994.*
- Stjórnartíðindi B. *Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, 450/2009.*
- Stjórnartíðindi B. *Reglugerð um hafnarmál nr. 626/2004.*
- Stjórnartíðindi B. *Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 67/2000, 1123/2005, 338/2010.*
- Stjórnartíðindi B. *Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.*
- Stjórnartíðindi B. *Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr.796/1999, 797/1999, 533/2001, 913/2003.*

Áætlanir:

- Byggðáætlun 2006–2009.*
- Endurheimt votlendis 1996–2006, skýrsla votlendisnefndar. Landbúnaðarráðuneytið 2006.*
- Ferðamálaáætlun 2006–2015.*
- Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi. Umhverfissráðuneytið 2001.*
- Kerfisáætlun Landnets 2010–2014.*
- Lánsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004–2016. Skýrslur UST–2004:14.*
- Náttúruverndaráætlun 2004–2008, 2009–2013. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.*
- Samgönguáætlun 2007–2010.*
- Staðardagskrá 21.*
- Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfissráðuneytið 2007.*
- Velferð til framtíðar. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi 2007.*

Aðal- og svæðisskipulög:

- Aðalskipulag Árborgar 2005–2025: Uppdrættir og skipulagsgreinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Vinnustofan Þverá ehf. Sveitarfélagið Árborg. Staðfest í mars 2006.*
- Aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003–2015. Staðfest í september 2005.*
- Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003–2015. Staðfest í mars 2006.*
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002–2014. Staðfest í janúar 2005.*

Aðrar heimildir:

- Byggðasafn Árnesinga. 2000. *Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum.*
- Fjarhitun hf. Hafnamálastofnun ríkisins. 1984, ágúst. *Landbrots- og flóðavarnir við Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvog.*
- Fjarhitun hf. 1990, ágúst. Hafnamálastofnun ríkisins. *Flóðaveðrið 9. jan. 1990 og sjóvarnir á svæðumsem fyrir því urðu.*
- Fjarhitun hf. 1992, desember. Skipulag ríkisins. *Skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum. 1 áfangi.*
- Fjarhitun hf. 1995, ágúst. Vita- og hafnamálastofnun, Skipulag ríkisins, Viðlagatrygging Íslands. *Lágsvæði – 2 áfangi, skipulags- og byggingarráðstafanir og sjóvarnir.*
- Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. 1990. Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifskrá, skrá um friðlýstar fornleifar.*
- Fornleifaskráning. 2005. *Meningarminjar í Árborg, svæðisskráning.*
- Fornleifaskráning. 2008, apríl. *Aðalskráning fornleifa í Árborg.*
- Hagstofa Íslands. 2010. *Þjóðskrá. Íbúaskrá Árborgar 1. desember 2009.*
- Húsafriðunarnefnd ríkisins. Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. *Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750–1970.*
- Húsafriðunarnefnd og Þjóðminjasafn Íslands. 2003. *Kirkjur Íslands. 4. bindi.*
- Lilja Árnadóttir. 1989. Þjóðminjasafn Íslands. *Eyrarbakki. Húsakönnun.*
- Línuhönnun, verkfræðistofa. 2005, júní. Sveitarfélagið Árborg, Flugmálastjórn. *Hljóðstig við Selfossflugvöll.*
- Náttúruverndarráð. 1996. *Náttúruminjaskrá, skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa, með síðari viðbótum. www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra. Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndar-áætlun 2009–2013.*
- Ólafur Arnalds, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson, Arnór Árnason. 1997. Landgræðsla ríkisins, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. *Jarðvegsrof á Íslandi.*
- Dr. Páll Imsland jarðfræðingur. 2005, febrúar. *Um náttúrufar á Árborgarsvæðinu. Náttúrufarslegar forsendur til grundvallar aðalskipulagi í Árborg og jarðfræðilegir þættir náttúrufars, náttúru- og minjaverndar.*
- Dr. Páll Imsland jarðfræðingur. 2005, apríl. *Jarðskjálftasprungureinin í Sandvíkurheiði í ljósi nýrra upplýsinga. Viðbót við greinargerð.*
- Páll Lýðsson, bóndi í Litlu Sandvík. 2004, samantekt í maí. *Saga Árborgar.*
- Siglingastofnun í samvinnu við Fjarhitun hf. 2004. *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004.*
- Skipulag ríkisins. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins. 1996. *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, með hliðsjón af dönsku SAVE aðferðinni.*
- Skipulagsstofnun. 2003, nóvember (í endurskoðun 2011). *Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, ferli og aðferðir.* Skipulagsstofnun.
- Skipulagsstofnun. 2003. *Umhverfismat áætlana – Forsendur innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins.*
- Skógrækt ríkisins og Skipulagsstofnun. 2008. *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.*
- Sveitarfélagið Árborg, framkvæmda- og veitusvið. 2004, september. *Leikskólar á Selfossi. Fjölgunarspá og mat á þörfum fyrir nýtt leikskólarými.*
- Úlfur Björnsson og Andrés Arnalds. 1998. Landgræðsla ríkisins. *Græðum Ísland.*
- Vegagerðin. 2004. *Drög að skýrslu Vegagerðarinnar um umferðarkönnun í Árborg.*

Upplýsingavefur Skipulagsstofnunar – www.skipulag.is

Upplýsingavefur Sveitarfélagsins Árborgar – www.arborg.is




ÁRBORG

Áðalskipulag 2010–2030

Sveitarfélagsuppdráttur

kvartí 1: 50000
blað 1 af 4



- Mörk þéttbýlisuppgráða í mál 1:10000 (þess landnotkun innan markanna er ætýðing til skýringar. Ígá þéttbýlisuppgráðu 2010–2030 verðandi skipulag innan þessara ramma.
- þéttbýli
- búðarvæði
- svæði fyrir húsnáðabýggingu
- búðarvæði
- opin svæði til sérstakra nota
- óbyggð svæði
- landbúnaðarsvæði
- náktuð tún, til skýringar
- hverfisvernd - fuglaflóðland
- eldstöðusvæði
- tiltekið landnotkun (búgarabýgging)
- vatn, ár og sjó
- vatnsvæðisvæði, brunnsvæði
- vatnsvæðisvæði, grunnsvæði
- vatnsvæðisvæði, flásvæði
- köðalsvæði, til skýringar
- náttúruverndarsvæði
- eldstöðusvæði
- sprungur, til skýringar
- svættislagsgrennir
- stíðvegur
- ferðavegur
- göngu- og hjólastígar
- reitstígar
- sjóvarnarsvæði
- málsgáttarmörk
- undirgöng fyrir gangandi, hjóland og ríðandi
- kirkjugarður
- höfuðstafrömmingur
- flómsvæði (flugstöðum, tré)
- reitavéi, háþrögnsvéi
- reitavéi, þakkaðal yfir 11KW
- hitavéi, stöðvæð
- vatnsvéi, stöðvæð
- hitavéi, stöðvæð



Áðalskipulag þetta er staðfest með tilliti til nýrra laga um húsnáðar mál og umhverfisáhrif þessa handvæðis sem koma undir ákveðið laga nr. 150/2000 m.a.ö.

Um samþykkingu og þjálfun málefna gegn löngulegum CO₂ (EUV 1996) á milli afvæðisráðgjafna. Öskunum (þóttuálag) FJ EKV 1998-1-1 1994 og (þóttuálag) Árborg & Hórnafellssvæði 0,40 d. st. kalla 4.3.6.

Ígá stættur getnaðs með áðalskipulagsuppdráttum.

Áðalskipulag Árborgar 2010–2030 sem auglýst hefur verið samkvæmt 16 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann _____ 2011



Áðalskipulag þetta var afgreitt af skipulagsstjórn til staðfestingar umhverfisráðgjafa þann _____ 2011

Áðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðgjafa þann _____




Vinnustofan Pverá ehf. - Skúlaströð 12 - 101 Reykjavík
Sími: 570 8888 | Netfang: pver@pver.is

Þróun: Verkefni Pverá ehf. | Stjórn: Pverá ehf. | Sími: 570 8888 | Netfang: pver@pver.is




ARBORG
 Aðalskipulag 2010–2030
 skýringaruppráttur 1 eðki í kvarða

**aðalskipulags-
 uppdrættir
 staðfestir
 þann 23.03.2006**



Vinnustofan Pverá ehf - Skólavörðungslíð 12 - 101 Reykjavík
 Væðingarmáttur skráðar FAÚ - Gunnar Þing Hagmannsen veitir PVV
 Tölvupóstur: Væðingarmáttur@Pverá.is Vinnustofan Pverá ehf - skólavörðungslíð 12 - 101 Reykjavík
 Símanúmer: 5982
 október 2011



ÁRBORG

Aðalskipulag 2010–2030
skýringaruppráttur 2 kvæði 1: 50000

eignarhald á landi



eign sveitarfélags
að fullu eða í sameign með öðrum




ríkiseign



einkaeign



Vinnustofan Pverá str. - Óskólaforing 12-131 Reykjavík
Vaka Spennu erlaun 780 • Gunnar Pj. Þorgeirsson verkfr. Pjöt.
Tilvagnsmáttur (aðal)áhrifa: Súðavíkingar erft. Höskuldur Pverá erft. - aðalstjórn@arkiv.is Höskuldur Pverá
Höskuldur Pverá erft. - aðalstjórn@arkiv.is Höskuldur Pverá
Marsí 2011




ÁRBORG
 Aðalskipulag 2010–2030
 skýringaruppráttur 3 kvæði 1: 50000

**takmarkanir
 á landnotkun**

-  **vatsverndarsvæði**
-  **flóðasvæði**
-  **náttúruminjaskrá**
-  **hverfisvernd - byggð**
-  **hverfisvernd - fuglafriðland**
-  **sprungur**
-  **forminjar skv. Fornleifaskrá**
-  **aðrar forminjar skv. aðalskráningu**
-  **sveitarfélagsmörk**



Vinnustofan Pverá ehf. - Guðavörðung 12 - 101 Reykjavík
 Væðing: Sigrún Eiríksdóttir, Páll Guðmundsson, Páll Guðmundsson
 Tölvupóstur: guðavordun@pverá.is, pver@pverá.is, pver@pverá.is
 Sími: 5902 0000
 Sími: 5902 0000



ÁRBORG
 Aðalskipulag 2010–2030
 skýringaruppráttur 4 kvæði 1: 20000
 kvæði 1: 50000


Útivist

- opin svæði**
- fuglafriðland**
- búgarðabyggð**

- sveitarfélagsmörk**
- göngu- og hjólastígar**
- reiðstígar**
- undirgöng**



Vinnustofnan Pverá ehf. - Skúlaöðung 12 - 101 Reykjavík
 Væla Einarsson arkitekt FKA - Gunnar Ing Regnsson vakti - PVF
 Tölvaugur - Verkfræðingur Stefánsson ehf.
 Vinnustofnan Pverá ehf. - arkitekt@pverak.is



ÁRBORG


Aðalskipulag 2010–2030
 skýringaruppráttur 5 kvæði 1: 50000

veitur stofnkerfi

-  rafveita, háspennulína
ásamt helgunarsvæði
-  rafveita, jarðkapall
-  hitaveita, stofnæð
-  vatnsveita, stofnæð
-  fráveita, stofnræsi
-  sveitarfélagsmörk
-  vatnsverndarsvæði,
brunnsvæði
-  vatnsverndarsvæði,
grannsvæði
-  vatnsverndarsvæði,
fjarsvæði




Vinnustofnan Ísverá ehf. • Skólavörðungur 12 • 101 Reykjavík
 Væðing og hönnun • Gunnar Ing. Högnason vett. PVF
 Hönnuð og hönnuð. Svæðisvæðing og
 Vinnustofnan Ísverá ehf. • skýringaruppráttur 5
 Hönnuð 2010



samgöngur

- stofnvegir
- tengivegir
- ⋯ göngu- og hjólastígar
- - - reiðstígar
- - - gömul þjóðleið
-) (undirgöng
- · - · - sveitarfélagsmörk






ÁRBORG
 Aðalskipulag 2010–2030
 skýringarupplýttur 7 kvartað 1:10000

Selfoss
Þéttleiki
Íbúðarsvæða

574 íbúafjöldi nú
+ 130 íbúaukning
 áætlun á reit



+ u.p.b. 5200 íbúar




Vinnustofan Póvæðing ehf. • Skólavörðungsgáta 12 • 101 Reykjavík
 Væðingarmáttur 2010 • Útgefið af Póvæðingunni ehf. PÓV
 Skýringarmáttur 2010 • Útgefið af Póvæðingunni ehf. PÓV
 Höfundur: 2010



ÁRBORG
 Aðalskipulag 2010–2030
 skýringarupptáttur 8 kvarði 1.10000


Selfoss
grunnskólar
leikskólar



grunnskóli nú
 200m radius
 grunnskóli nýr
 leikskóli nú
 leikskóli nýr



Vinnustofan Pverá ehf. - Skálaröðvíg 12 - 101 Reykjavík
 Vefsiðla: www.pverá.is • Símanúmer: 473 3333
 Tölvafræðingur: Guðrún Þ. Guðjónsdóttir
 Höfundur: 2002
 Útgáfa: 2011



ÁRBORG

Aðalskipulag 2010–2030
 skýringarupptáttur 9 kvarði 1:10000

Selfoss atvinnusvæði

-  ytri afmörkun helstu atvinnusvæða
-  verslunar- og þjónustusvæði
-  miðsvæði
-  svæði fyrir þjónustustofnanir
-  athafnasvæði
-  iðnaðarsvæði
-  fyrirhuguð íbúðarsvæði





Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÁRBORG

aðalskipulag 2010–2030

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRNAR með endanlegri skipulagsáætlun



Greinargerð bæjarstjórnar með endanlegri skipulagsáætlun

Í greinargerð þessari er fjallað um hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfissjónarmiða, umhverfisskýrslu og athugasemda við mótnun skipulagstillögu aðalskipulags Árborgar 2010–2030, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Aðalskipulagstillagan er endurskoðun aðalskipulags Árborgar 2005–2025.

Aðalskiplagstillagan var kynnt íbúum sveitarfélagsins á opnum borgarafundi á Hótel Selfossi þann 20. janúar 2010, í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga sbr. auglýsingu í Dagskránni, Sunnlenska fréttablaðinu og á heimasíðu Árborgar þann 7. janúar 2010.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn þann 11. febrúar 2010 til auglýsingar skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Þann 26. mars 2010 var tillaga að aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Í svarbréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 20. maí 2010 gerir stofnunin ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga, þegar tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem stofnunin jafnframt gerði.

Rökstudd svör voru gefin við öllum ábendingum og athugasemdum Skipulagsstofnunar og flestallt tekið til greina. Eftirfarandi er þó undantekning:

Skipulagsstofnun taldi, með tilvísun í kafla 4.9.3, að þar sem líkur væru á að efnislosunarsvæði myndu fyllast á skipulagstímabilinu þyrfti að setja fram tímaáætlun um lokun þeirra og taka svæðin út af skipulagsuppdráttum en sýna þau á skýringarmynd í greinargerð. Ekki er fallist á þessa skoðun þar sem svæðin eru enn í fullri notkun og mikilvægt er talið að íbúar séu mjög meðvitaðir um hvaða notkun fari þar fram næstu árin. Þó svo að markmiðið sé að þeim verði lokað á skipulagstímabilinu er ekki fullvíst, m.a. vegna óvissu í byggingarframkvæmdum, að þau verði fullnýtt, þátt það sé fyrirhugað. Það þjóni því hagsmunum íbúa að þau séu sýnd á aðalskipulagsuppdráttum.

Aðalskipulagstillagan, þ.e. uppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla, var þann 30. mars 2010 send eftirfarandi umsagnaraðilum og óskað svara fyrir 23. apríl 2010:

1. Sveitarfélagið Ölfus, svar dagsett 21. apríl 2010
2. Flóahreppur, svar dagsett 6. maí 2010
3. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, svar dagsett 26. apríl 2010
4. Umhverfisstofnun, svar dagsett 25. nóv. 2010
5. Fornleifavernd ríkisins, svar dagsett 23. apríl 2010
6. Húsafríðunarnefnd, svar dagsett 13. apríl 2010
7. Vegagerðin, svar dagsett 10. maí 2010
8. Flugstoðir, svar dagsett 30. apríl 2010
9. Siglingastofnun, svar dagsett 26. apríl 2010
10. Náttúruverndarráð, ekki hefur borist svar
11. Kirkjugarðaráð, ekki hefur borist svar

Fram kemur í kafla 2.4 í skipulagsgreinargerð aðalskipulagsins hvort athugasemdir voru gerðar og hvar brugðist var við þeim í viðkomandi köflum skipulagsgreinargerðar.

Þann 10.09.2010 var tillagan auk þess send til eftirfarandi aðila og svara óskað fyrir 8.10.2010:

12. Landsnet, ekki hefur borist svar
13. Skógrækt ríkisins, svar dagsett 7. október 2010
14. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, svar dagsett 8. okt. 2010

Skógrækt ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands svo og Umhverfisstofnun var svarað um leið og almennum athugasemdum á auglýsingatíma var svarað.

Aðalskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 í Lögbirtingi, Fréttablaðinu og Dagskránni frá 9. desember 2010 til 6. janúar 2011, með athugasemdafresti til 20. janúar 2011. Skipulagstillagan, þ.e. allir uppdrættir aðalskipulagsins ásamt skýringaruppdráttum og skipulagsgreinargerð með umhverfisskýrslu, lá frammi í Ráðhúsi Árborgar og á Skipulagsstofnun á auglýsingatíma. Einnig voru öll framantalin gögn aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sjö athugasemdabréf bárust innan tilskilins frests, sem flest fjölluðu um legu reiðvega, auk undirskriftalista frá 21 einstaklingi, um uppfyllingu í vík í Ölfusá.

Samantekt athugasemda á auglýsingatíma og viðbrögð við þeim:

1. Athugasemdir varðandi reiðstíga frá Hestamannafélaginu Sleipni

undirritað af Þórdísi Ólöfu Viðarsdóttur, formanni hestamannafélagsins og Einari Hermundssyni formanni reiðveganefndar Sleipnis. Fylgiskjal með merkingu leiða fylgir erindinu.

- 1) Óskað er eftir að núverandi reiðvegur meðfram hesthúsahverfi frá Gaulverjabæjarvegi að Suðrhólavegi verði festur í aðalskipulagi.
- 2) Óskað er eftir að merkt leið meðfram Suðrhólavegi að vegamótum Suðrhólavegar og Lækjamótavegar verði fest í aðalskipulagi.
- 4) Einnig að fá inn á aðalskipulag núverandi reiðleið sem lögð var utan um keppnis-svæði Sleipnis við Brávelli og tengir hesthúsahverfið til beggja enda.

Svar: Allar þessar reiðleiðir eru inni á auglýstri aðalskipulagstillögu og verða það áfram.

- 3) Óskað er eftir að fá aftur inn á skipulag gamla reiðleið frá Suðrhólavegi til suðvesturs meðfram Tjarnarhverfi, með góðu aðgengi yfir Suðrhólaveg nálægt Lækjarmótavegi.

Svar: Ekki er orðið við beiðninni þar sem umræddur vegur myndi liggja beint í gegnum skipulagða íbúðabyggð. Reiðvegakafli sem tilgreindur er undir lið 2 er ætlað að koma í stað þessarar leiðar til að bæta aðgengi hestamanna út úr hverfinu.

- 5) Mótæmt er þeirri fyrirætlan að taka út reiðveg frá Suðrhólavegi að Eyrarbakka-vegi. Bent er á að skipuleggja mætti reiðveg frá vegamótum Suðrhólavegar-Lækjamótavegar til vesturs og meðfram mörkum Bjarkar og Jórvíkur.

Svar: Orðið er við tillögunni að hluta og reiðvegur settur á skipulagið meðfram Suðrhólavegi að afleggjaranum að mörkum Bjarkar og Jórvíkur. Vegurinn sveigir svo meðfram mörkunum að Votmúlavegi.

2. Athugasemd varðandi reiðstíga frá Sigurði Grímssyni og Jónu Ingvarsdóttur ábúendum á lögbýlinu Fossmúla sunnan Suðurhóla.

Gerð er athugasemd við að reiðstígur meðfram Suðurhólum, milli Tryggvagötu og Lækjarmótavegar, sé ekki lengur á skipulagi. Einnig er gerð tillaga um að reiðstígur liggi áfram vestur með Suðurhólum í átt að Björk og tengist reiðstíg með Eyrarbakkegi.

Svar: Báðar athugasemdirnar eru teknar til greina. Reiðstígur með Suðurhólum milli Tryggvagötu og Lækjarmótavegar er færður inn og einnig reiðstígur meðfram Suðurhólavegi að afleggjaranum að mörkum Bjarkar og Jórvíkur. Stígurinn sveigir svo meðfram mörkunum að Votmúlavegi.

3. Athugasemdir varðandi reiðstíga frá Hannesi Þór Ottesen

Gerð er athugasemd við að reiðstígur sé settur meðfram Suðurhólavegi í landi Dísarstaða og óskað eftir því að hann verði tekinn af aðalskipulagi.

Svar: Sveitarfélagið Árborg getur ekki orðið við framangreindri athugasemd. Bent er á að ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir framangreint svæði. Umrætt landsvæði er í mikilli nálægð við skipulagt hesthúsahverfi. Komi til deiliskipulags á svæðinu má búast við því að tekið verði mið af þeirri staðreynd.

Hliðsjón af athugasemdum á auglýsingatíma varðandi reiðstíga:

Meðan á vinnslu aðalskipulagsins stóð var náð samráð haft við hóp reiðmanna varðandi legu reiðstíga. Þrátt fyrir það komu á auglýsingatíma fram beinar tillögur um breytta legu, sérstaklega í nálægð og umhverfis hesthúsabyggðina á Selfossi. Þar sem athugasemdir voru að hluta samhljóma var tekið tillit til þeirra ef þær voru ekki í andstöðu við almenna hagsmuni íbúa og ekki í mótsögn við aðrar ákvarðanir aðalskipulagsins. Bréfiturum var í svörum bent sérstaklega á kafla 4.15.6 um reiðstíga í skipulagsgreinargerð aðalskipulagsins og að reynt hafi verið að taka tillit til sem flestra framkominna athugasemda, en aldrei sé svo að öllum líki, þar sem taka þurfi tillit til fjölda sjónarmiða sem oft stangist á.

4. Athugasemd varðandi húsakönnun frá Lýði Pálssyni safnstjóra Byggðasafns Árnesinga

Bréfitari bendir á mikilvægi varðveislu gamalla húsa á Stokkseyri. Verið sé að leggja síðustu hönd á greinargerð og kort um varðveislumat og umfangsmeiri hverfisvernd en fram komi í aðalskipulaginu. Lagt er til að vinna við bæjar- og húsakönnun á Stokkseyri verði höfð til hliðsjónar við endurskoðað aðalskipulag.

Svar: Það er stefna sveitarfélagsins að við skipulagsvinnu bæði varðandi aðalskipulag og deiliskipulag verði eftir fremsta megni höfð hliðsjón af bæja- og húsakönnun á Stokkseyri.

Athugasemdin hefur ekki áhrif á aðalskipulagstillögunu.

5. Athugasemd varðandi athafnasvæði á bökkum Ölfusár frá Kristínu Þórarinsdóttur

Athugasemdin lýtur að því hvort til standi að festa í sessi svæði sem Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hefur gert að sínu athafnasvæði á bökkum Ölfusár. Margvísleg rök eru færð gegn þeirri starfsemi.

Svar: Tekið er undir athugasemdina en bent á að samkvæmt auglýstri aðalskipulagstillögu er umrætt svæði ekki fest í sessi heldur fært á svokallaða Sandvíkurheiði, sem liggur mun sunnar og nær Eyrarbakkavegi.

Athugasemdin hefur ekki áhrif á aðalskipulagstillöguna.

6. Athugasemd varðandi byggingarreiti á miðsvæði frá Sigurði Sigursveinssyni

Bréfritari leggur til að texti í kafla 4.10 um miðsvæði verði eftirfarandi: „Við gerð deiliskipulags byggingarreita á miðsvæði skal við það miðað að aðkeyrsla/aðkoma að baklóðum húsa við Austurveg verði ekki frá aðliggjandi íbúðagötum.“

Svar: Ekki er unnt að verða við framangreindri tillögu þar sem nokkur fordæmi eru fyrir því að aðkeyrsla/aðkoma að baklóðum húsa við Austurveg sé frá aðliggjandi íbúðagötum. Má þar m.a. nefna aðkomu frá Tryggvagötu beggja megin Austurvegar inn á baklóðir húsa við Austurveg og aðkomu frá Fagurgerði að baklóðum húsa við Austurveg. Hins vegar er það stefna sveitarfélagsins að tekið verði mið af hagsmunum og þörfum íbúa eftir því sem frekast er unnt við gerð deiliskipulags svæðisins.

Athugasemdin hefur ekki áhrif á aðalskipulagstillöguna.

7. Athugasemdir varðandi gönguþverun, reiðleið yfir brú og undirgöng og breytta legu Gaulverjabæjarvegar frá Erlingi Jónssyni, Suðvestursvæði Vegagerðarinnar

1) Bréfritari telur gönguþverun Hringvegar vestan Ölfusár geta verið betur borgið 100–200 m vestar en gert er ráð fyrir, vegna hæðarlegu stígs norðan við veg.

Svar: Bent er á að skv. aðalskipulagstillögu er ekki um gönguþverun að ræða á þessum stað heldur undirgöng. Legu undirgangnanna er því ekki breytt en við hönnun þeirra ákvarðast nákvæm staðsetning m.a. út frá hæðarlegu og öðrum aðstæðum á staðnum.

2) Gerð er athugasemd við reiðleið norðanmegin yfir hina komandi Ölfusárbrú, en gönguleið sýnd með réttu að sunnanverðu. Bent er á mikinn kostnaðarauka við aðskilnað göngu- og reiðleiðar.

Svar: Orðið er við athugasemdinni og reiðleiðin sameinuð gönguleiðinni sunnanmegin.

3) Bent er á að undirgöng reiðvegar á Eyrarbakkavegi móts við Stokkseyrarsel kunni að vera erfið í framkvæmd sökum landfræðilegra aðstæðna, einkum grunnvatnsstöðu, og einnig vegna lagna á svæðinu.

Svar: Sveitarfélaginu er að fullu kunnugt um þau vandkvæði sem kunna að vera á þessari framkvæmd, en á þeim verði tekið þegar og ef af framkvæmdinni verður. Þessi staðsetning er talin sú heppilegasta m.t.t. tengsla hesthúsasvæða, búgarðabyggða og reiðleiða sveitarfélagsins.

- 4) Ítrekuð er athugasemd við breytingar á Gaulverjabæjarvegi við vestanverða innkomuna á Stokkseyri, bæði frá 21. apríl 2010 og mars 2007.

Svar: Sveitarfélagið bendir á að lega Gaulverjabæjarvegur á umræddu svæði er samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Árborgar 2005-2025, ekki hefur verið gerð breyting á veginum í auglýstri aðalskipulagstillögu, þótt íbúðasvæði norðan vegarins hafi verið stækkað. Ef kemur til deiliskipulags á umræddu íbúðasvæði verður haft samráð við Vegagerðina um tilfærslu vegarins, sem enn hefur ekki verið framkvæmd.

Hliðsjón af athugasemdum á auglýsingatíma varðandi reiðleið yfir brú:

Reiðleið norðanmegin yfir hina komandi Ölfusárbrú hefur á þéttbýlisuppdrætti Selfoss verið sameinuð gönguleiðinni sunnanmegin.

8. Undirskriftalisti varðandi uppfyllingu í vík í Ölfusá frá 21 íbúa við Starmóa

- 1) Íbúar við Starmóa í Fosslandi mótmæla harðlega fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi þar sem gert sé ráð fyrir að vík í Ölfusá neðan við Fossland verði fyllt og benda á sparkvöll við enda svæðisins. Rök eru færð fyrir óþægindum af völdum losunar jarðvegs, moldfoki o.fl.

Svar: Þess misskilnings gætir að verið sé að leggja til landfyllingu í vík við Ölfusá í auglýstri aðalskipulagstillögu. Fram kemur í kafla 4.3.6 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar að árfarvegur sé síbreytilegur og rof háð því hvoru megin rennsli árinna er hverju sinni. Vestan Fosslands séu leir- og sandeyrar sem flæði yfir á flóðum. Mikið moldrok hafi verið frá eyrunum en sjálfsáinn gróður hafi bundið moldrokið töluvert. Í tillögunni var gert ráð fyrir áframhaldandi uppgræðslu til að minnka moldrokið og að svæðið yrði jafnframt nýtt fyrir útivist, en ekki gert ráð fyrir manngerðri uppfyllingu. Því var það svæði í vikinni sem fyllst hefur upp með sandburði og sjálfsánum gróðri á undanförunum árum afmarkað á uppdráttum aðalskipulagstillögunnar og það skilgreint sem framhald opins svæðis til sérstakra nota. Jafnframt var í kafla 1.4 tilgreint undir lið 8 um breytingar á þéttbýlisuppdrætti Selfoss: „Víkin norðan stofnanareits í Hagalandi, vestan Fosslands, verði grædd upp til að hefta sandfok sbr. kafla 4.3.6.“ Vegna mikillar andstöðu íbúa er orðið við athugasemd þeirra og víkin gerð óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi.

- 2) Íbúar benda á að framkvæmd auglýsingar á breyttu aðalskipulagi hafi verið ábótavant þar sem venjulegar heimilistölvur geti ekki opnað gögn sem lögð séu til grundvallar breytingunum.

Svar: Aðalskipulagstillagan var auglýst samkvæmt lögum og reglum og lá frammi í útprentuðu formi bæði í Ráðhúsi Árborgar og hjá Skipulagsstofnun. Auk þess voru öll gögn á heimasíðu Árborgar. Gögn á tölvutæku formi sem sett eru á netið eru venjulega ekki í fullri upplausn til þess að þau séu ekki of þung, en ekki er unnt að skerða gæði þar um of. Hafi heimilistölvur ekki getað opnað þau gögn, einhverra hluta vegna, var unnt að skoða þau útprentuð í fullum gæðum á áður-nefndum stöðum. Ekki er fallist á að framsetningu gagna hafi verið ábótavant.

Hliðsjón af athugasemdum á auglýsingatíma varðandi vík í Ölfusá:

Víkin er gerð óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi og sýnd sem hluti Ölfusár, sem er breyting á auglýstri aðalskipulagstillögu. Lagt er mat á þessa breytingu eftir auglýsingu tillögunnar í kafla um umhverfissjónarmið og niðurstöðu umhverfisskýrslu hér að aftan.

Eftirfarandi umsögnum var ekki búið að svara þegar aðalskipulagstillagan var auglýst:

9. Umsögn frá Skógrækt ríkisins, Hallgrími Indriðasyni, dags. 07.10.2010

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við aðalskipulagstillöguna en nokkrar ábendingar settar fram varðandi lagagreinar um skógrækt, meðferð skóga, skógruðning, skógareyðingu, hugsanlega tilkynningarskyldu til mats á umhverfis-áhrifum, samstarf við mótvægisáðgerðir o.s.frv.

Svar: Tekið er undir ábendingar.

Ábendingarnar hafa ekki í för með sér breytingar á aðalskipulagstillögu.

10. Umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Birgi Þórðarsyni, dags. 08.10.2010

- 1) Gerð er athugasemd við að kafla 4.14.2 um fráveitu sé settur fram án tillits til reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp, en þar komi fram ýmis ákvæði og tímafrestir um framkvæmdir sem ekki hafi verið unnið nægjanlega markvisst að í Árborg, þrátt fyrir kvartanir íbúa. Gera þurfi grein fyrir hvernig og hvenær ákvæðum reglugerðarinnar verði uppfyllt. Jafnframt þurfi að koma fram að viðtakinn Ölfusá flokkist í dag sem viðkvæmur viðtaki og kröfur um hreinsun séu í samræmi við það.

Svar: Bent er á að unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins. Mannvit verkfræðistofa gerði í apríl 2009 skýrslu um meðhöndlun fráveituvatns, tillögur og áætlun um kostnað. Tryggvi Þórðarson vann í maí 2010 skýrslu um mengunarflokkun Ölfusár. Sveitarfélagið vinnur nú að ákvörðunartöku um framangreind fráveitumál og hvenær hreinsun hefst. Þeirri vinnu verður hraðað svo sem frekast er unnt. Með hliðsjón af framansögðu er eftirfarandi bætt inn í kafla 4.14.2 í greinargerð: „Unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að hreinsa allt skólp áður en því er veitt í viðtaka. Eldri útrásir verða sameinaðar í eina útrás í hreinsi- og dælistöðvar sem verða reistar við hvern þéttbýlisstað. Í byrjun verður um síun grófra efna úr skólpinu að ræða en pláss verður tekið frá fyrir lífræna hreinsun.“

- 2) Gerð er athugasemd við kafla 4.7.2 um búgarðabyggð og lagt til að atvinnuhættir þar verði skilgreindir í víðari og raunsannri merkingu í ljósi reynslu.

Svar: Skilgreining atvinnuhátta í búgarðabyggð er óbreytt frá gildandi aðalskipulagi Árborgar 2005–2025 og ekki stendur til að gera breytingar þar á.

Hliðsjón af athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands varðandi fráveitur:

Viðbót er bætt við kafla 4.14.2 um fráveitur í greinargerð.

11. Umsögn frá Umhverfisstofnun, Ólafi A Jónssyni og Jóhönnu Björk Weissappel, dags. 25.11.2010

- 1) Umhverfisstofnun telur umhverfismat aðalskipulagstillögu vel unnið og ítarlegt og tekur undir mat á vægi áhrifa á valda umhverfisþætti í matsköflum. Stofnunin bendir þó á að meta mætti umhverfisáhrif landfyllingar í vík við Ölfusá.

Svar: Þess misskilnings gætir að verið sé að leggja til landfyllingu í vík við Ölfusá sbr. svar við lið 8, undirskriftalista íbúa um sama mál.

- 2) Umhverfisstofnun bendir á að fram komi í greinargerð aðalskipulagstillögunnar að verið sé að skoða tvo valmöguleika á staðsetningu göngubrúar yfir Ölfusá og að ákvörðun um legu brúarinnar hafi ekki verið tekin. Stofnunin leggst gegn því að göngubrú verði lögð yfir Jórúklett í Ölfusá en lýsir jafnframt áhyggjum af því að gönguleið rétt norðan við núverandi Ölfusárbrú, eins og legan er sýnd á aðalskipulagsupprætti, fari yfir svæði á náttúruminjaskrá nr. 748.

Svar: Sveitarfélagið tekur undir andstöðu Umhverfisstofnunar við lagningu göngubrúarinnar yfir Jórúklett og bendir á umhverfismat og samanburð mögulegra staða setninga hennar í kafla 6.10.5 í umhverfismati greinargerðar aðalskipulagstillögunnar. Þar kemur greinilega fram það mat að syðri valkostur göngubrúar, þ.e. við Ölfusárbrú en ekki yfir Jórúklett, sé betri, enda sú staðsetning sett fram í tillögunni. Einnig er í umhverfismatinu bent á mikilvægi þess að taka tillit til hraunbollanna við endanlega hönnun, en gera má það á jákvæðan hátt með því að þeir verði áhugaverð upplifun á gönguleiðinni.

- 2b) Umhverfisstofnun bendir á að skv. endurskoðuðu aðalskipulagi sé gert ráð fyrir nýju svæði fyrir grunnskóla austast á Eyrarbakka og nýjum íbúðabyggðum við fjöruna vestast bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri og bendir jafnframt á að þess skuli vandlega gætt að ekki verði farið inn á vernduðu svæðin, þ.e. Gamla-Hraun og nágrenni nr. 777 og fjörunar nr. 750.

Svar: Þess misskilnings gætir að hér sé um ný svæði að ræða, þessum svæðum hefur ekki verið breytt við endurskoðunina að öðru leyti en því að íbúðabyggð við fjöruna vestast á Eyrarbakka var felld burt í endurskoðuninni. Nýr grunnskóli á Eyrarbakka er skv. endurskoðuðu aðalskipulagi ofan byggðarinnar en gamla skólasvæðið austast á Eyrarbakka er óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi. Tekið er undir mikilvægi þess að við allar framkvæmdir á svæðum við vernduðu svæðin verði gætt fyllstu varúðar og tillits til vernduðu svæðanna.

- 3) Umhverfisstofnun telur ekki koma nógu skýrt fram í endurskoðuðu aðalskipulagi hvort lítt eða óröskuðu votlendi á þeim svæðum, þar sem búgarðabyggð verði felld niður og þeim breytt í landbúnaðarsvæði, verði hlíft. Einnig er bent á lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerð nr. 583/2000 um að ræktun og dreifing innfluttra plöntutegunda sé bönnuð á slíkum svæðum. Stofnunin telur brýnt að nákvæm og tímasett stefna um endurheimt votlendis verði útbúin sem fyrst þar sem fram komi staðsetning svæða sem endurheimta á og hvenær stífla eigi skurði.

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á það sem fram kemur í kafla 4.2.6 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar um votlendi en þar er fjallað um fyrirhugaða endurheimt þess og segir m.a.: „*Allt land Árborgar er á votlendissvæði nema Sandvíkurheiði, fjörukamburinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, þéttbýlið á Selfossi, nokkrir bæjarhólar sem standa hærra en landið umhverfis, hlíðar Ingólfsfjalls og grágrýtisholtin vestan Ölfusár. Af þeim mikla fjölda votlendissvæða sem eru í sveitarfélaginu eru þrjú sem sérstök ástæða er til að vernda vegna fuglalífs, sjaldgæfrar votlendisgerðar og óvenjulegs gróðurfars og dýralífs. Þessi svæði eru fjaran og skerjagarðurinn, flæðiengjar frá Óseyrarnesi að Straumnesi við Ölfusá og tjarnarsvæði milli Gamla-Hrauns og Stokkseyrar, og er mestur hluti þeirra í aðalskipulagi fuglafríðland með hverfisvernd sbr. kafla 4.4.5 og 4.4.6, sem felur m.a. í sér endurheimt votlendis þessara svæða. Jafnframt eru svæðin á náttúruminjaskrá. Miklu af votlendi Flóans hefur verið spillt með framræslu og þarf að marka frekari stefnu um endurheimt þess.*“ Farið verður eftir lögum og reglum við þá stefnumörkun.

- 4) Varðandi frístundabyggðir við vötn austan Stokkseyrar bendir Umhverfisstofnun á ýmis lög og reglugerðir sem um slíkar byggðir gilda og setur fram ábendingar um deiliskipulög slíkra svæða.

Svar: Sveitarfélagið áréttar að lög verða virt við allar framkvæmdir á svæðunum.

- 5) Varðandi uppgræðslu á eyrum og landfyllingu við Ölfusá bendir Umhverfisstofnun á að leirur njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og er ræktun og dreifing innfluttra plöntutegunda bönnuð á slíkum svæðum, sbr. reglugerð nr. 583/2000.

Svar: Fyrirhugað var að fara eftir lögum og reglum um plöntuval við uppgræðsluna sem nú hefur verið hætt við, en landfylling var ekki fyrirhuguð á svæðinu, sbr. svar við lið 1) hér að framan.

- 6) Varðandi flugvöll og akstursípróttasvæði bendir Skipulagsstofnun á að í hljóðstigsútreikningum sé um reiknað hljóðstig að ræða, en líkur séu á að hljóðstig innan íbúðarsvæða fari yfir viðmiðunarmörk og bendir á þann kost að útbúa hljóðmön milli flugvallarsvæðis og íbúðarsvæðis austan þess. Einnig er tekið undir mikilvægi þeirra mótvægisáðgerða sem settar eru fram í umhverfisskýrslu.

Svar: Í kafla 6.10.5 í umhverfisskýrslu er lagt mat á flugvöllinn og þar lagðar til fjölmargar mótvægisáðgerðir gegn hávaða, m.a. hljóðmanir og aukin hljóðeinangrun húsa á íbúðarsvæðum, auk ýmissa takmarkana á notkunartíma flugvallar og aksturípróttasvæðis. Reiknað er með að þær mótvægistillögur verði lagðar til grundvallar við deiliskipulag íbúðarsvæðisins, auk þess sem lög verði virt við allar framkvæmdir á svæðunum.

- 7) Varðandi vatnsvernd bendir Umhverfisstofnun á að ekki komi fram í endurskoðuðu aðalskipulagi hvort viðkvæm svæði og menguð svæði í sveitarfélaginu hafi verið kortlögð í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns sbr. umsögn stofnunarinnar þann 4. ágúst 2005 við drög að aðalskipulagi Árborgar 2005–2025. Stofnunin minnir á að kortleggja á slík svæði sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Svar: Á vegum framkvæmdasviðs sveitarfélagsins er nú verið að vinna að endurnýjun girðinga við brunnsvæði og frekari vatnsöflun og vatnstöku og því samhliða kortlagningu svæða sem varða vatnsvernd.

- 8) Varðandi fráveitu bendir Umhverfisstofnun á að ekki komi fram hvort mat á hæfni Ölfusár sem viðtaka til að taka við og eyða skólpi hafi farið fram og bendir á fyrri umsagnir lög og reglugerðir í því sambandi.

Svar: Vísað er til athugasemdar 10 frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og svara við þeirri athugasemd um sama mál.

Hliðsjón af athugasemd Umhverfisstofnunar varðandi vík við Ölfusá:

Sjá hliðsjón af athugasemd 8 hér að framan.

Hliðsjón af athugasemd Umhverfisstofnunar varðandi fráveitur:

Sjá hliðsjón af athugasemd 10 hér að framan.

Samantekt breytinga og afgreiðsla eftir auglýsingu aðalskipulagstillögu

Skipulags- og byggingarnefnd afgreiddi svör við framkomnum athugasemdum og ósvörðum fyrri athugasemdum frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 27. apríl 2011. Skipulagstillagan var endurskoðuð með tilliti til framkominna athugasemda bæði Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila og afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar á framkomnum athugasemdum send bæjarstjórn. Eftirfarandi breytingar eru samþykktar frá auglýstri aðalskipulagstillögu:

1. Fallist var á að breyta legu reiðleiða í og við þéttbýli Selfoss.
2. Fallið er frá breytti skilgreiningu landnotkunar í vík í Ölfusá neðan við Fossland.
3. Nánari skýringu á stefnu í fráveitumálum er bætt inn í kafla 4.14.2 í greinargerð.

Aðalskipulagið var síðan tekið til seinni umræðu í bæjarstjórn og samþykkt samhljóða 18. maí 2011, ásamt tillögu að svörum vegna framkominna athugasemda.

Samþykktar breytingar voru gerðar á aðalskipulagstillögunni og hún send Skipulagsstofnun þann 12. ágúst 2011 skv. 5. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með ósk um staðfestingu til umhverfisráðuneytisins. Stofnunin gerði athugasemd við að ekki hafi öll nauðsynleg gögn fylgt erindinu og að niðurstaða sveitarstjórnar hafi ekki verið auglýst sbr. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga. Brugðist var við þeirri athugasemd með auglýsingum í Fréttablaðinu og í Dagskránni þann 6. október 2011.

Áhrif athugasemda á auglýsingatíma á aðalskipulagstillöguna:

Ekki er talið að þær breytingar sem gerðar eru eftir auglýsingu tillögunnar til að koma á móts við athugasemdir hafi áhrif á aðra þætti skipulagstillögunnar en þá sem breytt hefur verið samkvæmt framangreindum svörum við hverja athugasemd fyrir sig.

Lagt er mat á þá breytingu sem gerð er á skilgreiningu víkur og eyrum við Ölfusá nálægt Fosslandi í eftirfarandi kafla.

Umhverfissjónarmið og niðurstaða umhverfisskýrslu

Við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulags Árborgar eru öll almenn stefnumið aðalskipulagsins metin. Þeir þættir sem öðrum fremur eru taldir geta valdið áhrifum á umhverfið eru náttúruþættir, þróun byggðar, þróun atvinnusvæða þ.m.t. athafnasvæða, staðsetning þjónustustofnana og samgöngur.

Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd áætlunarinnar eru metnir í átta flokkum ásamt undirflokkum og þeim viðmiðum sem gilda um hvern umhverfisþátt. Flokkarnir eru lífríki, jarðmyndanir, vatn og sjór, andrúmsloft og veðurfar, samfélag, heilsa og öryggi, náttúru- og menningarmínjar og landslag. Við matið var tekið tillit til þeirra umhverfisverndarmarkmiða og umhverfissjónarmiða, sem sett eru fram í viðmiðum og stefnuskjölum.

Flestar breytingar sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi eru þess eðlis að umhverfisáhrif þeirra eru ekki umtalsverð, hvorki afgerandi jákvæð eða afgerandi neikvæð. Þó má segja að áhrif endurskoðaðs aðalskipulags séu í aðalatriðum jákvæð fyrir samfélagið. Ekki er talið að neinir umhverfisþættir verði fyrir verulegum áhrifum vegna þeirra breytinga sem gerðar eru með endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2010–2030. Ef líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum vegna framkvæmda áætlunarinnar getur verið ástæða til vöktunar og skal hún þá ákveðin í deiliskipulagsvinnu og/eða í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

Eftir athugasemdaferli var breyting gerð á skipulagsuppdrætti vestan Fosslands á Selfossi. Þar er vík við Ölfusá sem í eru leir- og sandeyrar sem flæðir yfir í flóðum. Framburður árinna hefur hlaðið flæðiland þetta upp á náttúrulegan hátt og valdið nokkru staðbundnu sandfoki yfir nálægða byggð. Á sandsléttunni hefur sjáfsprottinn gróður náð að festa rætur og er á góðri leið með að græða upp þessa náttúrulegu uppfyllingu vogsins. Á auglýstum skipulagsuppdrætti var þetta nýja land sýnt með grænum lit, þ.e. sem hluti af aðliggjandi grænu svæði sem skipulagt er til sérstakra nota. Þetta var breyting frá fyrra skipulagi þar sem flæðilandið var sýnt sem hluti af ánni. Athugasemdir bárust vegna þessarar breytingar og í samþykktum uppdrætti eru mörk Ölfusár færð til fyrra horfs. Við umhverfismat þessarar breytingar á uppdrætti telst sú framsetning sem nú er sýnd því núllkostur. Engu er breytt frá staðfestu aðalskipulagi og engin ígrip eru fyrirhuguð til uppgræðslu eða styrkingar þessa nýja lands.

Mat á umhverfisáhrifum þeirrar ákvörðunar að aðhafast ekkert er nokkurri óvissu háð. Óvíst er hvenær Ölfusá gæti flætt yfir eyrarar eða sópað þeim burt. Áin gæti skolað burtu þeim gróðri sem náð hefur að skjóta rótum eða grafið hann í enn meiri framburði. Sá framburður gæti svo valdið meira sandfoki en nú er. Eins gæti gróðurinn náð sér verulega á strik, grætt upp melinn og dregið úr sandfoki. Hvoru tveggja væri þó náttúruleg þróun sem ómögulegt er að spá fyrir um. Í öllu falli fær náttúran að njóta vafans. Ófyrirséðar breytingar á árbakkanum fá að hafa sinn gang hvort sem áhrifin geti talist jákvæð eða neikvæð fyrir alla þá flokka umhverfisþátta sem umhverfismatið nær til.

Samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Árborgar þann 18. okt. 2011
Samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann 9. nóv. 2011


Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Árborgar



